

EVA LIND OLIVERSDÓTTIR

Komst í tæri við mannætuhákarla

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



JÓLAGJÖFIN HENNAR

Skart, græjur, bækur og íslensk hönnun

Sérblaðið Jólagoðin hennar
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Hólsfjallahangikjötið



Pín verslun Vesturbergi Kassinn Ólafsvík Pín verslun Melabúðin Kostur Njarðvík Pín verslun Seljabraut



PITT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. desember 2009 – 296. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Stór umfjöllun í Politiken

Þórarinn Leifsson trúði ekki sínum eigin augum.

FÓLK 50



Hleypur maraþon

Elísabet Margreisdóttir hefur fimm sinnum hlaupið maraþon.

FÓLK 50



Orkunýting og útblástur

„Ráðstefnan þarf að komast að róttækum niðurstöðum sem viðtæk sátt mun ríkja um“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 24


HK burstaði meistarana

HK vann 26-19 sigur á toppliði Hauka í N1-deild karla í gær.

ÍPRÓTTIR 46



VEÐRIÐ Í DAG



Hægviðri í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt um allt land. Norðan til verður heldur skýjað, vestanlands skýjað með köflum en horfur eru á bjartasta veðrinu sunnan og suðaustanlands.

VEÐUR 4

Fjárreiður Álftaness á borði ríkisstjórnar

Álftanes skuldar sex og hálfan milljarð króna eða um fimmfalt meira en tekjur bæjarsjóds. Ríkisstjórnin ræðir málið í dag. Sveitarfélagið gæti verið svipt fjárforræði. Hækkun gjalda er líkleg og fjárstyrkur úr jöfnunarsjóði er mögulegur.

STJÓRN MÁL Vonlítill fjárhagsstaða sveitarfélagsins Álftaness er á dagskrá fundar ríkisstjórnarinnar í dag. Skýrsla sem eftirlitsnefnd með fjárreiðum sveitarfélaga gerði um fjármál Álftaness var tilbúin 7. desember. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafnaði því í gær að afhenda afrit skýrslunnar. „Skýrsla um stöðu fjármála sveitarfélagsins Álftaness verður gerð opinber í kjölfar fundar ríkisstjórnarinnar á morgun en þar ráðgerir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að kynna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og þau úrræði sem hugsanlega verður gripið til

í því skyni að aðstoða sveitarfélagið,“ svaraði ráðuneytið. Kristján L. Möller ráðherra sagði málið enn í vinnslu. Hann myndi tjá sig um það síðar. Skuldir Álftaness eru um 6,5 milljarðar króna. Sú upphæð er um fimmfaldar árstekjur bæjarsjóds. Afar þung í skauti er ný sundlaug sem bærinn þarf að borga yfir 200 milljónir króna í leigu fyrir á næsta ári þrátt fyrir að nú hafi náðst að semja um lækkun leigunnar. Pálmi Músson bæjarstjóri sagði í gær að skýrslan hefði verið afhent bæjarstjórninni í trúnaði. Efni hennar var rætt á fundi stjórnar

Sambands sveitarfélaga á föstudag og á bæjarráðsfundum á Álftanesi á föstudag. Til greina kemur að álögur á íbúa Álftaness verði hækkaðar tímabundið um 25 prósent og að Álftanes fái styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sameining við önnur sveitarfélög er líka valkostur. Einnig er mögulegt að ráðuneytið taki síðar yfir fjármál sveitarfélagsins því ljóst sé að ekki rættist úr þeim í bráð og að sveitarstjórnin hafi vanrækt svo skyldur sínar að vandræði hafi af hlotist, fjármála- og stjórnmál stjórnin verði í ólestri og aðrar ráðstafanir muni ekki duga.

- gar



Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU Jón Viðar við búið sem sett var upp í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bardagaíþróttafélagið Mjólnir: Flutti inn fyrsta bardagabúrið

ÍPRÓTTIR Fyrsta bardagabúrið sem ætlað er til æfinga í blönduðum bardagaíþróttum hefur verið flutt til landsins af félaginu Mjólni.

„Þetta snýst aðallega um öryggi,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður félagsins. Búrinu, sem er átthyrnt, er ætlað að forða mönnum frá því að reka sig utan í vegg og fólk við æfingarnar.

Mikill áhugi er á bardagaíþróttum og hefur félagsmönnum Mjöltnis fjölgað mikið. Því var farið í að stækka æfingasal Mjöltnis úr 130 fermetrum upp í 330. Sáu félagsmenn Mjöltnis sjálfir um endurbæturnar.

- sg / sjá Allt

Stefán Karl Stefánsson: Bauð Tiger Woods á Trölla

FÓLK Stefán Karl Stefánsson hefur leikið í fimmtíu sýningum af söngleiknum Trölla í Pantagesleikhúsinu í Los Angeles. Enn er nóg eftir því hann þarf að klæðast græna gallanum alls þrjátíu sinnum áður en sýningum lýkur þriðja í jólum.

Fjöldi stórstjarna hefur lagt leið sína í leikhúsið og horft á Stefán leika listir sínar, meðal annars Ben Stiller. Stefán Karl gerðist síðan svo djarfur að bjóða sjálfum Tiger Woods í beinni útsendingu á sjónvarpsstöð fyrir spænskumælandi.

- fgg / sjá síðu 50



REYNT AÐ NÁ EYRUM LEIÐTOGANA Á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn sat þessi kona á hestbaki, klædd sem Dauðinn, einn hinna fjögurra reiðmanna úr Opinberunarbók Jóhannesar. Konan var þarna á vegum Greenpeace. NORDICPHOTOS/AFP

Ísinn á Grænlandi og Norðurskautinu bráðnar hraðar en talið var: Fátæku ríkin gengu af fundi

UMHVERFISMÁL Fulltrúar fátækari ríkja gengu af fundi á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn og hættu öllu starfi í ráðum og nefndum. Aðgerðin naut stuðnings 135 landa, þar á meðal allra þróunarríkjana, Kína og Indlands. Ágreiningurinn snýst sem fyrr um hvort þróunarríki fái meira svigrúm til útblásturs gróðurhúsalofttegunda en ríkar lönd, þar sem þau síðarnefndu hafi notið gróðans af mengun síðan í iðnbýltingu, án þess að greiða krónu fyrir. Þegar leið á daginn tókst að fá fulltrúa aftur að samningaborðinu, en

enn er óljóst hver niðurstaða samninganna verður. Ný skýrsla sem heimskautaráðið kynnti í gær sýnir að íshellan á Grænlandi og ísinn á Norðurskautinu bráðnar mun hraðar en talið var. Utanríkisráðherrar Danmerkur og Noregs kölluðu eftir tafarlausum aðgerðum. „Kaupmannahafnaráráðstefnan verður að takast, það er ekkert flóknara. Við verðum að fara að hugsa hnattrænt um vandanann í stað þess að einblína á nærumhverfið,“ sagði Jonas Gar Støre, utanríkisráðherra Noregs.

- kóp/sjá síðu 16

EINFALT að skila og skipta!
Yfir 50.000 vörulídir í úrvali allt árið

Skilamiði þessi Hagskil Skilafre

Skilamiði þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt. Skilafrestur bóka 11. jan. 2010

HAGKAUP Ein ferð betra verð

50 HAGKAUP ára fyrir Íslendinga í 50 ár

Ostakæfja frá Ostahúsini

Ostakörfur eru tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Nánari upplýsingar: www.ostahusid.is, og í síma 565 3940

Osta HÚSÍÐ

Opið til 22 **Kringlan**

9 dagar til jóla

SPURNING DAGSINS



Lalli, er þetta töfrasprotafyrirtæki?

„Ég veit ekki með það, en á bak við kvöldin með Lalla töframanni er töfrasprotinn í ár.“

Lárus Guðjónsson, Lalli töframaður, gefur út kennslumyndisk með töfrabrogðum fyrir jólin.

Fréttablaðið tók ekki þátt í meintri árás á undirskriftalista vegna Icesave:

Indefence ber ásökun til baka

EFNAHAGSMÁL Forsvarsmenn Indefence-hópsins hafa borið til baka ásakanir um að starfsmenn Fréttablaðsins hafi verið meðal þeirra sem staðið hafi að árás á undirskriftasöfnun hópsins á föstudag.

„Talsmaður Indefence hljóp auglýsinga illa á sig í þessum yfirlýsingum um þátt Fréttablaðsins, eins og aðrir sem runnu í far hans við samsæriskeningasmíðarnar. Það hefði nú verið kurteislega ef Indefence hefði bedist afsökunar á þessu gönuhlaupi sínu,“ segir Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins.

Í yfirlýsingu frá hópnum kemur fram að um 100 rangar undirskriftir hafi verið skráðar á

nokkrum klukkustundum á föstudag. Við því brást einn forsvarsmaður söfnunarinnar með því að segja í samtali við vefmiðilinn mbl.is að þar virtist vera um tilraun að ræða til að gera söfnunina ótrúverðuga, og að furðu hafi vakið að rangar skráningar hafi komið frá tölvum í Stjórnarráðinu, Hagstofu Íslands, Ríkisútvarpinu og Fréttablaðinu.

Með yfirlýsingu Indefence er staðfest að aðeins hafi verið um eina skráningu að ræða frá Fréttablaðinu, og að skýring blaðamanns sé tekin „fullkomlega gild“.

Blaðamaðurinn var að vinna frétt um undirskriftasöfnunina og

setti inn nafnið „XXXXXX“ með augljóslega rangri kennitölu til að athuga hvort vefsíðan tæki við skráningum með kennitölu sem ekki endaði á nfu eða núlli, eins og allar íslenskar kennitölur einstaklinga. Frétt um málið var birt í Fréttablaðinu á laugardag.

„XXXXXX“ var notað til að ekki færi á milli mála að ekki væri um raunverulega skráningu að ræða.

Um 34 þúsund undirskriftir voru komnar á lista Indefence í gærkvöldi. Að sögn forsvarsmanna hópsins verður listinn samkeyrður við þjóðskrá á söfnun lokinni.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir:

Vill rannsókn á undirskriftum

STJÓRNMÁL Porgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður vill að ríkisstjórnin láti rannsaka ógildar undirskriftir á lista Indefence sem rekja megi til opinberra stofnana. „Það er óeðlilegt í jafn mikilvægu máli að svona undirskriftir séu raktar til RÚV eða Stjórnarráðsins, hvort sem það var gert í einkapósti eða ekki.“

Porgerður segir ýmsar leiðir til að rannsaka uppruna undirskriftanna, svo sem að skipa hóp sem fari yfir málið. „Aðalatriðið er að eyða tortryggni og byggja upp trúverðulega gagnvört kröfunni um þjóðratkvæðagreiðslu, sem verða algengari í framtíðinni.“

Nauðgun til rannsóknar:

Lögregla leitar leigubílstjóra

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar leigubílstjóra í tengslum við rannsókn nauðgunarmálsins sem Fréttablaðið greindi frá um helgina.

Maðurinn ók leigubíl í miðborginni aðfaranótt sunnudagsins 29. nóvember. Um klukkan 04.07 tók kona á þrútuöldri sér far með bílnum. Ökuferðinni lauk við heimili konunnar í Árbæ. Leigubílstjórinn fór inn með konunni og hafði við hana samræði.

Leigubílstjórinn er talinn vera um fertugi, 175 sm á hæð og með músarlitað eða dökkt, stutt hár. Hann er íslenskur og 10 til 15 kíló yfir kjörþyngd. Leigubíllinn sem hann ók gæti verið Honda eða Toyota-jepplingur með taxamerki. Gjaldmælir var líka í bílnum og sætin trúlega klædd leðri.

Þeir sem geta veitt upplýsingar eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444-1000. -jss

Ellefu menn á Spáni:

Skipulögðu sjálfsvígisárás

SPÁNN, AP Ellefu manns voru sakfelldir á Spáni fyrir að hafa skipulagt sjálfsvígisárásir, sem hefðu orðið þær fyrstu í landinu.

Mennirnir, sem eru frá Pakistan og Indlandi, fengu allt að 14 ára dóm.

Lögreglan á Spáni komst á snöðir um áformin í janúar 2008 eftir að einn úr hópnum hætti við að sprengja sjálfan sig í loft upp og kjaftaði frá.

Áformin snerust um að sprengja sprengjur í jarðlesta-kerfi Barcelonaborgar.

Árið 2004 urðu hryðjuverkamenn nærri 200 manns að bana með árásum á almenningssamgöngukerfið í Madrid. -gb

Íslensk miðnætursól fóstur nýtt eldsneyti

Tilraunir í ræktun repju benda til að þriðjungi meiri uppskera fáist á Íslandi en í Evrópu. Afkasturinn er bæði fódurmjöl og olía sem nýta má sem eldsneyti og í matargerð. Tekjulind sem sparar gjaldeyri segir stjórnandi tilraunarinnar.

VÍSINDI Tilraunarækt á svokallaðri repju hólendis þykir lofa afar góðu. Úr fræjum plöntunum er gerð lífdísilólía og fódurmjöl.

„Ég sé þetta þróað þannig að þetta verði viðbótartekjulind fyrir bændur sem geta framleitt eldsneyti eða matarolíu fyrir sjálfa sig og sömu leiðis fódurmjöl. Þetta eru vörur sem annars þarf að flytja inn í landið og borga fyrir með gjaldeyri,“ segir Jón Bernóðsson, verkfræðingur á rannsóknar- og þróunarviði Siglingastofnunar.

Um þriggja ára tilraunaverkefni er að ræða sem hófst á vegum Siglingastofnunar í fyrria og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann og nokkra bændur hér og þar um landið. Fyrsta árið var sáð repju og systurtegundinni repju í tíu hektara og misheppnaðist sumt vegna mistaka. Á næsta ári á að taka uppskeru af fimmtíu hekturum og sumarið 2011 verða tvö hundruð hektarar lagðir undir. Gerð er tilraun með mismunandi jarðveg og aðferðir.

Jón segir fyrstu uppskeruna benda til þess að afkasturinn hólendis geti orðið um allt að þriðjungi meiri en gerist í Evrópu, eða yfir fjögur tonn á hektara. „Repjan nærast mikið á birtunni og hún er meiri hér yfir sumartímann því við erum með miðnætursólina,“ útskýrir hann.

Verkefnið ber heitið Umhverfissvænir orkugjafir. Jón segir að úr um þriðjungi uppskerunnar fáist olía sem megi annars vegar sía og fá matarolíu eða hins vegar bæta í hana tréspíra og sóða og fá þannig góða lífdísilólíu sem megi



Á REPJUKRI Á MÖÐRUVÖLLUM Þóroddur Sveinsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands á Möðruvöllum.



TILRAUN SEM TEKST Jón Bernóðsson er hér ásamt Ásgeiri Valhjálmsyni og Guðbjarti Einarsyni að setja í gang vél sem keyrð er á íslenski lífdísilólíu.

nota á bæði skip og bíla í stað hefðbundinnar olíu. Úr tveimur þriðju hluta uppskerunnar er síðan hægt að gera fódurmjöl. Jón segir verðmæti mjólsins eins vera það sama

og tilkostnaðinn við ræktunina. Því megi segja að olían sé frí. Hluti af hugmyndafræðinni er að Íslendingar geti með ræktun repju orðið sjálfir sér nógir með olíu á skipaflotann. Jón segist ekki geta svarað því hvort það geti orðið raunhæfur kostur fjárhagslega séð.

„Það fer eftir því hvernig stjórnmöld ætla að skattleggja. Mitt verkefni er að kalla fram umhverfisvænan orkugjafa – síðan verða stjórnmöld að meta það hvort þau ætla að skattleggja hann eða ekki,“ segir Jón og bendir á að á hverjum hektara repjuakurs bindist um sex tonn af koltvísýringi á ári. Losun koltvísýrings með brennslu þess eldsneytis sé hins vegar tvöfalt minni, eða þrjú tonn.

gar@frettabladid.is



SEBASTIAN PINERA Helsta von hægrimanna í Síle. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Síle:

Milljarðamæringur í slaginn

SÍLE, AP Milljarðarmæringurinn Sebastian Pineira fékk 44 prósent atkvæða í fyrri umferð forsetakosninga í Síle á sunnudaginn. Hann þykir eiga góða möguleika á sigri í seinni umferðinni í janúar.

Eduardo Frei, fyrrverandi forseti, fékk 30 prósent atkvæða, og því verður kosið á milli þeirra tveggja í seinni umferðinni. Frei er fulltrúi miðju- og vinstriafla, sem hafa stjórnað Síle samfleytt í nærri tvo áratugi.

Pineira er aftur á móti fulltrúi hægri aflanna, sem hafa ekki náð völdum síðan harðstjórinn Augusto Pinochet fór með stjórn landsins. -gb

Vilja bindandi samkomulag:

Kertaljósavaka haldin í dag

UMHVERFISMÁL Kertaljósavaka til að krefjast þess að þjóðarleiðtoga heimis ná bindandi samkomulagi á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn verður haldin á Lækjartorgi í dag klukkan 17.30.

Vökunni var frestað á laugardag vegna votviðris.

Athöfnin er hluti af alþjóðlegri kertaljósavöku sem netsamfélagið Avaaz hefur haft forystu um að skipuleggja vegna loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. -pg

Borgaryfirvöld óttast um öryggi gesta Hressingarskálans:

Skipað að fella samkomutjald

SKIPULAGSMÁL Borgarráð hefur samþykkt að rekstraraðila Hressingarskálans í Austurstræti verði gert að taka niður samkomutjald í garði staðarins.

„Forvarnardeild Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur metið svo að umtalsverð hætta sé fyrir hendi á öryggi gesta veitingastaðarins,“ segir í greinargerð Magnúsar Sædals byggingarfulltrúa.

„Þeir segja hættu á að það kvikni í tjaldinu en það er nú samt úr sérstöku óbrennanlegu efni sem uppfyllir kröfur Evrópusambandsins,“ segir Valdimar Hilmarsson, annar tveggja eigenda Hressingarskálans.

Að sögn Valdimars var tjaldið sett upp í góðri trú í garði Hressingarskálans fyrir um sex vikum til að styrkja rekstur staðarins yfir veturinn. „Þeir komu og skipuðu okkur að taka tjaldið niður en við báðum þá um að fá skriflegan rökstuðning fyrir því. Nú er lögfræðingurinn okkar búinn að kæra þeirra ákvörðun.“

Valdimar segir það hart að borgin sækir að Hressingarskalanum vegna tjaldsins eftir að staðurinn hafi í tvö og hálf ári gólið fyrir slugs af hálfu borgarinnar eftir stóra brunann á næstu lóð. Til dæmis



Í GARDI HRESSINGARSKÁLANS Tjaldið sem sett var upp fyrir sex vikum er hættulegt segir slökkviliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hafi verið lokað fyrir göngustíg frá Austurstræti. „Borgin gerir það sem henni sýnist án þess að spyrja nokkurn en eltir svo litla aðila með kröfum um leyfi hingað og þangað.“ -gar

HAWKE
Hágæða sjónauki

3.990 kr.

Munið gjafabréfin!

Ellingsen
FULLT HÚS JÓLAGJAFNA



1 RULLA 70 X 300 SM.

399,-

Jólappír
Fallegur jólappír.
Lengd á rúllu: 70
x 300 sm. Hægt
er að nota rúlluna
beggja vegna.



20 STK. VERÐ FRÁ

399,-

Jólaserviettur
Mikið úrval af fallegum
jólaserviettum.
20 stk. í pakka.



6 FIBRILDI

690,-

Fíðrildi
6 falleg fíðrildi saman í
pakka. Fást í nokkrum
litum.

CARMEN kubbakerti
Falleg kubbakerti með skemmti-
legum mynsturbekk. Stærð:
7 x 15 sm.

1 STK.
690,-

6 STK. MERKIMIÐAR

99,-

Pakkabönd og merkimiðar
Pakkabönd, 5 rúllur saman í
pakka. 10 mtr. á rúllu. Einnig
merkimiðar 6 stk. í pakka. 2
mismunandi pakkar fáanlegir.



5 RÚLLUR
289,-



SKRAUTSTEINAR

299,-



NOAH skrifborðsstóll
Vel bólstraður skrifborðsstóll með örmum og stillanlegu baki. Litur: Svartur.

**SPARIÐ
3.000,-**

NOAH VERÐ ÁÐUR: 8.990,-

5.990,-



MAGNUS skrifborðsstóll
Skrifborðsstóll á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

**SPARIÐ
3.000,-**

MAGNUS VERÐ ÁÐUR: 12.990,-

9.990,-



EASY LIVING hægindastóll
Glæsilegur hægindastóll með innbyggðum fótsekmi. Fæst með dökkbrúna PU áklæði.

**SPARIÐ
15.000,-**

EASY LIVING VERÐ ÁÐUR: 39.900,-

24.900,-



ELDHÚSSET

1.990,-

Eldhússett
Skemmtilegt eldhússett fyrir börnin.



KAPPAKSTURSBIÐILL

1.490,-

Bílar
Mikið úrval af allskonar bílum á frábæru verði!



SMÍÐASETT

3.990,-

Smíðasett
Allt fyrir litla smíðinn á heimilinu!



Stórar dúkkur
Mikið úrval af dúkkum.

DÚKKA SEM TALAR

4.990,-



DÚKKA HÆÐ: 71 SM.

4.990,-



INTIMATES

3.990,-

INTIMATES sængurverasett
Klassískt og fallegt KRONBORG LUX sængurverasett. Frábær gæði á einstöku verði. Efni: 100% gæða bómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



**FRÁBÆRT
VERÐ!**

VIBSE

1.690,-

VIBSE sængurverasett
Fallegt, einlitt sængurverasett úr 100% bómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



HVITUR KROSS

Fallegur, hvítur upphengjanlegur kross. Tvær gerðir. Hæð: 20 sm.

STK. ADEINS:

499,-



STK. ADEINS:

1.990,-

VULCANO og QUADRO lampar
Með hvítum, pliseruðum skermi. VULCANO hæð: 28 sm. QUADRO hæð: 26 sm.



STK. ADEINS:

3.995,-

Hestastytta
Fallegur hesthaus. Hæð: 35 sm. **3.995,-**

Styttur
Mjög flottar styttur úr polystone. Hægt að fá í mörgum mismunandi gerðum og stærðum.
1. Kona með barn á mjóðm. Hæð: 15 sm. **995,-**
2. Móðir með barn á hnjúm. Hæð: 13 sm. **995,-**
3. Þar í faðmlögum. Hæð: 22 sm. **995,-**
4. Sitjandi gyðja sem grípur í fætur. Breidd: 15 sm. **695,-**
5. Sitjandi gyðja með hendur á hnacka. Hæð: 14 sm. **695,-**

VERÐ FRÁ:

695,-



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	125,34 125,94
	Sterlingspund	203,43 204,41
	Eвра	183,54 184,56
	Dönsk króna	24,659 24,803
	Norsk króna	21,683 21,811
	Sænsk króna	17,625 17,729
	Japanskt jen	1,4151 1,4233
SDR		198,8 199,98

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,9912
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VILHJÁLMUR P. VILHJÁLMSSON Borgarfulltrúi í 28 ár og hættir næsta sumar.

Borgarstjórnarkosningar í vor: Vilhjalmur ekki með í prófkjöri

STJÓRN MÁL „Þessi ár hafa verið mér mikils virði og í raun ómetanleg,“ segir Vilhjalmur P. Vilhjalmsson, forseti borgarstjórnar, í yfirlýsingu þar sem hann kynnir þá ákvörðun að bjóða sig ekki fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna næsta vor.

Vilhjalmur hefur verið borgarfulltrúi í 28 ár og var borgarstjóri 13. júní 2006 til 16. október 2007. „Að sjálfsögðu hafa skipst á skin og skúrur í þessari vegferð. Þannig eru ekki einungis stjórn málin, heldur lífsferlið allt. Í öll þessi ár hef ég í störfum mínum lagt mikla áherslu á að vera í góðu sambandi við borgarbúa og reynt að liðsinna þeim eins vel og ég hef getað hverju sinni,“ segir meðal annars í yfirlýsingu Vilhjálms.

LEIÐRÉTTING

Í grein um hljómsveitina The Esoteric Gender kom fram að Gabriel Malenfant væri prófessor við Háskóla Íslands. Hann er doktorsnemi í heimspeki við Háskóla Íslands og hefur stundað þar kennslu af og til.

Systir fórnarlamb segir fjölskylduna ætla í einkamál til að sækja skaðabætur: Heiðmerkurstúlkunum ekki refsað

DÓMSMÁL Þrjár 17 ára stúlkur sem gengu í skrokk á sextán ára stúlkunum í Heiðmörk í apríl sleppa við refsingu ef þær hegða sér sómasamlega næstu þrjú ár. Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóm þess efnis í gær.

Stúlkurnar þrjár, ásamt fjórum öðrum, fluttu fórnarlambið nauðugt upp í Heiðmörk og gengu þar í skrokk á því. Tvær þeirra kýldu stúlkuna ítrekað í andlitið og ein þeirra sló hana í hnakkann.

Í niðurstöðum dómsins segir að litid sé til ungs aldurs stúlkunnanna og hreins sakaferils þeirra. Þær hafi sýnt iðrun og tekið sig á. Eftir sem áður sé brotið alvarlegt.



ÆTLA Í EINKAMÁL Hrönn Óskarsdóttir segir systur sína enn vera að takast á við andlegar afleiðingar árársarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Er ákvörðun um refsingu þeirra frestað í þrjú ár.

„Við erum rosalega óánægð með þennan dóm,“ segir Hrönn Óskars-

dóttir, systir fórnarlambins. Fjölskyldan hefði átt von á að gerendurnir myndu sleppa létt, en ekki án refsingar. „Auðvitað vildum við ekki að þær færu í mörg ár í fangelsi, en það vantar greinilega einhver úrræði fyrir unga afbrotamenn þannig að þeir finni fyrir því að þeir hafi gert eitthvað af sér,“ segir Hrönn.

Hrönn segir að systir hennar sé enn að takast á við andlegar afleiðingar árársarinnar. „Hún á langt í land,“ segir Hrönn.

Hrönn segir jafnframt að fjölskyldan stefni að því að fara í einkamál gegn árársstúlkunum til að sækja skaðabætur.

Næstæðsti maður Al Kaída: Segir Obama blekkja araba

EGYPTALAND, AP Ayman Al Zawahri, sem enn er talinn vera næstæðsti leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Al Kaída, segir Barack Obama Bandaríkjaforseta reyna að slá ryki í augu araba með yfirlýsingum um að hann ætli að reyna að koma friðarviðræðum af stað fyrir botni Miðjarðarhafs.

Al Zawahri segir einnig að samtökin muni ekki gleyma föngunum í Guantanamo á Kúbu, þar á meðal fjórum föngum sem taldir eru hafa skipulagt árársinnar á Bandaríkinn 11. september 2001.

Þetta kemur fram í nýju ávarpi Al Zawahris, sem að þessu sinni hafði engar hótanir í frammí. - gb



SKÖLAVÖRÐUSTIGUR 9 Virðuleg 125 ára eign miðsvæðis í Reykjavík. Garður fylgir.

Vilja losa fé úr fangelsum:

Hegningarhús á sölulistann

STJÓRN MÁL Í breytingatillögum meirihluta fjárlaganefndar við fjárlög fyrir árið 2010 er lagt til að selja Hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9. Þetta kemur fram á vísir.is.

„Auk þess að selja Hegningarhúsið er lagt til að fangelsið á Kópavogsbraut verði einnig selt og í staðinn verði hentugra húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leigt eða keypt. Þá er lagt til að leigt verði húsnæði til bráðabirgða sem hýst geti gæsluvarðhaldsfanga í nágrenni við fangelsið að Litla-Hrauni,“ segir á vísir.is. - gar

Fyrirhugaðar breytingar:

Ráðherra hittir lögreglumenn

FÉLAGSMÁL Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, sótti í gær fund sem boðað var til af Lögreglufélagi Reykjavíkur. Ráðherrann skiptist á skoðunum við fundargesti um fyrirhugaðar breytingar á skipan lögreglumála.

Í gær fékk Ragna einnig afhent fyrsta eintakið af bókinni Norræn sakamál sem nú kemur út í áttunda sinn. Þar eru að þessu sinni frásagnir af þremur íslenskum sakamálum - gar

Þarf að endurskoða launamál hjá ríkinu

Forstöðumenn ríkisstofnana voru ekki nægilega vel undirbúnir til að bera ábyrgð á launamálum starfsmanna. Þetta skýrir að hluta yfirkeysrslur stofnana. Mikið ógagnsæi er í launamálum ríkisins, segir Ríkisendurskoðun.

FJÁRMÁL „Við þykjumst sjá dæmi þess að forstöðumönnum stofnana hafi verið hent út í djúpu laugin. Ég held að þeir hafi ekki fengið nægilega hjálfun til að umgangast þennan málaflokk með sömu röggsemi, eða það má kalla það hörku, og viðgekkt áður,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2008 segir að ríkisstofnanir virðist ekki hafa verið nægjanlega vel undir það búnar að taka sjálfstæðar ákvarðanir um launamál starfsmanna sinna. Það hafi verið gagnrýnt að ekki hafi nægjanlega vel verið staðið að því að færa launaákvæðanir úr miðstýrðu kerfi til einstakra stofnana á sínum tíma.

Launamál ríkisstarfsmanna fóru alfarið í gegnum Launaskrifstofu ríkisins áður en ákvæðið var að færa ábyrgð á rekstri

hverrar stofnunar til stjórnenda þeirra.

„Við erum að vitna í þetta og hvort ástæða sé til að stíga eitt skref til baka svo að menn séu ekki jafn sjálfráðir og nú er hvað varðar launabáttinn. Þá er ég alls ekki að segja að horfið verði til fyrra horfs. Ábyrgðin yrði sem áður hjá forstöðumönnum stofnananna,“ segir Sveinn. „Ég held engu síður að það sé nauðsynlegt að þeir hafi aðhald og fái aðstoð sem þekkja launamálin, og ekki síður samningamálin, hvað best.“

Laun eru drjúgur hluti af rekstrararkostnaði hverrar ríkisstofnunar. Ríkisendurskoðun hefur bent á að þess vegna séu laun helsta matarholan þegar kemur að niðurskurði í ríkisrekstri. Áætlaðar launagreiðslur ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi árið 2010 eru 119 milljarðar króna af 555 milljarða heildarútgjöldum.

Eins og komið hefur fram eru yfirkeysrslur ríkisstofnana fram úr fjárveitingum töluverðar, og hefur vand-

inn verið viðvarandi undanfarin ár. Sveinn telur að frjálsræði forstöðumanna við launaákvæðanir séu hluti af þeim vanda.

Ríkisendurskoðun hvetur í skýrslu sinni til að launamálin, sem svo mikla þýðingu hafa fyrir útgjöld ríkisins, verði tekin til endurnats með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á launamál í meðförum einstakra ríkisstofnana á undanförunum árum. Í heild er niðurstaða skýrslunnar að mikið ógagnsæi sé í launamálum ríkisins, og kemur þar til fyrirkomulag á yfirvinnu- og aukagreiðslum.

svavar@frettabladid.is



SÉRSDIÐIN HEYRNARTÆKI FYRIR ALLA!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Timapantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is


VEÐURSPÁ



Soffia Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HÆGUR VINDUR Hæðasvæði liggur yfir landinu þannig að næstu daga verður hægur vindur og úrkomulítið. Þó má búast við stöku eljum norðanlands. Einng kólnar smám saman og næstu helgi má búast við frosti um allt land.

Á MORGUN Fremur hægur vindur um allt land.



HEIMURINN

Alicante	9°
Basel	4°
Berlín	1°
Billund	3°
Eindhoven	2°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	-2°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	23°
London	3°
Mallorca	14°
New York	13°
Orlando	29°
Ósló	1°
París	1°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Jólaleikur

Færð þú áfyllinguna endurgreidda eða **250.000 kr. matarúttekt?**

Daglega fram að **Þorláksmessu** fær einn heppinn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda. Nöfn vinningshafa eru dregin út í beinni útsendingu í þætti **Rúnars Róberts á Bylgjunni**, virka daga milli klukkan 13 og 16.

Á Þorláksmessu mun Rúnar Róberts draga út nafn heppins dælulykilshafa, sem kaupir eldsneyti í desember, og fær hann **250.000 kr. matarkörfu** frá Krónunni.

KRÓNAN



Í dag

Í tilefni jólaleiksins veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** í dag fram til miðnættis. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ATLANTSOLIA

Atlantsólía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is



Viltu að forseti Íslands synji Icesave-lögum staðfestingar?

Já	69,1
Nei	30,9

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á ríkið að innheimta 400 milljónir í skatt til að fjármagna Samtök iðnaðarins?

Segði þína skoðun á visir.is

visir

Mæðgur dæmdar til greiðslu sektar og miskabóta fyrir líkamsárás:

Töldu dótturinni líkt við hross

DÓMSMÁL Mæðgur hafa verið dæmdar til að greiða samtals 240 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir að hafa ráðist á konu í verbúð í Þorlákshöfn. Þá voru þær dæmdar til að greiða fórnarlambinu 130 þúsund krónur í miskabætur.

Konan sem mæðgurnar réðust á er systir þeirrar eldri. Erindi þeirra í verbúðina var að jafna sakir við konuna út af póstkorti, sem þær töldu hana hafa sent dótturinni í eineltisskyni og jafnframt til kunningjafólks í Póllandi. Hefði dóttirin fengið póstkort með mynd af hrossum og hefði tilgangurinn augljóslega verið sá að líkja henni við hross.

Þegar mæðgurnar komu í verbúðina upphöfust hörð orðaskipti milli þeirra og systur þeirrar eldri. Orð eins og „barnamaskína“ „hóra“ og önnur álíka flugu á milli. Á endanum réðust mæðgurnar á konuna með barsmiðum og spörkum í höfuð og líkama.

Fórnarlamb árásarinnar fékk áverkavottorð hjá lækni, þar sem fram kom að hún hefði verið marin og bólgin eftir árásina. Mæðgurnar vildu lítið gera úr því fyrir dómi og sögðu konuna líklega hafa fengið áverkana við að kafa ofan í ruslagáma. Auk þess væri hún alltaf rauð í framan.



ÞORLÁKSHÖFN Árásin átti sér stað í verbúð í Þorlákshöfn.

- jss

Atvinnuleysi innan OECD:

Ísland undir meðaltölum

EFNAHAGSMÁL Meðalatvinnuleysi hér á landi á þriðja ársfjórðungi var 7,1 prósent, 1,5 prósentustigum undir meðaltali ríkja Efna- hags- og samvinnustofnunarinnar (OECD), sem var 8,6 prósent. Þetta kemur fram í nýjum tölum stofnunarinnar.

Meðalatvinnuleysi er svo heldur hærra á tímabilinu þegar horft er til ríkja ESB, eða 9,1 prósent og 9,6 prósent á evrusvæðinu.

Í Bandaríkjunum stóð atvinnuleysisstigið í 10,0 prósentum í nóvember, 0,2 prósentustigum lægra en í fyrra mánuði og 3,2 prósentustigum hærra en ári fyrr.

- óka

Segir þjónustuíbúðir aldraðra allt of dýrar

Nýjar þjónustuíbúðir aldraðra sem Reykjavíkurborg leigir út eru svo dýrar að tekjulágir geta ekki leigt þær, segir borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Borgin mun endurskoða sérstakar húsaleigubætur, segir formaður velferðarráðs.

SAMFÉLAGSMÁL Afar óeðlilegt er að leiguverð í nýjum þjónustuíbúðum fyrir aldraða sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutar sé svo hátt að þeir tekjulægstu í hópi aldraðra hafi engan möguleika á að greiða húsaleiguna, segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Með þjónustugjaldi gætu leigjendur í nýjum þjónustuíbúðum Eirar við Fróðengi þurft að greiða um 115 þúsund fyrir um 40 fermetra íbúð, eða um 165 þúsund fyrir rúmlega 60 fermetra íbúð, samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði borgarinnar.

Íbúðirnar eru nýjar, og í fyrsta áfanga eru tvær 40 fermetra íbúðir og fimm 60 fermetra íbúðir sem velferðarsvið hefur til útleigu.

Björk bendir á að eitt af þeim skilyrðum sem fólk þurfi að uppfylla til að fá þjónustuíbúð eldri borgara á vegum borgarinnar sé að hafa að mati félagsráðgjafa ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði eða búseturætt sem henti.

„Það er ekki eðlilegt að við séum að greiða fólk laun og lífeeyri sem dugir ekki fyrir leigu á svo litlum íbúðum,“ segir Björk.

Eldri borgarar sem hafa eingöngu tekið frá Tryggingastofnun hafa um 155 þúsund krónur útborgaðar á mánuði. Við það geta bæst 18 þúsund króna húsaleigubætur, samtals 173 þúsund krónur. Vildi eldri borgari með þær tekið leigja 40 fermetra íbúð ætti hann um 53 þúsund krónur eftir á mánuði þegar leigan væri greidd.

Þá er leiguverð á hvern fermetra, með öllu inniföldu, umtals-



ÖRYGGISÍBÚÐIR Í öryggisíbúðum Eirar er hjúkrunarfræðingur á vakt allan sólarhringinn og ýmiss konar öryggisbúnaður fyrir íbúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FERMETRAVERÐIÐ HÆRRA

Leiguverð á fermetra í þjónustu- íbúðum og á almennum markaði:

- 60 fermetra þjónustuíbúð velferðarsviðs hjá Eir: 2.585 krónur.
- 66 fermetra tveggja herbergja íbúð á almennum markaði: 1.826 krónur.

- 40 fermetra þjónustuíbúð velferðarsviðs hjá Eir: 2.750 krónur.
- 37 fermetra stúdíóíbúð á almennum markaði: 2.481 króna.

Heimild: Velferðarsvið og Neytendablaðið (apríl 2008)w

vert hærra í þjónustuíbúðunum en á almennum markaði, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Jórunn Frimannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir að borgin sé nú að fara yfir reglur um sérstakar húsaleigubætur með það í huga að fólk sem leigir íbúðir sem þessar geti átt rétt á bótunum. Þær geta numið rúmlega 15 þúsund krónum á mánuði að hámarki.

„Ef það kemur í ljós að enginn hefur efni á að leigja þessar íbúðir verður að endurskoða úthlutun í íbúðirnar,“ segir Jórunn. Hún seg-

ist sannfærð um að leigjendur fáiast í íbúðirnar.

Björk segir að þörf sé á nýjum hugsunarhætti í búsetumálum aldraðra. Það sé úrelt hugsun að aldradætur sem búi í húsnæði sem henti þurfi að flytja í sérstakar þjónustuíbúðir til að fá þá þjónustu sem þeir þurfi.

Jórunn bendir á að slíka þjónusta sé þegar til staðar, og sífellt verið að þróa hana. Einnig sé ljóst að eldri borgarar sækji það margir fast að komast í sérstakar þjónustuíbúðir, og því sé borgin að bregðast.

brjann@frettabladid.is

KÆRLEIKSKÚLAN



SNERTING

H. Friðfinnsson

„Við erum í sífellu að snerta hluti sem á vegi okkar verða. Manneskjan skilur eftir sig slóð af fingraförum í gegnum lífið.“

Við snertum fólk og það okkur.

Snerting er notuð í lækninga- og líknarskyni.

Við tökum upp hluti, réttum þá öðrum, búum til hluti, breytum hlutum.

Immanuel Kant sagði að hendurnar væru hinn ytri heili mannsins.“

Hreinn Friðfinnsson

Sölu tímabil 5. – 19. desember

Söluaðilar:

Epal - Skeifunni og Leifstöð · Kokka - Laugavegi
Kúnigúnd - Kringlunni · Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind · Hafnarborg - Hafnarfirði
Blóma - og gjafabúðin - Sauðárkróki
Blómaturninn - Ísafirði · Norska húsið - Stykkishólmi
Póley - Vestmannaeyjum · Valrós - Akureyri

Markmiðið með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.

Útgefandi er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Tæpast verður slakað á gjalddeyrihöftum í náinni framtíð að sögn AGS:

Tímaáætlun liggur ekki fyrir

EFNAHAGSMÁL Ákveðnum áföngum þarf að ná áður en hægt verður að stíga næstu skref í afnámi gjalddeyrihafta, segir Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjalddeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi. Sjóðurinn kynnti í gær niðurstöður viðræðna við stjórnvöld og fleiri aðila síðustu tvær vikur vegna annarrar endurskoðunar efna- hagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins.

Fyrstu skrefin í afnámi hafta hafa þegar verið tekin og mögulega segir Flanagan hægt að taka eitt eða tvö til viðbótar á næsta ári. „En þetta er nokkuð sem við skoðum við hverja endurskoðun samkomulagsins og þetta mat er nokkuð flókið,“ segir hann og kveður tvær meginforsendur þess að hægt sé að afnema höft fullkomlega starfhæft og stöðugt fjármálakerfi sem líti viðeigandi eftirliti. „Og þangað höfum við ekki enn alveg náð,“ segir hann og kveður vandlega fylgst með öðrum þáttum sem einnig þurfi að vera í



MARK FLANAGAN



STÝRA FERÐINI Seðlabanki Íslands heldur utan um gjalddeyrihöft og framkvæmd þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lagi, svo sem fjármögnun ríkisins.

„Þessa stundina er það metið sem svo að ekki verði hægt að gera breytingar á næstunni,“ segir Flanagan, en bætir um leið við að staðan sé í stöðugri endurskoðun. „Eins og við höfum löngum sagt er markmiðið þó að afnema höftin eins hratt og hægt er, en þó í samræmi við markmið um að viðhalda stöðugleika krónunnar.“

- óka

MYND AF RAGNARI Í SMÁRA EFTIR JÓN KARL HELGASON

„FRÁBÆRT AFREK“

—HRAFN JÓKULSSON, VIÐSKIPTABLAÐIÐ



Ragnar í Smára var goðsögn í lifanda lífi; iðnrekandi, bókaútgefandi, málverkasafnari og lífið og sálin í íslensku tónlistarlífi. **Jón Karl Helgason**, bókmenntafræðingur, hefur rannsakað líf Ragnars um árabíl og dregur upp stílfærða mynd af heillandi og breyskum eldhuga, vináttu og átökum, og mikilvægum kafla í íslenskrri menningarsögu.

DYNAMO REYKJAVÍK



„Það er mikill fengur að þessu smarta og skáldlega verki.“

— Páll Baldvin Baldvinsson,
Fréttablaðið



„Nálgunin er lifandi og úrvinnslan svo vönduð, að allt frá fyrstu síðu ... drífur frásögnin forvitinn lesandann áfram.“

— Einar Falur Ingólfsson,
Morgunblaðið

„Ákaflega fín bók um sterka, flotta og minnisstæða karaktera.“

— Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

TILNEFNING

1989 -

„Jón Karl hefur unnið frábært afrek með þessari bráðskemmtilegu og upplýsandi bók, sem er eins og rússíbanareid um íslenskt menningarlíf.“

— Hrafn Jökullsson,
Viðskiptablaðið



BJARTUR



1. Hvar er loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin?
2. Hvaða erlendi stjórnmála-leiðtogi var laminn á fundi á sunnudaginn?
3. Hvar er nú kosið með rafrenum hætti um Icesave?

SVÖRIN ERU Á Síðu 50

Bubbi og Páll Óskar mótmæla niðurskurði til SÁÁ:

Enginn sparnaður í niðurskurði

FÉLAGSMÁL „Það verður að finna aðrar leiðir til að spara en að skera niður framlög til áfengis-sjúklinga,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, um boðaðan 70 milljóna niðurskurð til samtakanna. „Enginn sparnaður er í að rústa áfengismedferð, vandinn gufar ekki upp og það er ljóst að þeir sem eiga við vanda-mál að stríða munu lenda á bráða-deild og öðrum deildum spítalans, róstur munu aukast á heimilum og svo framvegis.“

Þórarinn segir framlög til SÁÁ hafa sætt það miklum niðurskurði á árinu að frekari niðurskurður



ÞÓRARINN TYRFINGSSON

samtakanna. Að mati Þórarins sýnir fjöldinn mikinn stuðning þjóðarinnar við störf SÁÁ sem

muni skerða þjónustu verulega, færri muni komast í meðferð en fyrir.

Tuttugu þúsund manns hafa ritað undir áskorun til þingmanna um að skera ekki framlög til

Landsmenn eru hvattir til að mæta og sýna samstöðu með baráttu samtakanna gegn áfengis- og fíkniefnavanda.

-sbt

Seinkun á öryggisbúnaði:
Vökvabann í flugi framlengt

SAMGÖNGUMÁL Evrópusambandið áformar að framlengja bann við að taka vökva í handfarangri í flug fram í apríl 2013. Verði bann-ið ekki framlengt mun það renna út í apríl næstkomandi.

Í tilkynningu frá samgöngu-ráðuneytinu kemur fram að seinkun hafi orðið á þróun tækjabúnaðar sem gera átti bannið óþarft.

Flugfarþegar geta því enn um skeið reiknað með því að þurfa að vera með vökva í 100 millilítra umbúðum eða minni ætli þeir að taka hann með sér í handfarangri, þótt einhverjir flugvellir fái undanþágu þegar ný búnaðurinn hefur verið settur upp.

-bj

Iðnaðarmálagjald fyrir dómi:
Ráðherra bíður dóm í málinu

SKATTAR „Við höfum tekið þá ákvörðun að bíða dóms í málinu,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðar-ráðherra um iðnaðarmálagjald, skatt sem lagður er á veltu iðn-fyrirtækja og miðlað um ríkis-sjóð til Samtaka iðnaðarins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mun Mannréttindadóm-stóll Evrópu í Strassborg fljótlega fella dóm um hvort innheimta gjaldsins brjóti gegn Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er félagsmaður í Meistarafélagi húsasmiða, sem höfðar málið.

Katrín segir að „í sögulegu samhengi“ hafi umhverfið breyst en hún kjósi að tjá sig ekki nánar. Iðnaðarmálagjald er 0,08 prósent af veltu. Samkvæmt fjárlögum næsta árs er áætlað að 420 milljónir króna innheimtist, sem er sama upphæð og þetta ár.

-pg

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, verður líklega útskrifaður af sjúkrahúsi í dag:

Þreyttur og þjáður eftir líkamsárás

ÍTALÍA, AP Silvio Berlusconi, hinn 73 ára forsætisráðherra Ítalíu, hefur verið á sjúkrahúsi í Mílanó frá því á ánnægju þegar maður réðst á hann á stjórn-málafundi.

Árásarmaðurinn, Massimo Tartaglia, sló forsætisráðherrann með lítilli styttnu, með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði auk þess sem tvær tennur brotnuðu. Tartaglia er 42 ára og sagður vera í andlegu ójafnvægi. Hann var samstundis handtekinn.

Berlusconi er afar umdeildur á Ítalíu, bæði vegna stjórnmála-skoðana sinna, ríkidæmis og framferðis, sem stundum hefur þótt fara út fyrir mörk velsæmis.

Samúdarkveðjur og stuðnings-

yfirlýsingar hrönnuðust inn á Facebook-síðum og víðar á netinu, en einnig lýstu fjölmargir Ítalir yfir ánægju með framtak árásarmannsins.

Berlusconi þurfti ekki að undirgangast aðgerð, en fékk bæði sýklalyf og verkjalyf. Hann var þreyttur og þjáður eftir árásina og læknar ráðleggja honum að fara sér hægt fyrstu dagana.

Árásin vakti spurningar um hvort öryggis Berlusconi sé nægilega vel gætt.

Roberto Maroni innanríkisráðherra segir að venjulega gæti þrjátíu leyniþjónustumenn öryggis forsætisráðherrans, en Berlusconi reyni að komast í nálægð við stuðningsfólk sitt hvenær sem færi gefst.

-gb



SILVIO BERLUSCONI Venjulega gæta þrjátíu leyniþjónustumenn öryggis Berlusconi. -NordicPhotos/AF

fyrir *Sólin*

1 Brauðrist TT 61101
Tekur tvær venjulegar brauðsneiðar, 900 W.
Jólaverð: **6.400 kr. stgr.**

2 Töfrasproti MSM 6B100
280 W. Hljóðlátur og þægilegur í notkun.
Jólaverð: **4.100 kr. stgr.**

3 Ryksuga VS 01E1800
3 l poki, 1800 W.
Jólaverð: **14.900 kr. stgr.**

4 Hárblásari PHD 1150
1200 W. Hægt að fella saman.
Jólaverð: **4.290 kr. stgr.**

5 Brick borðlampar
Nokkrir litir. Hæð 38 sm.
Jólaverð: **5.500 kr. stgr.**



SIEMENS



6 Þvottavél WM 12A162DN
Tekur 5 kg. 1200 sn./mín.
Orkuflokkur A.
Jólaverð: **109.900 kr. stgr.**

7 Uppþvottavél SE44E232SK
Hvít, með fjórum kerfum.
Jólaverð: **109.900 kr. stgr.**

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.
Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SKÖTUVEISLAN

byrjar í Hagkaup

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

ofurtilboð!

OFUR
TILBOÐ
45%
afsláttur
við kassa

KÆST SKATA

879 kr/kg.

Merkt verð 1.598.-



Pökkuð kæst skata
frá 200 MÍLUM

Gildir til 23. desember á meðan birgðir endast.



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár



JÓLALJÓS Á PÁLMASTRJÁM Í Mónakó hafa menn gert jólalegt fyrir framan Monte Carlo-spilavítið með því að hengja jólaljós á pálmatrén.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Álit sendinefndar AGS:

Varað við fyrirframsköttum

EFNAHAGSMÁL Fyrirframskottheimta er varasöm að mati Marks Flanagans, yfirmanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um málefni Íslands.

Á fundi með Flanagan í gær kom fram að starfsfólk sjóðsins hafi varað stjórnvöld sérstaklega við slíkri skattheimtu í viðræðunum sem staðið hafa frá mánaðamótum og lauk í gær um aðra endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS. Í umræðunni hefur verið bæði að heimta skatta fyrirfram af stóriðju og af lífeyrissjóðum.

Flanagan lagði áherslu á að varasamt væri að fresta nauðsynlegum aðgerðum með slíkum leiðum og varasamt að draga með þeim hætti úr skatttekjum framtíðar.

- óká

Samkomulag við AGS um aðra endurskoðun

Vonir standa til að framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins geti fullgilt aðra endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda í janúar. Skuldir ríkis og þjóðar eru lægri en áður var gert ráð fyrir. Dregið er úr samdrætti ríkisins á næsta ári.

EFNAHAGSMÁL Náðst hefur samkomulag milli stjórnvalda og starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um aðra endurskoðun efnahagsáætlunar þeirra sem stjórnvöld og sjóðurinn komu sér saman um í nóvember í fyrra.

Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS með aðsetur hér á landi og Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS um málefni Íslands, kynntu niðurstöðu viðræðna sem staðið hafa frá fyrsta desember á fundi í Seðlabankanum í gær.

Fram kom á fundi þeirra að slakað hefur verið á kröfu um niðurskurð hjá ríkinu frá fyrri áætlun. Núna er gert ráð fyrir að niðurskurður nemi 4,5 prósentum af landsframleiðslu, í stað 5,5 prósentu áður. „Hvar nákvæmlega verður skorið niður er stjórnvalda og almennings á Íslandi að ákveða,“ áréttaði Flanagan, og taldi að með áætluninni væri gætt að lykilmáttum í uppbyggingu norræns velferðarsamfélags.

Flanagan sagði að í viðræðunum hafi verið lögð áhersla á fjárhagsáætlun ríkisins 2010, leiðir til að stýra opinberum skuldum og skref til að endurfjármagna fjármálakerfið og styrkja regluverk þess. Stjórnvöld og sendinefndin vænta þess að í janúar verði búið að hrinda í framkvæmd öllum stefnumarkandi aðgerðum sem varða aðra endurskoðun áætlunarinnar. „Að því gefnu að fjármögnun áætlunarinnar sé trygg má ætla að



Á FUNDI Í SEÐLABANKANUM Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) með aðsetur hér á landi og Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi, kynntu niðurstöðu viðræðna sem fram hafa farið frá mánaðamótum vegna annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

leggja megi endurskoðunina fyrir framkvæmdastjórn AGS,“ bætti hann við.

Flanagan segir að þótt sendinefndinni sé ljóst að hagkerfi landsins standi frammi fyrir erfiðri aðlögun þá hafi aðgerðir, sem þegar hafi verið gripið til, orðið til þess að gera samdráttinn minni en búist hafi verið við. Hann sagði búist við að hagvöxtur taki við sér á ný þegar á næsta ári og að með styrkri stjórn peningamála væru innan seilingar markmið hvað varðar stöðugleika krónunnar og verðbólgu.

Sendinefndin komst að því að horfur hafi batnað hvað varðar

opinberar skuldir, en í því speglast endurfjármögnun tveggja stóru bankanna. Þá séu heildaskuldirnar líka heldur lægri, en erlendar skuldir einkafyrirtækja hærrí en búist hafi verið við. „Heildarbyrði erlendra skulda er því aðeins yfir fyrri áætlunum,“ sagði hann, en áréttaði að þær væru viðráðanlegar. Gert er ráð fyrir að heildarskuldbyrði þjóðarinnar verði nær 307 prósentum af landsframleiðslu, nokkuð undir orðrómi um annað, að sögn Flanagans. Inni í þeim útreikningum er bæði endurfjármögnun bankanna og kostnaður vegna Icesave.

olikk@frettabladid.is



HERJÓLFUR Sami ugginn og síðast.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Herjólfur bilaður:

Jafnvægisuggi laskaðist aftur

VESTMANNAEYJAR Annar jafnvægisuggi Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfur laskaðist þegar hann rakst utan í bryggju í Vestmannaeyjum á mánudagskvöld. Glest hafði að taka uggann inn áður en skipið sigldi að.

Ugginn hafði verið bilaður nokkuð lengi þegar Herjólfur var tekinn í slipp í haust.

Heiðar Halldórsson stýrimaður telur þó að hægt verði að gera við uggann án þess að skipið fari í slipp aftur. Það kemur þó í ljós í dag, þegar skemmdirnar verða skoðaðar.

„Þetta er sami ugginn og síðast, en það er ekki það sama sem er að, skilst mér,“ sagði Heiðar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

- gb

BORGARBYGGÐ

Veidimenn leigja leitarkofa

Borgarbyggð hefur leigt Veidifélagi Arnarvatnsheiðar skála og hesthús í Álftakrók og við Úlfsvatn. Sem fyrr hafa þó fjárleitarmenn forgang að húsunum í leitum á haustin.

Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum.

**3G sími,
snertiskjár,
24 þúsund
í inneign, 160
þúsund vinir.**

Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 min/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.



24 þúsund
í inneign
yfir 12 mán.

LG Viewty
Útborgun

0kr.

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreiðsluverð: 34.900 kr.

*Greiddudreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube.

- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapíxla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth

Stærsti
vinahópur
á Íslandi



Tveir mánuðir skilorðsbundnir:
Nefbraut mann á tjaldstæði

DÓMSMÁL Maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 200 þúsunda króna í skaðabætur fyrir að nefbrjótta mann á tjaldstæðinu á Flúðum í sumar sem leið.
Árásarmaðurinn kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og játaði sök, en mótmælti framkominni bótakröfu. Kvaðst hann í umrætt sinn hafa verið áreittur af fórnarlambinu, sem hann hefði ekki þekkt. Árásarmaðurinn var sautján ára þegar hann nefbraut hinn. Með vísan til játningar hans og ungs aldurs þótti rétt að skilorðsbinda refsinguna. - jss

Efnahags- og viðskiptaráðherra gagnrýnir ótrygg veð fyrir lánum Seðlabankans:
Seðlabankinn gerði afdrifarík mistök

ALÞINGI Seðlabanki Íslands gerði afdrifarík mistök þegar hann ákvað að taka svokölluð ástarbréf sem veð fyrir lánaþingreiðslum til íslensku bankanna. Þetta sagði Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, á Alþingi í gær.
Björn Valur Gíslason, Vinstri grænum, innti Gylfa eftir skoðun sinni á nýrri úttekt Ríkisendurskoðunar á störfum Seðlabankans í aðdraganda bankahrunsins. Spurði Björn Valur hvort Gylfa þætti tilefni til að rannsaka aðkomu æðstu stjórnenda Seðlabankans að þessum ákvörðunum.
Gylfi sagði ljóst að Seðlabankinn hefði beðið verulegt tjón af lánveitingum til íslenskra banka. Það væri nú metið á 270 milljarða, kynni að hækka eða lækka, en sé

þó augljóslega stærsta einstaka áfallið sem íslenski ríkissjóðurinn varð fyrir.
Ekkert sé við það að athuga að Seðlabankinn veiti bönkum sem hann þjónustar lánaþingreiðslu. „Það er hins vegar alveg ljóst að Seðlabankinn gerði afdrifarík mistök þegar ákveðið var hvaða veð voru tekin voru fyrir lánunum,“ sagði Gylfi. Ástarbréfin sem tekin voru að veði séu í dag verðlaus, en sem dæmi nefnir Gylfi að evrópski seðlabankinn, sem einnig lánaði íslensku bönkunum, hafi gert kröfu um veð í ríkisskuldabréfum og útlánasöfnum bankanna og hafi litlu sem engu tapað.
Hugsanlegt sé að rannsaka þurfi málið sérstaklega, en þó sé rétt að bíða niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis fyrst. - sh



GYLFI MAGNÚSSON



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Samtökin Nýtt Ísland:
Vilja réttlátar leiðréttingar á bílalánum

MÓTMÆLI Samtökin Nýtt Ísland standa fyrir mótmælum fyrir utan húsnæði fimm fyrirtækja sem lána til bifreiðakaupa í dag. Safnast verður saman fyrir utan fyrirtækin og flautað stanslaust í þrjár mínútur.
„Mótmælin byrja klukkan 12 hjá Íslandsbanka Kirkjusandi. Bílalestin fer síðan að höfuðstöðvum SP Fjármögnunar að Sigtúni 42, þaðan að Lýsingu í Ármúla. Tryggingamiðstöðin Síðumúla verður heimsótt og við endum á Suðurlandsbrautinni hjá Avant. Aðgerðir eru boðaðar í hádeginu alla þriðjudaga í vetur eða þar til „réttlátar leiðréttingar vegna höfuðstólshækkunar bílasamninga bílalánaþingirtækjanna gagnvart lántakendum verður mætt“ eins og segir í tilkynningu.

Tíu mánaða fangelsi:
Braut gegn dóttur og vinkonu hennar

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni og vinkonu hennar. Stúlkurnar voru tólf ára þegar hann braut gegn þeim í sumarhúsi árið 2008.
Maðurinn neitaði sök fyrir dómi. Héraðsdómur taldi sekt hans sannaða og að hann ætti sér engar málsbætur. Auk þess að greiða sakarkostnað var manningum gert að greiða dóttur sinni 450 þúsund í bætur og vinkonu hennar 200 þúsund krónur. - jss

Já, við bjóðum upp á vildarþjónustu.

Fyrir alla okkar viðskiptavini.

Súsanna Antonsdóttir, viðskiptastjóri

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjalddeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.
Hafðu samband í síma 540 3200.

MP BANKI
Borgartúni 26 • www.mp.is

NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!

FONIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.

Hátúni 6a • 105 Reykjavík
Sími 552 4420 • www.fonix.is



MÓTMÆLA TALIBÓNUM Stuðningsmenn íslamska stjórnmálaflokksins Jamiat Ulema í Pakistan komu saman í Karachi til að mótmæla sjálfsvígisrásum talibanahreyfingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heilbrigðisráðherra fordæmir ofbeldisverk í mótmælum síðasta vetrar:

Álfheiður biðst ekki afsökunar

ALÞINGI Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sér ekki ástæðu til að biðjast afsökunar á þátttöku sinni í mótmælunum síðasta vetur eða ummælum sem hún lét falla um framgöngu lögreglu í þeim. Þetta sagði hún á Alþingi í gær.

Gunnar Bragi Sveinsson, Framsóknarflokkur, beindi þeirri fyrirspurn til Álfheiðar hvort hún væri enn sömu skoðunar og þegar hún sagði í fjölmiðlum að handtaka ungs manns sem leiddi til upphots við lögreglustöðina á Hverfisgötu hefði verið hefndaraðgerð lögreglu gegn mótmælendum. Jafnframt hvort hún væri tilbúin til að biðja lögreglu afsökunar á ummælunum og þátttöku sinni í mótmælunum.

Vísaði Gunnar Bragi meðal annars til harðorðrar gagnrýni formanns Landssambands lögreglumanna á framgöngu Álfheiðar, og fréttu af því að ný lögreglumenn hygðust sækja sér bætur vegna meiðsla sem þeir hlutu í mótmælunum, sumir hverjir varanlegra.

„Sú sem hér stendur hefur ekki beitt neinu ofbeldi með þátttöku í mótmælaaðgerðum og hefur þvert á móti fordæmt ofbeldi,“ svaraði Álfheiður. Hún hygðist því ekki biðjast afsökunar. „Við gerðum það sem þurfti að gera, við fórum út á götur og mótmæltum og, háttvirtur þingmaður, það bar tilætlaðan árangur,“ sagði hún.



GERÐI ÞAÐ SEM ÞURFTI Álfheiður minnti á að mótmælendur hefðu myndað skjaldborg um lögregluna fyrir utan Stjórnarráðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- sh

Forseti Íslands í Ohio:

Gerður að heiðursdoktor

FÓLK Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var gerður að heiðursdoktor Ríkisháskólans í Ohio, fjölmennasta háskóla Bandaríkjanna, á sunnudag.

„Forseta var veittur þessi heiður fyrir framlag hans til alþjóðasamfélagsins og baráttunnar gegn loftslagsbreytingum, fyrir að efla samstarf vísindamanna og fræðastofnana á vettvangi umhverfismála og nýtingar náttúruauðlinda og stuðla þannig að lausnum á brýnum vandamálum veraldar,“ segir í fréttatilkynningu sem embætti forseta sendi frá sér í gær.

- sbt

Gefðu vatn

Þörfin fyrir framlög til hjálparstarfs hefur sjaldan verið meiri bæði hér heima og erlendis. Í fátækustu ríkjum Afríku og Asíu vinnum við að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu og almenna afkomu.

Við eflum fólk til sjálfshjálpar og styrkjum konur sérstaklega.

og von

Hér heima veitum við fjölskyldum í fjárhagsvanda umfangsmeiri aðstoð en nokkru sinni með ráðgjöf, mat, fatnaði, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn.

Við komum gjöfinni þinni í þakklátar hendur, þangað sem hennar er virkilega þörf.

Þú getur valið að:

- greiða valgreiðslu í heimabanka
- gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is
- gefa frjálst framlag á framlag.is
- leggja inn á reikning 334-26-50886 kt. 450670-0499
- hringja í söfnunarsíma 907 2002 fyrir aðstoð innanlands eða 907 2003 fyrir aðstoð erlendis

Helmingur framlaga rennur til aðstoðar innanlands.



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



ISMAIL HANIYEH Leiðtogi Hamas ætlar ekki að láta sér nægja Gasa. NORDICPHOTOS/AP

Frelsi fagnað í einangrun

Hamassamtökunum tókst að fá tugi þúsunda til þess að fagna frelsun Gasasvæðis, þrátt fyrir lamandi einangrun, fátækt og harðvítug stríðsátök.

GASA, AP Tugir þúsunda komu saman í Gasaborg í gær til að fagna 22 ára afmæli Hamas-samtakanna og sýna að samtökin njóti enn víðtæks stuðnings á Gasasvæðinu, þrátt fyrir að Ísrael haldi svæðinu í nánast algerri einangrun með viðvarandi fátækt.

Samtökin hafa farið með völd á Gasasvæðinu eftir að Palestínustjórn hraktist þaðan í kjölfar blóðugra átaka milli Hamas og Fatah, hinna tveggja helstu hreyfinga Palestínnumanna.

Gasaborg var fagurlega skreytt í tilefni dagsins með grænum borðum og fánum Hamas-hreyfingarinnar. Nokkrir helstu leiðtogar Hamas fluttu ræður og hljómsveitir komu fram.

„Gasa er frjáls, Gasa er staðföst,“ söng karlakór og Ismail Hanyeh, leiðtogi Hamas, sagði að hreyfingin muni hvorki leggja niður vopn né viðurkenna tilveru rétt Ísraelsríkis.

„Þessi hreyfing frelsaði Gasasvæðið með hjálp herskárra hópa,“ sagði hann, og bætti því við að samtökin ætli ekki að láta sér nægja Gasa, heldur horfi til allrar Palestínu.

„Frelsun Gasasvæðis er aðeins skref í áttina að frelsun allrar Palestínu.“

Ísrael lokaði Gasasvæðinu í júní 2006 eftir að herskáir Palestínnumenn tengdir samtökunum rændu ísraelska hermanningum Gilad Schalit. Einangrunin var hert ári síðar þegar Hamas hrakti sveitir tengdar Fatah-samtökunum og Palestínustjórn frá svæðinu.

Ghazi Hamad, einn af hófsamari leiðtogum samtakanna, segir að þau geti ekki stjórnað svæðinu upp á eigin spýtur til lengdar:

„Enginn getur rekið Hamas út af leiksviði stjórnmálanna, en Hamas getur ekki leikið einleik og það getur Fatah ekki heldur.“

gudsteinn@frettabladid.is

5125050 Auglýsingasími

– Mest lesið

www.lapulsa.is

Ég veit hvað fólk vill!

Íslendingar borða **SS pylsur**

Le 27 Pulsa



Þú getur lækkað höfuðstólinn á bílaláninu

Við færum höfuðstól erlendra bílalána og bílasamninga niður um 23% að meðaltali

Nú geta viðskiptavinir Íslandsbanka gert skil-málabreytingu á bílalánnum og bílasamningum sem lækkar höfuðstól og getur létt greiðslubyrði.

Hvað er höfuðstólslækkun?

Höfuðstóll erlendra bílalána og bílasamninga er lækkaður m.v. ákveðið gengi. Láninu er svo breytt í íslenskar krónur með breytilega óverðtryggða vexti.

Hve mikil er lækkunin?

Miðað við gengi 20. október 2009 er lækkun erlendra lána að meðaltali um 23%. Lækkun höfuðstólsins er breytileg eftir myntum. Höfuðstóll verðtryggðra lána lækkar u.þ.b. um 5%, miðað við eftirstöðvar í október 2009.

Hvernig breytist greiðslubyrðin?

Greiðslubyrðin getur hækkað þar sem lánið verður í íslenskum krónum með breytilega óverðtryggða vexti. Til þess að lækka greiðslubyrðina má lengja lánstímann um ¼ af þeim tíma sem eftir er en þó aldrei meira en 36 mánuði.

Hve lengi er hægt að sækja um höfuðstólslækkun?

Til 1. mars 2010.

Hverjir geta nýtt sér höfuðstólslækkun?

Þeir einstaklingar sem tóku erlent/verðtryggt bílalán eða bílasamning fyrir 15. október 2008 og eru með lánið í skilum.

Hver verða vaxtakjör eftir höfuðstólslækkun?

Vextir skv. gjaldskrá Íslandsbanka Fjármögnunar eru nú 13,1%. Veittur verður afsláttur af þeim fyrsta árið, sem nemur 2,6 prósentustigum. Miðað við óbreytt vaxtastig þá verða vextir 10,5% fyrsta árið.

Dæmi um höfuðstólslækkun

Á myndum A og B er sýnt raunverulegt dæmi um bílasamning sem gerður var um mitt ár 2007 til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning var 50% JPY og 50% CHF. Eftir eru 65 mánaðarlegar greiðslur sem yrðu 101 með hámarks lengingu lánstímans.


Hentar þessi lausn öllum?

Nei, hver og einn þarf að veita og meta kosti og ókosti þess að breyta láni sínu. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum og hugsanlega henta aðrar lausnir betur, t.d. greiðslujöfnun ríkisins.

Skoðuðu lánið þitt

Á heimasíðu okkar er að finna nánari upplýsingar og ítarlegri svör við spurningum sem gætu vaknað. Nú getur þú, með innskráningu kennitölu og lykilorðs, skoðuð hvernig lánið þitt myndi breytast við ólíkar leiðir. Þar getur þú einnig sótt um breytingar á láninu þínu. Lykilorðið þitt hefur verið sent í netbankann þinn.

Kynntu þér málið á islandsbanki.is/fjarmognun eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400



A

Höfuðstólslækkun

Höfuðstóll 29.10.2009

5.699.000

Lækkaður höfuðstóll

4.292.000

B

Greiðslubyrði

Án lækkunar

Greiðslubyrði nú
91.200

Með lækkun
höfuðstóls án
lengingar

Fyrsta greiðsla
83.560

Með lækkun
höfuðstóls
og hámarks
lengingu

Fyrsta greiðsla
61.325

fjarmognun@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarmognun
Sími 440 4400


Íslandsbanki

OF MIKIÐ AÐ BERA?
- Láttu okkur um það



Nýja Sendibílastöðin
568 5000
www.sendibilar.is

SAMA VERÐ
fyrir alla jólapakka
hvert á land sem er

Landflutningar
SAMSKIP

790 kr.

Hámarksþyngd 30 kg eða 0,1 m³

Við erum sérfræðingar
í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma
er að finna á landflutningar.is

Landflutningar
SAMSKIP

Nýtt frumkvöðlasetur opnað:

Orkuver ræst í Elliðaárdalnum

MENNING Nýtt frumkvöðlasetur var opnað í aflagðri rafveitu- byggingu í Elliðaárdal í gær. Setrið er nefnt eftir húsinu sjálfu sem heitið hefur Toppstöðin. Að því er kemur fram í tilkynningu verður í setrinu orkuver hugvits og verkþekkingar rekið af félags- samtökunum Toppstöðinni og hafi að markmiði að styðja við nýsköpun á sviði framleiðslu og hönnunar og auka tengsl milli hönnunargreina og iðngreina. „Toppstöðin mun á komandi mánuðum byggja upp öflugt starf með fjölbeyttri



Í **TOPPSTÖÐINI** Hanna Birna Kristjánsdóttir opnaði nýja frumkvöðlasetrið.

dagskrá, fyrirlestur, vinnustofum, námskeiðum og þróunarverkefnum,“ segir í kynningu. - gar



Í **HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Einar Karl Hallvarðsson hjá ríkislögmanni og Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður DekaBank, ræða málin áður en kom að fyrirtöku í máli umbjóðanda Ragnars á hendur íslenska ríkinu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Takast á um frávísun eftir gagnaöflun

Pýskur banki stefnir íslenska ríkinu vegna setningar neyðarlaganna í október. Fjármálaeftirlitið fékk þá heimildir til að skipta upp bönkum í greiðsluvanda. Málið er það fyrsta sinnar tegundar. Lögmaður bankans á eins von á fleirum.

DÓMSTÓLAR Fyrsta dómsmálið þar sem reynir á gildi neyðarlaganna sem sett voru við fall bankakerfisins í fyrrahaust var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Lögð voru fram gögn og fundinn dagur um miðjan febrúar næstkomandi fyrir málflutning vegna kröfu ríkisins um að málinu verði vísað frá dómi.

Í málinu stefnir DekaBank Deutsche Girozentrale íslenska ríkinu. Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður DekaBank, segir að enn sé málið það eina þar sem tekist er á um gildi neyðarlaganna. Með þeim var bönkunum meðal annars skipt upp í nýja og gamla. Málið er þó ekki rekið sem einhvers konar prófmál og segir Ragnar að ekki myndi koma honum á óvart þótt fleiri mál yrðu höfðuð á hendur ríkinu vegna neyðarlaganna.

Málsskjöl eru 33 talsins, en bæði Ragnar og Skarphéðinn Þórisson, lögmaður ríkisins, áskilja sér rétt til frekari gagnaöflunar.

Meðal gagna sem Ragnar á eftir að afla eru bréfaskriftir sem sanna að DekaBank hafi óskað eftir upplýsingum eftir fall bankanna, en það sagði hann fyrir dómi að hefði verið vefengt af hálfu ríkisins. „Þá er ágreiningur um tilraun ríkisvaldsins til að

kaupa 75 prósent í Glitni og örfá önnur atriði,“ sagði hann.

Skarphéðinn sagði að einnig væri beðið endanlegs álits ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, varðandi setningu neyðarlaganna, en það yrði lagt fyrir dóminn með öðrum skjölum.

Ragnar lagði fyrir dóminn að þessu sinni útdrátt úr skýrslu sem skilanevnd Glitnis sendi um miðjan október síðastliðinn öllum sem hagsmuna áttu að gæta í gamla- bankanum, en í honum er farið yfir efnahagsstöðu gamla og nýja bankans. Þá lagði hann fram upplýsingar um fjárhagsstöðu Íslandsbanka og síðustu áramót og efnahagshreyfingar frá miðjum október 2008 til áramóta.

Neyðarlögin voru samþykkt á Alþingi 6. október 2008 með 50 atkvæðum. Þingmenn Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Framsóknarflokks samþykktu lögin. Þingmenn Vinstri grænna og Frjálslyndra sátu hjá. Lögin færðu Fjármálaeftirliti valdheimildir til að taka yfir og skipta upp fjármála fyrirtækjum, en stjórn- arandstæðingar voruðu við því í umræðum um lögin að með svo víðtækum heimildum reyndi á þanþol stjórnarskránnar.

ollikr@frettabladid.is

Jólastús í eld

Á öllum reykdyr hand- njara próf- að a.m. natu elda- dyr þess- þess- ýmsu- því að- heimili- fjölbyl- Litið ald- meðan- þess að- hellum- eldfimt- ingarpott- húsbun- potti á- eldur kvik- nauðsyn- Alls ekki- eldinn –- Reynið ek- potti út. Hringið- síma 112. Legg- yfir logandi- eða rennið- potti yfir. Sé- helluborði- varlega- undir hell- þarf að- gufugleyp- getur sains- auðveldlega- Gott er að- á heimili- sínu herbergi- Einn á- merki með- ELDUR! Hver- herbergisdyr- dýrnar séu- flóttaleiðina. Allir- fyrirfram- utandyra, einn- slökkviliðið.

Fylgjumst vel með kertunum

Aðventan er hátt eftirvaentingar, með jólakökum, ljósum og kertum. Fallegar kertaskreytingar og birtan frá kertaljósnum er ómissandi á þessari árstíð. En við gleymum því oft að til að koma í veg fyrir bruna þarf að umgangast kerti með varúð. Enginn ætlar sér að ganga hirðuleysislega um kertaljós en stressið í desember getur verið mikið. Því kemur það fyrir að það gleymist að slökkva á kertaljósnum, þrátt fyrir fögur fyrirheit. Eins einföld og falleg kerti eru þá er margt sem þarf að hafa í huga og gott að venja sig á við notkun þeirra.

Hér er einfaldur listi til að tryggja öryggi kerta á heimilinu:

- Er ekki alltaf einhver í herberginu þegar kerti loga?
- Er kertið á stöðugu undirlagi?
- Er undirlagið hita- og brunapolið?
- Þolir flátið eða stjakkinn örugglega hitann?
- Er kertakveikurinn styttri en 10 sentimetrar?
- Er stíllt loft þar sem kertið er? (Enginn dragsúgur)
- Eru gardínur í öruggri fjarlægð?
- Er kertið ekki í öruggri fjarlægð frá hillum eða skáp að ofan?
- Er sprittkertið í fláti sem verndar borð eða dúk fyrir hitanum?
- Eru kerti sem standa nálægt hvert öðru í sömu hæð?
- Er ekki slökkt á öllum kertum þegar farið er úr húsi?
- Eru borðar, servíettur eða skreytingar í öruggri fjarlægð frá kertinu?

Munum að slökkva á kertunum

Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna.
Njótum dýrðarinnar en látum kerta-
skreytingar og ljós aldrei loga án eftirlits.
Verum örugg um hátíðarnar.

SJÓVÁ

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

Fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur:
Kynnti íslensk
verkefni í Höfn

Jakob S. Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu hjá Orkuveitu Reykjavíkur, kynnti verkefni fyrirtækisins um endurnýjanlega orkugjafa á ráðstefnunni í dag.



JAKOB S. FRÍÐRIKSSON

Jakob sagði frá CarbFix-verkefni fyrirtækisins, en þar er koltvísýringi sem kemur upp með jarðgufu dælt djúpt í berglög. Þá er fyrirtækið einnig að vinna í samgöngumálum, bæði í þróun vetnis og metangass sem eldsneytis. „Þá fór ég yfir söguna, en þangað til í kreppunni sem ríkti árið 1973, keppti heita vatnið við olíu um kyndingu húsa. Nú er kreppa á ný og lag að huga að samgöngumálum.“

Gríðarlegar tafir við skráningu: Purftu að bíða klukkutímum saman

Fjöldi gesta kom til ráðstefnunnar í gær, þegar síðari vikan hófst. Búist var við miklum fjölda, en eitthvað virðist hann hafa farið fram úr hugmyndum skipuleggjenda.

Gríðarlega langar raðir mynduðust við skráningarborðin og teygðu þær sig langt út úr húsinu og að jarðlestarstöð í grenndinni. Þar mátti heyra reiða fulltrúa kvarta yfir skipulagsleysi. Jakob S. Friðriksson frá Orkuveitunni var einn þeirra sem lenti í vandræðum, en eftir að hafa staðið í klukkutíma, án þess að röðin hreyfðist úr sporunum, fékk hann vörð til að hleypa sér fram fyrir; annars hefðu ráðstefnugestir orðið af erindi hans.



SKÝRSLAN KYNNT Kuupik Kleist, Pehr Stig Møller, Jonas Gahr Store og bandaríski vísindamaðurinn Bob Corell kynntu nýja skýrslu um áhrif hlýnunar loftslags á isinn á Grænlandi ásamt Dahl-Jensen.

Ísinn á Grænlandi bráðnar enn hraðar

Ný skýrsla heimskautaráðsins sýnir að ísinn á Grænlandi bráðnar mun hraðar en áður var talið. Utanríkisráðherrar Danmerkur og Noregs segja að bregðast verði strax við. Hitastig á Grænlandi hækkar tvöfalt meira en annars staðar.

Vísindamenn á vegum heimskautaráðsins hafa sent frá sér skýrslu sem sýnir að heimskautaisinn á Grænlandi bráðnar mun hraðar en áður var talið. Tilvikum þar sem ísjakar brotna frá massanum hefur fjölgað um 30 prósent á áratug, úr 330 milljörðum tonna í 430 milljarða tonna.

Dorthe Dahl-Jensen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, er leiðtogi verkefnisins. „Við vitum að Norðurheimskautið hefur hlýnað gríðarlega síðustu hálfu öldina og hitinn á Grænlandi hefur hækkað meira en tvisvar sinnum heimsmeðaltalið. Þrátt fyrir að þetta væri vitað kemur það mjög á óvart og er ógnvekjandi að sjá hve hratt íshellan yfir Grænlandi bráðnar.“

Spurð hvaða ráð hún vildi gefa

stjórnmalámmönnum sem þinga víða hér í Bella Center, sagði hún það ekki vera í hennar verkahring. Hún sýndi fram á staðreyndir sem stjórnmalámmenn yrðu að vinna úr. „Stjórnmalámmenn óttast alltaf það sem vísindamenn leggja til málanna.“

Norski utanríkisráðherra, Jonas Gar Støre, hefur gefið út skýrslu í samvinnu við Nóbelsverðlaunahafann Al Gore. Jonas segir skýrsluna hafa sýnt að ástandið á Norðurheimskautinu hafi á síðustu árum farið úr því að vera alvarlegt í að verða enn verra. Það sem áður hafi virst ófgafullar aðstæður sé nú normið þar nýrðra.

„Kaupmannahafnarráðstefnan verður að takast, það er ekkert flóknara. Við verðum að fara að hugsa hnattrænt um vandann í stað

þess að einblína á nærumhverfið.“ Undir þetta tók Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur. Kaupmannahöfn gæti orðið byrjun á nýju ferli.

Kuupik Kleist, forsætisráðherra Grænlands, segir heimsbyggðina verða að hugsa sem heild. Hann minnir þó á að heimskautaisinn sé ekki bara heimkynni framandi dýra, þar búi einnig fólk. Breytingar á loftslagi hafi sérstaklega mikil áhrif á fólk sem lifir á náttúrunni.

Í skýrslu heimskautaráðsins segir að sé ekkert að gert muni bráðnun íshellunnar á Grænlandi stuðla að 5 til 10 sentímetra hækkun yfirborðs sjávar árið 2100. Hafi hlýnun loftslags sömu áhrif á brotnun ísjaka og undanfarið geti yfirborð sjávar hækkað um 20 sentímetra árið 2100.



KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPE
Skrifur frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is

ESB vill minna en 2° hlýnun: Rússar boða minni útblástur

Rússar hyggjast standa við yfirlýsingar Dimitri Medvedev, forseta landsins, um að útblástur gróðurhúsalofttegunda verði fjórðungi minni árið 2020. Þeir kynntu ítarlegar leiðir sem stjórnin ætlar að fara eftir til að ná þeim markmiðum.

Eftir hrun Sovétríkjanna minnkaði orkunotkun þar í landi gríðarlega. Hún hefur þó aukist til muna síðustu ár. Bedritsky, ráðgjafi forsetans í orkumálum, kynnti ráðstefnugestum hvernig Rússar ætluðu, með fjölda lagasetninga, betra eftirliti og aukinni hlutdeild annarra orkugjafa en olíu, að standa við þessi markmið. Gas sér þeim nú fyrir 55 prósent af orkuþörf, miðað við 42 prósent árið 1990 og notkun orkugjafa, annarra en úr jarðefnum, hefur aukist úr fimm prósentum árið 1990 í tólf prósent árið 2007.

Evrópusambandið hyggst knýja á um að tryggt verði að loftslag jarðar hlýni ekki meira en 2° frá tímanum fyrir iðnyltingu. Til þess að það sé gerlegt, þurfa ríki lönd að samþykkja að árið 2020 verði útblástur gróðurhúsalofttegunda 30 prósent minni en árið 1990.



METNADARFULLIR Alexander Bedritsky, úr rússneska umhverfisráðuneytinu, og Oleg Pluzhnikov, ráðgjafi forsetans, voru bjartsýnir á áætlanir Rússa.

Minnum á desember- uppbótina

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.



MÁLIN RÆDD Fulltrúar nýta sér öll horn ráðstefnuhallarinnar til að ræða sín mál.

Fulltrúar fátækari ríkja sýndu einbeittan vilja sinn:

Gengu allir á dyr

Fulltrúar Afríkurríkja sýndu í verki að þeim er full alvara með að standa fast á sínu þegar þeir gengu á dyr í stóra salnum í Bella Center. Þá hættu þeir þátttöku í öllum nefndum og ráðum. Aðgerðirnar studdu 135 lönd, þar á meðal öll þróunarríkin, Kína og Indland.

Fulltrúarnir sögðu að hin ríki lönd hefðu engan samningsvilja sýnt og sýndu ekki afstöðu þróunarríkjanna skilning. Samningaviðræður fóru af stað á bak við tjöldin og síðdegis tókst að fá þróunarríkin aftur að samningaborðinu með fullvissu um að alvara byggji að baki viðræðunum.

Deilan hefur orðið til þess að ýmsir þjóðarleiðtogar hafa flýtt för sinni til Kaupmannahafnar. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, kemur hingað í dag, tveimur dögum fyrr en áætlað var.

Þróunarríkin hafa viljað framleggja ákvæði Kyoto-bókunarinnar frá 1997, en samkvæmt henni þurfa þróaðri ríki að borga sektir fari þau fram úr í útblæstri gróðurhúsalofttegunda, en undanskilur þróunarríkin slíkum gjöldum. Þau benda á að ríki lönd hafi grætt á menguninni hingað til. Nokkur ríki, til dæmis Bandaríkin, hafa ekki viljað skrifa upp á það, gjöldin verði að ganga jafnt yfir alla.

Í raun má skipta viðræðunum hér í tvennt; samkomulag um skiptingu kostnaðar á milli þróunar- og þróaðri ríkja og viðræður um hve mikið eigi að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Hópur sem kallar sig Climate Justice Action hvetur nú alla til að yfirgefa ráðstefnuna 16. desember til að mótmæla yfirgangi ríkari þjóða, hafi ekki tekist að semja þá.

Veiðileg Fól



Sierra Sweep tvíhendupakki
Glæsilegur tvíhendupakki frá Sierra. Fjögurra hluta stöng, vandað hjól, skotlína, undirlína, sökkaumur og kastkennsla á DVD.
Fullt verð 65.885
Jólatilboð aðeins 49.995



Ron Thompson Travel Force flugustöng
Vönduð flugustöng í fjórum hlutum. Poki og hólkur fylgja.
Fullt verð 14.995
Jólatilboð aðeins 10.995



Ísbor á jólalegu tilboði
Samanbrjótanlegur ísbor ásamt dorgveiðistöng, girni og 4 spúnum. Mjúk burðartaska fylgir og aukablöð í borinn.
Fullt verð 17.385
Jólatilboð aðeins 14.995



Ron Thompson hnífasett
Nauðsynlegt í veiðitúrinn. 3 góðir hnifar, stál og skurðarbretti. Öllu haganlega fyrirkomið í plasttösku. **Aðeins 5.995**



Alklæðnaður í veiðina
Neoprenvöðlur frá DAM í Þýskalandi. Áföst stígvél með filtbotni. Góður, vatnsheldur veiðijakki frá Ron Thompson.
Ótrúlegt jólatilboð aðeins 28.980 fyrir alklæðanað í veiðina



Ron Thompson vöðlupakki
Góðar öndunurvöðlur frá Ron Thompson ásamt skóm. Líklega besta verðið í bænum.
Fullt verð 44.990
Tilboð aðeins 35.980



Simms Freestone vöðlupakki
Simms Freestone öndunurvöðlur og Simms Freestone skór. Allir veiðimenn þekkjá Simms gæðin.
Fullt verð 59.800
Tilboð aðeins 48.980



Ron Thompson Nylo Stretch vöðlur
Einhverjar vinsælustu vöðlurnar síðastliðið sumar. Áföst stígvél með gúmmísóla.
Frábært verð. Aðeins 14.995
Og Ron Thompson Nylo Stretch klofstígvél aðeins 9.995



Okuma SLV fluguhjól
Vinsæl fluguhjól frá Okuma. Lítt álhjól með góðri bremsu. Margar stærðir. **Frábært verð. Aðeins frá 9.795 á jólatilboði**



Danvise
Vinsælasti fluguhnýtingavæsin sýðastliðin 10 ár.
Fullt verð 14.995
Jólatilboð aðeins 11.995



Veiðiflugur Íslands
Tímalaus bók. Sannkölluð biblía fluguveiðimannsins. Allar helstu íslensku veiðiflugurnar.
Aðeins 3.995



Fluguhnýtinganámskeið á DVD
Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur. Gott íslenskt fluguhnýtinganámskeið á DVD.
Aðeins 2.995 fyrir hvorn disk eða aðeins 4.995 fyrir báða diskana saman



Ron Thompson reyksuðuofn
Sífelt fleiri komast á bragðið. Einfalt og fljótlegt að töfra fram veislu úr villibráðinni.
3 stærðir. Verð aðeins frá 8.995



Gervigæsir
Ódýru gervigæsirnar. Trúlega þær mest keyptu á Íslandi undanfarin ár. 12 í pakka ásamt festijárnum.
Frábært verð. Aðeins 19.995



Gerviandasett
12 gerviendur. Blandaðar stellingar, bæði kyn. Blý og bönd fylgja. Góður burðarpoki undir allt saman.
Veglegur jólapakki skotveiðimannsins. Aðeins 12.995 fyrir allt saman



ProLogic skotveiðihanskar
Hlýir og vatnsheldir hanskar í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
Gott verð. Aðeins 4.995



Ron Thompson vöðlutaska
Vinsæl taska fyrir vöðlur og skó. Vatnsheldur botn, loftun í loki og motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 5.995



SPORTBÚÐIN

Munið vinsælu gjafakortin okkar



VEIÐIHORNID





STYTТА AF OBAMA Þessi stytta af Barack Obama Bandaríkjaforseta á barnsaldri var sett upp í almenningsgarði í Djakarta, höfuðborg Indónesíu. Obama ólst þar upp að hluta og gekk þar í skóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eins dauði er annars brauð: Skólakrakkar fá tölvur úr banka

SVEITARSTJÓRNIR Grunnskólinn á Hólmavík mun spara 1,4 milljónir króna á að kaupa lítið notaðar tölvur í stað þess að kaupa nýjar eins og til stóð. Um er að ræða öflugar tölvur með 19 tommu skjá og Windows 7 stýrikerfi á aðeins 35 þúsund krónur stykkið að því er segir í skýrslu Ásdísar Leifsdóttur sveitarstjóra.

„Er um að ræða lítt notaðar nýlegar tölvur sem keyptar voru fyrir fjármálastofnun á síðasta ári og ekki er not fyrir. Með þessu móti eignast skólinn loksins góðan tölvukost þar sem allar tölvurnar eru með nýjustu forritum,“ segir í fundargerð sveitarstjórnarinnar.

- gar

Þrír vogunarsjóðir eiga rúm tíu prósent krafanna

Fjöldi varúðarkrafna var lýst í þrotabú Glitnis og mun heildarkrafan lækka um hundruð milljarða. Erlendir vogunarsjóðir eru fyrirferðarmestir. Búist er við að þeir sömu verði meðal helstu kröfuhafa Kaupþings.

VIÐSKIPTI Ætla má að kröfuhafar sem lýstu kröfum í bú Glitnis fái á bilinu 690 til 860 milljarða króna af þeim 3.436 milljörðum sem sendar voru inn, eða á bilinu 20 til 23 prósent.

Þrír vogunarsjóðir eiga saman rúm tíu prósent krafna í þrotabú bankans, eða upp á um 350 milljarða króna. Fjármálafyrirtækið Burlington Loan Management, sem skráð er á Írlandi en tengist bandaríska vogunarsjóðnum Davidson Kempner Capital Management, á hæstu kröfuna, sem hljóðar upp á 150 milljarða króna. Það jafngildir um fjórum prósentum af heildarkröfum. Hinir tveir eru alþjóðlega félagið York Capital Management og bandaríski sjóðurinn Eton Park Capital Management. Kröfulýsingar síðastnefndu félaganna falla undir nokkra undirsjóði. Krafa hvors þeirra hljóðar upp á um hundruð milljarða króna.

Sjóðirnir, ásamt Davidson Kempner, áttu allir kröfu í bú Landsbankans og má gera ráða fyrir að þeir verði jafnframt fyrirferðarmiklir í kröfuhafahópi Kaupþings þegar frestur rennur út til að lýsa kröfu í búinu um áramót.

Á meðal annarra kröfuhafa eru hefðbundnari fjármálafyrirtæki. Þeirra stærst er breski bankinn Royal Bank of Scotland með kröfu upp á 130 milljarða króna. Þá gerir

Deka Bank í Þýskalandi kröfu upp á níutíu milljarða og Þýski bankinn KfW, kröfu upp á 34 milljarða. Aðrir bankar gera öllu lægri kröfur í búinu.

Árni Tómasson, formaður skilanevndar Glitnis, segir að lýst hafi verið kröfum í búinu upp á hundruð milljarða af varúðarástæðum. Þar á meðal er hundruð milljarða króna krafa frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda, sem hafi verið lýst til vara ef neyðarlögin héldu ekki og upp á 127 milljarða króna frá Glitni í Lúxemborg. „Krafan frá Lúxemborg er varúðarkrafa sem var send inn



ÁRNI TÓMASSON

til vara ef samkomulag við Seðlabanka Lúxemborgar um uppgjör við dótturfélag Glitnis þar gengi ekki eftir. Líkurnar á að okkur tækist ekki að efna þann samning eru nánast engar,“ segir Árni en vill ekki segja til um hvað megi ætla að há krafa falli niður. Ljóst er að hún hljóðar upp á rúma tvo hundruð milljarða króna.

Skilanevndin fundar með kröfuhöfum á næstu dögum þar sem farið verður yfir kröfuhafaskrána.

jonab@frettabladid.is

KENNIR ÝMISSA GRASA Í KRÖFUHAFASKRÁ

Fjármálafyrirtækið Burlington Loan Management var stofnað á þessu ári í tengslum við kaup á skuldabréfum Glitnis á eftirmarkaði. Það tengist bandaríska vogunarsjóðnum Davidson Kempner Capital Management, sem sérhæfir sig í fjárfestingum á skráðum hluta- og skuldabréfamarkaði. Það veðjaði á fall banka og fjármálafyrirtækja í bankahrinunni í fyrra, þar á meðal breska bankans Lloyds í byrjun september, samkvæmt gögnum breska fjármálaeftirlitsins.

York Capital Management og Eton Park sérhæfa sig bæði í kaupum á skuldabréfum fallinna fyrirtækja og endurreisn þeirra.

Á meðal annarra fyrirferðamikilla sjóða sem gera milljarðakröfur í bú Glitnis eru bandarísku vogunarsjóðirnir Longacre Capital Partners og Centerbridge Credit Partners.

Þá eru í kröfuhafaskránni kröfur frá innlendum félögum og einstaklingum,

svo sem Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka, sem gerir 5,8 milljarða kröfu í búinu. Á meðal einstaklinga er Ragnar Öundurson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Ein krafa vekur sérstaka athygli. Hún er frá Williams-liðinu í Formúlu 1. Hún hljóðar upp á tvo milljarða króna vegna slíta á samningum við liðið. Ekki hefur fengist gefið upp hvers eðlis sá samningur er.

Kröfuhafaskrá Glitnis telur 217 blaðsíður og eru lýstar kröfur 8.658 talsins.

BÍLL FRÁ WILLIAMS-LIÐINU Formúluliðið Williams gerir kröfu í bú Glitnis upp á tvo milljarða króna vegna rofa á samningi.



Arion banki býður
nú *viðskiptavinum*
með erlend og innlend
íbúðalán lausnir sem
lækka *höfuðstól* lána
og léttu greiðslubyrði.

Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Skoðaðu hvaða leið gæti hentað þér á arionbanki.is. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

 Arion banki

Pú veist hvar þú verstar fyrir þessi jó!!



LC32DH57S

BT VERÐ: 139.999

SHARP

32" LCD-SJÓNVARP / Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9) / Stafrænn DVB-T móttakari / Skerpa: 10.000:1 / Birta: 450 cd/m2 / Svartími: 6 ms / Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video
Verð kr. 149.900.-

CELESTRON
FirstScope Telescope
IYA2009 Official Product



Kosin „Vara ársins“
á alþjóðlegu ári
stjörnskóðunar
2009

**ÚRVAL
VANDAÐRA
STJÖRNUSJÓNAUKA**
Heillandi heimur
opnast þér!

BT VERÐ frá: 14.900



Sharp XL-DK227NH

SHARP

BT VERÐ: 39.999

Geislaspilari-Spilar MP3, CD-R/RW / Magnari: 2 x 32W / Innbyggð iPod vagma / Mini jack inngangur / AM/FM útlarp með RDS og 40 stöðva minni / Vekjaraklukka / 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi / Einföld og þægileg fjarstýring / **Verð: 43.900 kr.**

SAMSUNG

EC-E555



BT VERÐ: 24.999

KLASSA MYNDAVÉL

10. milljón pixlar / 2,5" skjár / 3x Optical Zoom / DIS (Digital Image Stabilization) / Face detection (allar andlitsmyndir verða eðlilegri)

OLYMPUS

BT VERÐ: 19.999



12 milljón pixlar / 3x aðrattarlinsa (36-108mm) / Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár / Sérlega einföld og þægileg í notkun / 16 handhægar tókustillingar / Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum / Videoupptaka / Tekur xD og micro SD Micro - minnskort / Tekur nærmýndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð

Nintendo



BT VERÐ: 29.999

DS-LEIKJATÖLVA

VÍÐFRÆG & VINSÆL

Ein allra vinsælasta leikjätölva heims. Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglæða á öllum aldri.



BT VERÐ: 219.999

LE-37B555

GLÆSILEGT 37" LCD SJÓNVARP

Háskerpu sjónvarpsmóttakari / Internet@TV / Upplausn: 1920 x 1080 / 100 Hz Motion Plus-mýkri hreyfing og enginn draugur
Verð kr. 239.900.-

Nintendo



BT VERÐ: 47.999

Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo SEM SLEGID HEFUR ÖLL SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!

Verbatim 47512



BT VERÐ: 21.999

Harður 3,5" diskur með hýsingu
1 Terabit

HÉR ERU KYMNT TIL SÖGUNNAR AÐEINS ÖRFÁ AF ÞEIM HUNDRUÐUM FRÁBÆRU TILBOÐA SEM ÞÚ FINNUR Í VERSLUNUM

BT



Nintendo

Wii
BLACK BEAUTY

BT VERÐ: 54.999

Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í nýrri útfærslu

SPORT RESORTS og MOTION+ fylgir svartri Wii

BT VERÐ: 9.999



Verbatim 47530

Háskerpu sjónvarpsflakkari með 500 GB hörðum disk

Geymir og spilar allar týpur af margmiðlunarskrám t.d. tónlist, myndbönd og ljósmyndir á sjónvarpsskjánum hjá þér eða í gegnum græjurnar án tölvutengingar. Þú getur einnig spilað gögn beint af tölvunni í gegnum netið (m/ snúru)
Verð: 34.900.-



BT VERÐ: 29.999

Skullcandy

LOWRIDER



BT VERÐ: 7.999

FLOTT HÖFUÐTÓL

SAMSUNG NC10

BT VERÐ: 89.999

Skjár: 10,2" WSVGA 1024 x 600 LED / Örgjörvi: Intel® ATOM™ N2701,6Ghz / Vinnsluminni: 1Gb DDR2 / Harður diskur: 160Gb 5400rpm S-ATA / Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél / Stýrikerfi: Windows XP HOME / Þyngd: 1,33 kg
Verð kr. 99.900.-



BT

BETRI TILBOÐ!

BT-SKEIFAN // BT-SMÁRALIND // BT-AKUREYRI ORMSSON

SÍMI 550.4444 // www.BT.is



„ORÐRÉTT“

Ósanngirni lífsins

„Það var með herkjum að manna tókst leikskólana í góðærinu og núna loksins þegar betur gengur að fá fólk til starfans erum við látin taka til eftir partíð sem okkur var ekki boðið í.“

HARALDUR GÍSLASON, DEILDARSTJÓRI Á LEIKSKÓLA
Fréttablaðið 14. desember.

Eðlileg verkaskipting

„Ég kom einungis að þeim gerningi að veðsetja hlutabréfin fyrir hönd þeirra sem á þeim héldu. Aðrir voru að vinna í endurfjármögnuninni í samvinnu við bankann.“

BJARNI BENEDIKTSSON, FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS OG FYRRV. STJÓRNARFORMAÐUR BNT.
DV, 14. desember.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? LÚÐVÍK BERGVINSSON, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR

Opnar lögmannsstofu í Kringlunni

„Það er það að fréttu að ég er búinn að opna lögmannsstofu,“ segir Lúðvík Bergvinsson, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar. Lúðvík opnaði stofuna Bonafide í Kringlunni fyrr í mánuðinum. Hann er eini eigandinn en samtals starfa þrjú á stofunni.

„Bonafide, reyndar í tveimur orðum, er latína og þýðir „í góðri trú“. Við ákváðum að fá þetta lánað,“ segir Lúðvík. Stofan tekur að sér mál tengd stjórnvöldum og viðskiptum, að sögn Lúðvíks. „Við erum afar ánægð með starfið,“ bætir hann við.

Áður en Lúðvík opnaði stofuna þurfti hann að ljúka við að innleysa málflytningarréttindin sín, og til þess varð hann að setjast á

skólabeck í tvo mánuði og þreyta þar til gert námskeið. „Það var talsvert strembið nám, það er víst sjöttíu prósentu fall í þessu,“ segir Lúðvík, sem náði þó prófinu.

En saknar Lúðvík ekkert stjórnmalavafstursins? „Það má segja sem svo að þetta var eitthvað sem ég ætlaði alltaf að gera. Pólitíkin er skemmtilegur vettvangur og skemmtileg reynsla, og ég bý að henni, en það er hins vegar alltaf gaman að takast á við ný verkefni.“ Og jólaundirbúningurinn er kominn á fullt hjá Lúðvíki og fjölskyldu. „Já, það má segja það. Undirbúningurinn hefur reyndar lagst þyngra á konuna heldur en mig en krakkarnir eru farnir að fá í skólinn og svona, þótt það komi kannski okkur foreldrunum ekki beint við.“



FRÓÐLEIKUR

JÓLASVEINARNIR

Vert er að rifja upp hvað Jón Árnason hafði um jólasveina að segja í þjóðsagnasafni sínu, núna þegar karlarnir koma til byggða hver af öðrum. Ein heimild hans (gömul kona) nefndi þessa þrettán: Tífill, Tútur, Baggi, Lútur, Rauður, Redda, Steingrímur og Sledda, Lækjaræsir, Bjálminn sjálfur, Bjálmans barnið, Litlipungur og Órvadrumbur. Eftir annari sögn voru þeir aðeins átta talsins og heita: Gáttaþefur, Gluggagægir, Pottasleikir og Pönnuskuggi, Guttormur og Bandaleysir, Lampaskuggi, Klettaskora.

tilveran
nær og fjærGlösin sem
gera góð vín
betri

Rauðvínsglas	55 cl.	1.295
Hvítvínsglas	40 cl.	1.195
Kampavínsglas	20 cl.	1.095



FASTUS

www.fastus.is
580 3900
Síðumúla 16


Efnadist á uppfinn-
ingu loftventilsins

Út er komin í fjórðu útgáfu „Heilræði fyrir unga menn í verzlun og viðskiptum“ eftir George H. F. Schrader. Bókin er líkast til eina hreindrækaða viðskiptafræðibókin sem út kemur hér á landi fyrir jól. Schrader var stórefnamaður sem kom hingað til lands árið 1912 og fyrirför sér á leið frá landinu þremur árum síðar.


Ævi Schraders hefur verið nokkrum leyndardómi hjúpuð en nú hefur útgefandinn enn grafið upp nýjar upplýsingar um hann.

Þýskættaður Bandaríkjamaður að nafni George H. F. Schrader eyddi hér síðustu þremur árum ævi sinnar áður en hann fyrirför sér árið 1915, aðeins 57 ára gamall. Hann bjó á Akureyri og sinnti margvíslegu menningar- og uppbyggingarstarfi, skrifaði bók um hesta og aðra bók þar sem hann deildi fróðleik sínum úr heimi viðskiptanna í Bandaríkjunum. Það eru „Heilræði fyrir unga menn í verzlun og viðskiptum“ sem nú er komin út í fjórðu útgáfu.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur gefur bókina út og telur líklegt að hún sé eina viðskiptafræðibókin sem út kemur á íslensku fyrir þessi jól. Hinar fjalli allar um hrúnið. Hann skrifar jafnframt nýjan innangang við útgáfuna, en hann hefur stundað töluverðar rannsóknir til að grafa fyrir um ævi Schraders sem hulin hefur verið nokkrum leyndarhjúp. „Eftir útgáfuna í fyrra fékk ég töluverðar ábendingar,“ segir Ásgeir, en fyrri útgáfur eru uppseldar, sem og frumútgáfan frá 1913. Texta bókar Schraders þýddi Steingrímur Matthíasson læknir, sonur Matthíasar Jochums-sonar þjóðskálds.



ÁSGEIR JÓNSSON



BÓK SCHRADERS Eftir hrúnið í fyrra lagðist Ásgeir Jónsson útgefandi í mikla heimildarvinnu um Schrader. Eftir að þriðja útgáfa kom út í fyrra fékk hann fjölda ábendinga og hefur grafið upp enn meiri upplýsingar um þennan merka mann, sem hvarf efnadur af sviði viðskiptanna til að sinna mannúðarmálum.

Í bókinni kemur fram að áður en Schrader bertist hér skyndilega árið 1912 hafði hann starfað á verðbréfamarkaðinum á Wall Street í 35 ár og stórefnast, en hingað kom hann frá Englandi. Í þessari útgáfu kemur jafnframt fram að grunnurinn að auði Schraders er uppfinnning hans á loftventlinum sem enn í dag er notaður nær óbreyttur á bildekk um heim allan.

Þegar Schrader kom hingað hafði hann áður fengið taugaáfall, var plagaður af banvænum sjúkdómi og undir það síðasta var farið að draga verulega af honum. Heilræði Schraders ganga mikið út á sómasamlega hegðun og að missa ekki sjónar á lífsins gæðum í græðgi og peningahyggju. Ráðin standast vel tímans tönn, en sem dæmi má nefna eitt heilræði sem átt gæti heima í hvaða samningatækniskennslubók sem er: „Þegar þú átt í ágreiningi, sem þú vilt lagfæra, settu þig í spor þess manns, sem þú átt í ágreiningi við, og reyndu að hugleiða málið frá hans sjónarmiði, mætt honum síðan miðja vegu.“

olikr@frettabladid.is

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum gefur hjálparstofnunum 900 kíló af humri:

Bágstöddum gefinn humar

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands fengu í gær afhent 900 kíló af humri frá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Humarinn er ætlaður til dreifingar meðal skjólstaðinga samtakanna fyrir jólin.

Landflutningar-Samskip tóku að sér að flytja humarinn til Reykjavíkur án endurgjalds, geyma hann hjá Samskipum og flytja á dreifingarstaði Fjölskylduhjálparinnar og Mæðrastyksnefndar.

Humrinum fylgja kveðjur frá Vestmannaeyjum með ósk um gleðileg jól og frið á nýju ári. Í tilkynningu er haft eftir Sigurgeiri Brynjari Kristgeirssyni, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar, að margir starfsmenn fyrirtækisins hafi kynnst atvinnuleysi og erfiðleikum þegar fyrirtækið sagði upp miklum fjölda fólks fyrir rúmum áratug. Þeir eigi því auðvelt með að setja í spor fólks sem á erfitt með að láta enda ná saman. -sh



GJÖFIN AFHENT Fulltrúar Fjölskylduhjálparinnar og Mæðrastyksnefndar tóku við gjöfinni frá fulltrúum Vinnslustöðvarinnar og Samskipa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

VILDARKORTHAFAR VISA OG ICELANDAIR

ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL JÓLA

ENNEIM / SIA / NM40278

Viltu taka þátt
í léttum leik á
www.valitor.is?
Þú gætir unnið
100.000 Vildarpunkta
eða gjafakörfu!

Nú erum við komin í jólaskap

Dagana 12.-24. desember færðu þrefalda veltutengda Vildarpunkta
hjá söluaðilum VALITOR þegar þú notar Vildarkort VISA og Icelandair.

VALITOR

VISA  **Vildarkort**

FBL-GREINING: FIMMTÁNDI LOFTSLAGSRÁÐSTEFNA SP

Fundur veikra vona

Fimmtánda loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hófst í Kaupmannahöfn í gær. Fulltrúar 192 ríkja sitja þar næstu tvær vikurnar til þess að ráða fram úr þeim vanda, sem losun gróðurhúsalofttegunda skapar.

■ Hvaða ráðstefna er þetta?

Loftslagsráðstefnur Sameinuðu þjóðanna hafa verið haldnar árlega síðan 1995, en tvisvar þó árið 2001. Mikilvægust þeirra er sú sem haldin var í Kyoto í Japan árið 1997, þegar samkomulag tókst um að 37 iðnríki myndu draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þátttakendur á þessum ráðstefnum eru fulltrúar allra aðildarríkja rammaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem haldin var í Ríó de Janeiro árið 1992. Alls undirrituðu 154 ríki samkomulagið sem tókst á þeirri ráðstefnu, en bæst hefur í hópinn síðan og aðildarríkin eru nú orðin 192.

■ Hvers má vænta?

Litlar líkur þykja til þess að bindandi samkomulag verði gert en vaxandi líkur eru á því að pólitískt samkomulag verði gert, sem útfært verði betur á næsta ári og þá hugsanlega sem bindandi alþjóðasamningur. Reiknað er með að auðugri iðnríki taki á sig að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á árunum 2012 til 2020, en fátækari þróunarriki láti sér nægja að hægja á aukningu losunar og takmarki jafnframt notkun jarðefnaeldsneytis.

■ Hvaða áhrif hefði samkomulag?

Sérfræðingar telja að þau markmið sem boðuð hafa verið nægi engan veginn til þess að koma í veg fyrir að hitastig á jörðu hækki hættulega mikið. Hættumörkin eru talin vera 2° hækkan á Celsiusskvarða frá því sem var áður en iðnbýlting hófst. Hitastigið hefur nú þegar hækkað um 0,7° síðan þá. Til þess að ná því marki, að hitinn hækki ekki meira en 2°, þarf losun gróðurhúsalofttegunda að ná hámarki og byrja að minnka á næstu 15 til 20 árum.



100% dúnsængur
Verð kr. **21.520**

Jólatilboð

Heilsukoddar
Verð kr. **8.560**

Opíð virka daga: 10-18, lau: 11-16 Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fagor þvottavél



A Orkunýtni

Fagor þvottavél

3F-1614

A Þvottahæfni

1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla. Timaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.

A Þeytivinda

Jólatilboð **89.900**

Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnigsgata 2 · Sími 460 0800

Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

FRÉTTAVIÐTAL: Nýr rektor Háskólans í Reykjavík

Græðum ekki endilega á sameiningu háskólanna

Ari Kristinn Jónsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar HR, tekur við embætti rektors háskólans í janúar. Hann segir háskóla gegna lykilhlutverki í samfélaginu, með rannsóknunum og sprotastarfsemi.

Ari Kristinn kom til starfa í Háskólanum í Reykjavík, HR, fyrir tæpum þremur árum. Þá hafði hann unnið fyrir geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, í um tíu ár en yfirlit spennandi starf þar er honum bauðst starf forseta tölvunarfræðideildar HR.

„Ég hafði kennt námskeið á mínu sérsviði, gervigreind, í HR og fannst mjög áhugavert hvað verið var að gera í skólanum,“ segir Ari Kristinn, sem segir þó ekki hafa verið á dagskrá að flytja heim en þegar staðan bauðst hafi hann og bandarísk eiginkona hans ákveðið að slá til og flytja til Íslands.

„Síðan þá hefur tíminn algjörlega flogið, hér hefur verið mjög gaman að vera þó að ýmislegt hafi dunið á í þjóðfélaginu. Háskólinn hefur eflst, rannsóknir hafa styrkst mjög mikið og það er óhætt að segja að við séum leiðandi í rannsóknum á mörgum sviðum innan þeirra fræða sem við kennum hér.

Ætlum ekki að breiða úr okkur

Háskólinn í Reykjavík er sérhæfður háskóli í honum eru viðskiptadeild, tölvunarfræðideild, tækni og verkfræðideild, laga-deild, kennslufræði- og lýðheilsudeild. Að sögn Ara Kristins stendur ekki til að taka upp kennslu í fleiri greinum.

„Við viljum alls ekki breiða úr okkur, heldur sinna okkar starfi enn betur. Starfið sem unnið er hér í HR er mjög dýrmætt fyrir samfélagið, við menntum tvo þriðju af tæknimenntuðu fólki og helminginn af viðskiptafræðingum landsins. Það sem við erum að gera hér er hluti af driffjörðinni sem heldur atvinnulífnum gangandi. Við höfum líka skipað okkur sess sem rannsóknarháskóli. Þannig held ég að við í HR höfum mikið hlutverk í samfélaginu, fyrir utan að ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hafa fjölbreytileika í háskólanámi, það sé bara til bóta fyrir kennslu og rannsóknir.“

Hvert er þitt viðhorf til sameiningar háskóla, telur þú að eigi að sameina háskólana á Íslandi frekar?

„Það sem þarf að gera er að skilgreina hvort háskólarnir hafi hlutverki að gegna í samfélaginu og hvaða hlutverki samfélagið kalli eftir. Út frá því og út frá gæðamati á skólunum á að ákvarða framhaldið. Þessi mál eru á borði menntamálaráðuneytisins, það hafa verið haldin mál-



ARI KRISTINN JÓNSSON Starfið sem unnið er í Háskólanum í Reykjavík er mjög dýrmætt fyrir samfélagið, segir væntanlegur rektor. FRÉTTAÐLAÐIÐ/ANTON

þing og ég hef verið ánægður með að sjá hvernig unnið er að þessum málum,“ segir Ari Kristinn. „Svo lengi sem fagleg sjónarmið eru höfð að leiðarljósi og þörfum samfélagsins er uppfyllt þá finnst mér fjöldinn ekki vera aðalatriði. Hins vegar á ekki að sameina bara til að sameina. Þegar verið er að tala um sameiningar þá er það oft rætt í ljósi sparnaðar en það liggur hins vegar ekki fyrir að sameiningar spari peninga, þær kosta peninga,“ segir Ari Kristinn og bendir á að sameining háskóla dragi líka úr valmöguleikum nemenda og minnki valmöguleika íslenskra vísindamanna.

Háskólinn í Reykjavík hefur verið í miklum tengslum við atvinnulífið, hversu mikil áhrif hafði hrun efnahagslífsins á skólann?

„Mestu áhrifin urðu í þeim niðurskurði sem hefur orðið til háskólanna, fjármagn til kennslu og rannsókna hefur verið skorið niður. Einnig hefur nemendum fjölgað án þess að starfsfólki hafi verið fjölgað, þvert á móti höfum við íhugað vandlega í hvert sinni sem einhver hefur hætt hvort við þurfum að ráða fólk í staðinn. Þar fyrir utan tók starfsfólk á sig sex prósentu launaskerðingu snemma á þessu ári. Framlag atvinnulífsins hefur auðvitað minnkað, hjá okkur eins og öðrum háskólum.“

Minnkuðu nýbygginguna

Þrátt fyrir efnahagsaðstæður er skólinn að fara að stækka við sig en kennsla hefst í nýju hús-

næði í byrjun næsta árs. „Það verður mjög mikill munur að vera á einum stað í stað þriggja eins og nú,“ segir Ari Kristinn sem fagnar tækifæri til aukinnar þverfaglegrar samvinnu í nýju húsnæði sem, þó að það sé minna en stóð til upphaflega, gefur háskólanum tækifæri til að taka við fleiri nemendum. „Við fækkuðum álumum í háskólanum um eina en byggingin var þannig hönnuð að það var ekki mikið mál. Þó höfum við tækifæri til að taka á móti fleiri nemendum, sem eru rétt um þrjú þúsund ídag.“

Hvernig sérðu framtíð Háskólans í Reykjavík fyrir þér?

„Ég sé fyrir mér að við höldum áfram á þeirri braut sem við erum á núna. Við þurfum að eflast sem rannsóknarskóli og samhliða því standa stöðugan vörð um gæði kennslunnar. Háskólar eiga að gegna lykilhlutverki og eru mjög mikilvægir fyrir atvinnulíf og samfélag, bæði þegar kemur að rannsóknum og nýsköpun. Ég sé ekki fyrir mér að við munum fjölga starfsmönnum á næstunni, en held að nemendur verði fleiri. Svo verðum við bara að sjá til hvað gerist varðandi skipulag háskólanna hér á landi. Svo lengi sem gæði og skynsemi ráða för í þeirri vinnu en ekki tilfinningar þá held ég að niðurstaðan verði góð.“



FRÉTTAVIÐTAL
SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR
sigridur@frettabladid.is

VANN FYRIR GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

Nýr rektor Háskólans í Reykjavík, Ari Kristinn Jónsson, er fæddur árið 1968. Hann lauk menntaskólanámi árið 1987 og hafði fjórum árum síðar lokið BS-gráðu í stærðfræði og tölvunarfræði. Hann hélt svo utan til náms í Stanford-háskóla í Bandaríkjunum og lauk doktorsprófi þaðan árið 1997. Að loknu doktorsprófi hóf hann störf hjá NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna, og starfaði þar í áratug sem vísindamaður og stjórnandi. Hann leiddi ýmsar rannsóknir stofnunarinnar á sviðum gervigreindar og sjálfvirkni, þar á meðal stærsta þróunarverkefni NASA á þessum sviðum. Hann stýrði þróunarteymi fyrir hugbúnað sem notaður hefur verið til að stjórna daglegum aðgerðum Mars-jeppanna Spirit og Opportunity, og síðar stýrði hann þróun

á tækni sem aðstoðar við stjórn á sólarrafhlöðum alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

Hann hefur gegnt stöðu forseta tölvunarfræðideildar HR í tæp þrjú ár.

Ari Kristinn hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar á ferli sínum. Fyrir störf sín hjá NASA hlaut hann ýmis verðlaun, þar á meðal hin virtu „NASA Administrators's Award“ árið 2004, auk þess að fá „Space Act Award“ tvisvar. Árið 2007 hlaut hann Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs, en þau eru árlega veitt vísindamanni sem þykir snemma á starfsævinni gefa fyrirheit um árangur í vísindum og rannsóknum og eru þau ein virtasta viðurkenning sem veitt er í íslensku vísindasamfélagi.

Veljum íslenskt
– okkar hagur!

Samtöl ábudsgrönn - www.isi.is

SI

Kæru landar

Takk fyrir stuðninginn
og samstarfið í 40 ár.
1969-2009

Óskum ykkur gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.



Sögufrægar byggingar í nýju hlutverki:

Hamskipti húsa

JÓN KALDAL SKRIFAR

Allt bendir til þess að dagar Hegningarhússins við Skólavörðustíg sem fangelsis séu taldir. Í breytingartillögum við fjárlög fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að húsið verði selt.

Ef þau áform ganga eftir mun Hegningarhúsið bæstast í hóp nokkurra annarra þekktra bygginga í borginni sem þarf að finna nýtt hlutverk. Enn er til dæmis óljóst hvaða starfsemi verður í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, sama gildir um Austurbæjarbíó við Snorrabraut og ekkert hefur heyrst lengi af áætlanum um Fríkirkjuveg 11. Síðastnefnda húsið keypti Björgólfur Thor Björgólfsson af Reykjavíkurborg fyrir um tveimur árum og upplýsti þá að þar yrði komið á laggirnar safni um afa hans, Thor Jensen, sem reisti það á sínum tíma.

Allar þessar byggingar eiga það sameiginlegt að þau þykja henta illa sínum upprunalega tilgangi.

Hegningarhúsið var tekið til notkunar fyrir 135 árum þegar minna jafnvægi var milli refsingar og betrunar í aðstöðu fanga en á okkar tímum. Aðbúnaður í húsinu hefur því lengi þótt heldur ljótur blettur á fangelsismálum landsins. Undanfarin ár hefur það fyrst og fremst verið notað sem móttökufangelsi fyrir fanga við upphaf afplánunar og fyrir gæsluvarðhaldsfanga.

Víst er að margir áhugasamir kaupendur munu gefa sig fram þegar ríkið auglýsir Hegningarhúsið til sölu, enda staðsetningin frábær við eina skemmtilegustu götu miðbæjarins. Auðvelt er líka að spá að þar verða veitingamenn fremstir í röðinni. Húsið er sögufrægt, einstaklega verklegt og með myndarlegan bakgarð þar sem er hægt að njóta veitinga í vernduðu umhverfi í miðri borginni.

Ekki þarf að sækja fordæmið langt fyrir því að hús geta auðveldlega gengið í gegnum velheppnuð innri hamskipti án þess að götumyndinni sé raskað. Í kjölfar þess að SPRON fór á höfuðið breyttist næsti nágranni Hegningarhússins við Skólavörðustíg fyrir á árinu úr því að vera fjármálastofnun í sérlega skemmtilegt kaffihús og bókaútd, sem setur mikinn svip á nágrenni sitt.

Það er sem sagt auðvelt að gera sér í hugarlund að Hegningarhúsið muni fljótt og vel geta sagt skilið við fortíð sína og hafið nýtt líf. Því miður hafa það ekki verið örlög Austurbæjarbíós og Heilsuverndarstöðvarinnar, sem var minnst á hér að ofan.

Austurbæjarbíó hefur velkst um í kerfinu í all nokkurn tíma, Til stóð að rífa húsið og byggja mjög hraustlegt íbúðarhús á reitnum. All nokkur ár eru liðin frá því borgaryfirvöld bókkuðu með leyfi sem þáverandi eigandi hússins taldi sig hafa fyrir framkvæmdunum. Austurbæjarbíó komst síðar í eigu Nýsis sem kynnti 2006 áætlanir um að það yrði gert veglega upp og opnað sem menningararmiðstöð. Af því hefur ekki orðið.

Heilsuverndarstöðin hefur nú staðið tóm í alltof langan tíma. Húsið er glæsilega teiknað af Einari Sveinssyni og var fyrsta sérhannaða heilsugæslubygging landsins. Það var sorgardagur þegar það hætti að hýsa heilbrigðisstarfsemi og enn dapurlegra er að ekki hafi enn tekist að finna því nýtt hlutverk. Það allra versta sem getur komið fyrir hús er að vera mannlaus. Það væri jákvætt fyrir bæjarbraginn ef borgaryfirvöld legðu sitt af mörku til að líf kviknaði þar innandyra á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efniblaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Neyðarkall

frá Fjölskylduhjálpi Íslands

Hátt í 16000 einstaklingar eru nú án atvinnu auk þeirra þúsunda, sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Stór hópur þessa fólks reidir sig á aðstoð Fjölskylduhjálparinnar nú um hátíðirnar.

Tökum höndum saman og leggjum okkar að mörkum til að allir geti haldið gleðileg jól.

Tekið er á móti matföngum að Eskihlíð 2-4 í Reykjavík þriðjudaga kl 9-13, miðviku-daga kl. 9-18 og fimmtudaga kl. 9-13. Símar Fjölskylduhjálparinnar eru 551 3360 og 892 9603. Einnig er tekið á móti framlögum á reikningi Fjölskylduhjálpar Íslands bnr. 101-26-66090, kt. 660903-2590. Netfang: fjolskylduhjalp@simnet.is



Fjölskylduhjálpi Íslands

FRÁ DEGI TIL DAGS

Púff

Áhugamönnum um stjórnmál er eflaust í fersku minni þegar Frjálslyndi flokkurinn gaf út í sumar dularfulla tilkynningu um að með haustinu myndi flokkurinn gefa út aðra óvænta fréttatilkynningu sem myndi hrista upp í íslenskum stjórnmálum. Flokksmenn játuðu að tíðindin yrðu á sveitarstjórnarstigunum en vörðust að öðru leyti allra fréttu. „Þetta verður eitthvað sem mun verða algjör



sprengrinn í stjórnmálaumræðuna,“ var haft eftir formanni fjármálaráðs flokksins. Nú er komið fram í miðjan desember og enn er sprengjunnar beðið í óvæni...

Meira af því sama?

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi hefur ákveðið að sækjast eftir öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Í tilkynningu frá Júlíusi stendur meðal annars: „Ég mun leggja áherslu á að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í Reykjavík á þessu kjörtímabili.“

Vonandi ekki

Hafi einhver verið búinn að gleyma því

hafa fjórir meirihlutar verið myndaðir í Reykjavík frá því síðast var gengið til kosninga og jafnmargir gegnt embætti borgarstjóra. Hefði ekki komið til heilt efnahagshrun væri yfirstandandi kjörtímabil í borgarstjórn Reykjavíkur enn í algleymingi sem eitt mesta glundroðaskeið í íslenski stjórnmálasögu. Ætli framþjóðendum í prófkjörum borgarstjórnarflokksins sé ekki óhætt að setja markðið aðeins hærra fyrir komandi kjörtímabil. bergsteinn@frettabladid.is



Orkunýting og útblástur

Vænting fólks til alþjóðlegra ráðstefnunar um loftslagsbreytingar sem nú stendur yfir í Kaupmannahöfn eru miklar en jafnframt blasir við að verkefni þeirra sem þar funda er gríðarlegt. Það þarf að taka ákvarðanir sem munu hafa mikil áhrif á lífsstíl og lífskjör almennings um allan heim og þó enn þá meiri á umhverfi og afkomu komandi kynslóða. Aukin hitnun andrúmsloftsins undanfarna öld af mannavöldum og miklar hnattrænar breytingar sem hún getur leitt af sér á tiltölulega skömmum tíma munu raska lífskjörum og tilvistargrundvelli manna og fleiri líffæra á hátt sem erfið er að spá fyrir um. Ráðstefnan þarf að komast að róttækum niðurstöðum sem víðtæk sátt mun ríkja um — það verður augljóslega ekki auðvelt verkefni. Samt sem áður er nauðsynlegt að einhver árangur verði af þessum mikla fundi. Það eina sem er ljóst er að allar tillögur sem miða að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda munu kalla á mótmæli hagsmunaaðila og einnig af hálfu stjórnmálamanna og vísindamanna sem eru á launaskrá þessara sömu hagsmunaaðila.

Á hinn bóginn er hætt við því að niðurstaðan af ráðstefnunni verði samkomulag um aðgerðir sem munu virðast róttækar við fyrstu sýn og eflaust kalla á hörð mótmæli, en ganga eigi að síður of skammt og veita rými fyrir sveigjanlega túlkun. Það virðist t.d. róttæk aðgerð að leggja til 80% niðurskurð á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2050 en jafnframt blasir við mikil óvissa um umhverfisáhrif þótt sú yrði lausn. Það skiptir nefnilega öllu máli hvort niðurskurðurinn yrði mestur í upphafi eða við lok þessa fjórutíu ára tímabils. 10% niðurskurður á árinu 2010



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

væri t.d. mun róttækari aðgerð ef hægt væri að koma honum í framkvæmd.

Ljóst er að núverandi losun gróðurhúsalofttegunda mun leiða af sér tveggja gráðu hækkun meðalhita í andrúmsloftinu ef ekkert verður aðhafst. Einnig er sennilegt að slíkhækkun

Á endanum snýst vandinn sem hlýst af losun gróðurhúsalofttegunda um orkubúskap mannkyns og hvernig hann eigi að vera.

yrði óafturkræft um langt skeið, jafnvel þúsundir ára. Umhverfisáhrif af þvilkri hækkun yrðu ófyrirsjáanleg en ljóst er að hún myndi raska lífi milljóna manns verulega. Skýrasta dæmið er um ríki sem munu hverfa í hafið, eins og Kyrrahafseyjan Tuvalu. Á hinn bóginn hefur alls ekki komið skýrt fram hversu mikill samdrátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda þarf að vera til þess að forða slíkri niðurstöðu. Samkvæmt rannsókn sem birtist í tímaritinu Nature í apríl síðastliðnum er sú stærð líklega ekki umfram 1000 milljarða tonna af koltvísýringi. Miðað við þá tölu má einungis nýta 22% af því magni af kolum, olú og jarðgasi sem nú er aðgengilegt fyrir árið

2050. Ef gengið er meira á þessar orkulindir eru líkur á meiri hitnun og ugðvænlegum umhverfisáhrifum í framhaldi af því.

Gallinn við ráðstefnuna sem núna stendur yfir er að viðræðurnar snúast ekki um hvernig eigi að hagnýta þessar tiltæku orkulindir – ríkisstjórnir heims gera sér enga von um að mögulegt sé að ná samkomulagi um að skipta þeim á milli þjóða heims með réttlátum hætti. Þessi í stað er sjónum beint að útblæstrinum sem er afleiðingin af nýtingu þessara orkulinda. Þar er svigrúmið því miður meira til þess að túlka niðurstöður ráðstefnunnar eins og hentar hverjum og einum. Á endanum eru þetta þó einungis tvær hliðar á sama peningi; ef birgðir af olú, kolum og gasi eru unnar úr jörðu þá er þeim líka brennt. Þess vegna er skringilegt að sjá stjórnmálamenn ganga til viðræðna í Kaupmannahöfn með yfirlýstan ásetning um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en hafa jafnframt á teikniborðinu áætlanir um hagnýtingu orkulinda sem torvelda munu að markmið ráðstefnunnar náist.

Á endanum snýst vandinn sem hlýst af losun gróðurhúsalofttegunda um orkubúskap mannkyns og hvernig hann eigi að vera. Það geta allir verið sammála um að æskilegt sé að hann sé sjálfbær þannig að orkunotkun okkar rýri ekki möguleika komandi kynslóða. Núna er hann það alls ekki þar sem á skömmum tíma hefur verið gengið á milljón ára birgðir af steingervingum til að standa undir orkufreku nútímasamfélagi. Á Íslandi sjáum við þessa sömu skammsýni í áformum um að virkja allt mögulegt vatnsafl á landinu á fáeinum árum í þágu fáeinna stórfyrirtækja. Þegar kemur að orkunýtingu virðist bannað að hugsa til langs tíma.

Grænþvottur í Kaupmannahöfn?

UMRÆÐAN

Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifar um loftslagsmál

Lokasprettur loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn hefst í dag. Ráðherrar tínast til Hafnar hver á fætur öðrum og fyrir lok vikunnar þarf að innsigla samkomulag um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Sjaldan hefur jafnmikið verið undir á einni SP-ráðstefnu. Ef ríki heims grípa ekki til raunhæfra aðgerða strax til þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda bendir allt til þess að hlýnun lofthjúpsins muni kalla fram hamfaralíkar breytingar á veðurfari og lífríki jarðar á þessari öld. Hér þarf ekki að ýkja neitt, nóg er að kynna sér niðurstöður Vísindanefndar SP um loftslagsbreytingar til að sannfærast um nauðsyn þess að grípa til róttækra aðgerða. Afleiðingar hlýnunar loft og sjávar geta kallað miklar hörmungar yfir mannkynið.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Frá því á loftslagsráðstefnunni á Balí árið 2007

hafa íslensk stjórnmál lagð sig fram um að vera hluti af lausninni í samningaviðræðum um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Það var grundvallarbreyting á afstöðu Íslands. Við höfum skuldbundið okkur til þess að mæta kröfunni um að hlýnun fari ekki yfir 2°C á þessari öld. Þá tókum við stöðu við hlið Evrópusambandsins í samningaviðræðunum, af ábyrgð og festu, sem ég er mjög stolt af. Það er ábyrgðarhluti lands sem telst meðal ríkustu þjóða heims – bæði fyrir og eftir hrun – að leggja sitt af mörkum til þess að leysa loftslagsvandann. Við höfum sett okkur losunarmarkmið hér heima og einnig lagt til að endurheimt votlendis reiknist ríkjum til tekna í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Næstu dagar munu ráða úrslitum um það hvort leiðtoga rúmlega 190 ríkja búi yfir festu og pólitískum kjarki sem dugur til að ná raunhæfu og haldgöðu samkomulagi í Kaupmannahöfn. Ef það bregst er hætt við að niðurstaðan verði grænþvottur, þ.e. að leiðtoga setji engar tölur á blað og skuldbindi sig ekki til raunhæfra aðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og samningaviðræður sigli í strand. Það má ekki gerast.

Höfundur er formaður umhverfisnefndar Alþingis.



At the heart of the image

HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

TILBOÐ!
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
VÖNDUÐ TASKA OG
2x2GB MINNISKORT
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)



NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

Verð: 114.995 kr.

Einnig fáanleg með AF518-55VR linsu: 122.995 kr.




Nýjung á Íslandi!

Nikon skólinn

Innifalið í kaupum er 2,5 klst.
byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

www.nikon.is

Með öllum Nikon vélum 
fylgir íslenskur leiðarvísir.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kaupún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði;
Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Kaupfélag
V-Húnavetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki;
Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Foto – Vestmannaeyjum; Tækniráð –
Grindavík; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík;
Omnis – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Málefnalegar athugasemdir

UMRÆÐA

Jón Sigurðsson skrifar um Icesave

Leiðarahöfundar svara ekki athugasemdum enda gæti slíkt orðið umfangsmikið. Sl. laugardag 12. þ.m. birta þrjár áhugamenn „alvarlegar athugasemdir“ um leiðara sem birtist í Fréttablaðinu 8. þ.m.

Í leiðaranum er fullýrt að málþóf á Alþingi um Icesave sé skaðlegt. Sagt er að Íslendingar geti valið um tvo kosti, að samþykkja frumvarp ríkisstjórnarinnar eða hafna því. Því er



JÓN SIGURÐSSON

haldið fram að báðir kostirnir séu herfilegir, en síðari kosturinn þó verri. Í leiðaranum er ekki vikið að öðrum valkostum. Ástæða þess er sú að þannig liggur málið fyrir Alþingi. Þessi framsetning á ekkert skylt við „hræðslu við að standa

vörð um hagsmuni þjóðarinnar“ eins og þremmingarnir orða það. Asakanir um þjóðsvik leiða ekki til árangurs. Það er þrák-elkni að þykjast sjá fleiri úrkosti eins og málum er háttáð.

Þremmingarnir telja að Íslendingar eigi að bera skulda-

stöðu sína saman við aðrar þjóðir með „litla eigin gjaldmiðla“. En slíkt væri að bera saman epli og appelsínur ef ekki er við sams konar vanda að etja. Þeir vilja heldur ekki meta skuldastöðu án fjármálafyrirtækja í slitameðferð og ekki heldur sérgreinda skuldastöðu ríkissjóðs, hvað þá hreinar skuldir. Þessi neitun þeirra er ekki skynsamleg.

Þeir nefna hættu á „öðru eignafalli“ hér á landi. Rétt er að hætta er á öðru eignafalli bæði hérlendis og víðar, en af öðrum aðalástæðum en þremmingarnir telja. Sumir álíta að Vesturlönd séu að ganga inn í Kondratieff-haglægð sem gæti

haldist um árabíl. Þeir vísa til þekktra hagfræðinga. Allir hafa séð og heyrt að margir kunnir hagfræðingar fjalla um almenn efnahagsmál eins og annað fólk, bara af talsvert minni varúð. Fáar stéttir hafa orðið fyrir slíkum álitshnekkni við og eftir hrundi sem hagfræðingar.

Þremmingarnir telja ofmælt að Íslendingar verði að finna nýja útflutningsmarkaði ef þeir hafna Icesave-samningnum. En í leiðaranum er gert ráð fyrir að þessi vandi snerti bæði útflutning og innflutning þjóðarinnar. Þeir virðast hafa skipt um skoðun á þeim lögum sem Alþingi samþykkti síðsumars um Icesave-

ve-samninginn. Þeim líst betur á þessi lög nú en þá. Hitt er verra að þeir segja: „Hægur vandi er að sannfæra Breta og Hollendinga um þessar staðreyndir... Sé málstaður okkar þannig kynntur af röggsemi...“ Því miður virðist þetta ástæðulaus bjartsýni.

Þremmingarnir virðast vilja að málinu verði vísað til þjóðaratkvæðis. Leiðarahöfundur er fylgismaður beins lýðræðis og skrifaði leiðara um það í Fréttablaðið sl. haust. En það er vont að kollvarpa afgreiðslu máls í miðjum klíðum.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og skrifar leiðara í Fréttablaðið.

Aðskilnaðarstefnan í skólum

UMRÆÐAN

Falasteen Abu Libdeh, Felix Bergsson og Jóhann Björnsson



FALASTEEN ABU LIBDEH

FELIX BERGSSON



JÓHANN BJÖRNSSON

ekki samræmast trúar- eða lífsskoðunum þeirra. Með því að bjóða upp á „hefðbundin kirkjustarf skólubarna“ í skólum er verið að þvinga börn og foreldra þeirra til að

velja á milli þess að standa við sína lífsskoðun annars vegar eða falla inn í hópinn hins vegar. Fjöl mörg dæmi eru um það að foreldrar eða börn ákveði að taka þátt í trúarstarfi í þeim eina tilgangi að vera ekki stimpluð öðruvísi.

Í nýjum bæklingi frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur er tekið dæmi um mismunum vegna trúarskoðana. Þar segir:

„Foreldrar Bergþóru, sem standa utan trúfélaga, vilja ekki að hún læri kristin fræði eða fari í kirkju á skólatíma. Bergþóru er boðið að sitja á bókasafninu, án þess að fá kennslu, á meðan kristindómsfræðslan stendur yfir. Foreldrarinn vilja hins vegar að hún sitji við sama borð og hin börnin og njóti fræðslu á meðan.“

Grundvallarmisskilnings gæti í þessu dæmi. Almennt eru foreldrar ekki bara ósáttir við að börn þeirra séu látin hanga á bókasafni á meðan trúarathafnir fara fram. Foreldrar eru fyrst og fremst ósáttir við að starfsemi opinberra skóla sé þannig háttáð að þeir neyðist til að láta taka börn sín út úr venjulegu skólastarfi, frá samnemendum sínum og félögum.

Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp dóm árið 2007 í máli norskra foreldra sem höfðu höfðu mál vegna starfsemi trúfélags í skólum. Í dómnum segir að brotið hafi verið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem skólar héldu uppi trúarlegri starfsemi sem m.a. fól í sér kirkjuferðir.

Spyrja má í framhaldi af þessum dómi hvort við ætlum að biða þess að Mannréttindadómstóll Evrópu komi vitinu fyrir okkur eða hvort við eigum að taka frumkvæðið sjálf og hefja veg fjölmenningslegs skólastarfs til vegs og virðingar þar sem nemendur eru ekki flokkaðir eftir trúar- og lífsskoðunum.

Höfundar eru fulltrúar í mannréttindaráði Reykjavíkur.

Á meðan við sem aðhyllumst fjölmenningslegt samfélag erum að leitast við að samþætta alla hópa samfélagsins í eina heild þá er formaður mannréttindaráðs að leggja áherslu á aðskilnað barna eftir trúar- og lífsskoðunum.

Þjóðerni, burtséð frá kynhneigð og burtséð frá fötlun. Ætla mætti að ráðið væri líka á þeirri skoðun að ekki væru reistir aðskilnaðarmúrar fólks ólíkra trúarbragða og lífsskoðana í stofnunum borgarinnar, en svo er ekki um alla fulltrúa mannréttindaráðs.

Nýverið sá formaður Mannréttindaráðs Reykjavíkur ástæðu til að senda leiðréttingarbréf til stjórnenda leik- og grunnskóla þar sem lögð er áhersla á að skólastarfi í borginni skuli vera með þeim hætti að börnin skuli aðgreind eftir trúar- eða lífsskoðunum. Í bréfi sínu segir formaðurinn m.a.: „Ætlunin var alls ekki að gera athugasemdir við hefðbundið kirkjustarf skólubarna heldur að benda á mikilvægi þess að þeim sem hafa aðrar lífs- eða trúarskoðanir standi annað til boða á meðan á kirkjustarfinu stendur.“

Á meðan við sem aðhyllumst fjölmenningslegt samfélag erum að leitast við að samþætta alla hópa samfélagsins í eina heild þá er formaður mannréttindaráðs að leggja áherslu á aðskilnað barna eftir trúar- og lífsskoðunum. Aðskilnaður mismunandi hópa samfélagsins kann aldrei góðri lukku að stýra. Við eigum að sameina íbúana hvernig sem þeir eru og skólarnir eiga að fara þar fremstir í flokki. Það er vafasamt þegar skólar kjósa að haga starfsemi sinni með þeim hætti að aðstæður skapist þar sem börn eru tekin út úr hópum eða skyldu til að taka þátt í atburðum sem



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Útskrift

verður í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti föstudaginn 18. desember kl. 14:00.

Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og taka á móti prófskríteinum:

Handiðabraut
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðinganámi
Burtfararprófi af húsasmiðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Stúdentsprófi

Skólameistari

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is

Stuttbuxur
Verð frá **3.490kr.**

Bolir
Verð frá **3.990kr.**

Sippubönd
Verð frá **2.490kr.**

Hlaupaskór
Verð frá **19.990kr.**

adidas Kraftar í köggjum

HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Meira um Lottó

UMRÆÐAN

Ágúst Guðmundsson skrifar um Lottó

Um daginn benti ég á fjármögnunarleið fyrir listirnir í landinu, en hún felst í því að láta hluta lottóarðsins ganga til menningarmála. Í Finnlandi var í fyrra farið í sérstakt menningarátak sem byggðist einkum á auknu fjármagni frá lottóinu þar í landi; engin grein fékk þar

meira í sinn hlut en kvikmyndagerðin. Finnski menntamálaráðherra sagði drjúgur í viðtali að kvikmyndafólkið hefði beðið um hækkun upp á 1,2 milljónir evra, en fengið 1,7. Svipuð stefnubreyting var gerð í Noregi fyrir fimm árum, enda hefur árangur norskra kvikmynda verið í samræmi við það.

Höfundur er forseti Bandalags íslenskra listamanna.



GAMLÁRSHLAUP ÍR verður þreytt í 33. sinn á gamlársdag. Hlaupið hefst klukkan 12 fyrir framan hús Hjálpræðishersins. Skapast hefur hefð fyrir því að hlauparar mæti í hinum ýmsu búningum og verða veitt verðlaun fyrir þann besta. www.hlaup.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

HEYRN

Þjóðum úrval af dönskum ReSound heyrnatækjum

Hjá Heyrn er veitt alhliða þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu undir faglegri ábyrgð Ellisifjar K. Björnsdóttur, heyrnarfræðings.



Heyrnarþjónusta
Heyrnarvernd
Heyrnarmælingar
Heyrnartæki
Ráðgjöf



Ellisif K. Björnsdóttir
heyrnarfræðingur

ReSound
rediscover hearing

ziga
ReSound

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - www.heyrn.is
Tímapantanir 534 9600



Eva Lind Oliversdóttir hefur kafað víða um heim. Meðal annars í Keníu, Egyptalandi og við strendur Höfðaborgar í Suður-Afríku þar sem hún komst í tæri við fimm metra langa hákarla. MYND/ÚR EINKASAFNI

Synti um með hákörlum

Eva Lind Oliversdóttir er áhugasöm um allt sem viðkemur jaðariþróttum, til að mynda fallhlífarstökki, ísklifri og köfun. Hún hefur oft komist í hann krappan og meðal annars synt um með hákörlum.

„Ég hef bara rosalegan áhuga á jaðarsporti, þar á meðal köfun. Ég kann svakalega vel við mig í vatni,“ útskýrir Eva, sem segir áhugann hafa kviknað þegar hún kafaði í fyrsta sinn í Dahab í Egyptalandi. „Ég fékk að busla aðeins þarna og vildi eiginlega ekki koma upp úr aftur. Mér fannst bara svo gaman að uppötva nýjan litríkan og fallegan heim. Þannig byrjaði þetta,“ rifjar hún upp.

Eva þreytti þarna frumraun sína í sportköfun en ekki leið á löngu þar til hún fékk tækifæri til að spreyta sig á svokallaðri „open water“-köfun fyrir utan strendur Keníu. „Ég fór alveg niður á átján metra og synti um meðal annars með höfrungum, skjaldböfum og

djöflaskötum,“ segir hún og bætir við að eftir það hafi ekki verið aftur snúið, enda gerði hún sér lítið fyrir og lauk bóklegu prófi í köfun.

Síðan hefur Eva smám saman verið að bæta við þekkinguna og víða fengið útrás fyrir þetta áhugamál. Þar á meðal fyrir utan strendur Höfðaborgar í Suður-Afríku þar sem hún komst í tæri við fimm metra langa hákarla. „Þetta voru hvítháfar, sem eru með fáum hákarlategundum sem geta ráðist á menn. Þeir geta verið ansi ágengir en við í hópnun vorum vel varin í búrum þannig að hættan var í sjálfu sér engin. Draumurinn er svo að geta einhvern tímann synt óvarin innan um þessar skaðræðisskepnur.“

Eva kafar þó ekki aðeins í frítíma sínum, því hún er jafnframt fullgildur kafari í Björgunarsveitinni Ársæli. „Það er auðvitað mikill munur á því að vera í fríi eða í björgunarleiðangri,“ segir Eva, sem hefur fengið nokkur útköll þau fjögur ár sem hún hefur verið í sveitinni. „Ég hef til dæmis lent í því að leita að manni, en við slíkar aðstæður kemur sér vel að vera í góðum félagskap og eins að vera ágætu formi, því þá eyðir maður minna súrefni og getur kafað lengur,“ útskýrir hún og bætir við að tvennt ólíkt sé að kafa hérlandis og til dæmis í litríkum neðansjváarheimi Rauðahafsins eða Kyrrahafsins.

roald@frettabladid.is



Íslensku dýrasængurverin
Ný sending - óbreytt verð

Lin
DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220
www.lindesign.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



20%

AFSLÁTTUR

af völdum stærðum af

MICHELIN

besta verðið

BÍLKÓ

15%

AFSLÁTTUR

af völdum stærðum af

MICHELIN

JEPPADEKK - HEILSÁRSDEKK - NAGLADEKK



ATH. OPID Á LAUGARD.
KL. 10-14

BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins



HELGIN Laugardaga



Fæðu-
ofnæmi
tengist alltaf
ónæmiskerfi einstak-
lings og er algengast
hjá ungum börnum.
Algengustu ofnæmis-
valdarnir hjá börnum
eru kúamjól, egg og
fiskur.

www.matarvefurinn.is

Sölufulltrúi:

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473



teg. 81103 - einn vinsælasti
BH sem við höfum haft, fæst í
mörgum litum í BC skálum á kr.
3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



teg 7204 - mjúkur og flottur
í BCDE skálum á kr. 3.950,-
buxur í stíl á kr. 1.950,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18
Lau 12.des kl. 10-16
Lau 19.des kl. 10-18
Þorláksmessa kl. 10-20



Fallega
jólaskeiðin
frá Ernu
Verð 14.900,-

ERNA
sími 552 0775



Jón Viðar setur sig í stellingar fyrir framan nýja áttýrnda búrið sem þrýðir æfingaaðstöðu Mjölnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barist í glænýju búri

Áhugi á bardagaíþróttum hefur stórukist á síðustu árum. Það kemur berlega í ljós hjá Mjölni þar sem félagsmenn lögðust nýlega allir á eitt og stækkuðu æfingasalinn um 200 fermetra.

„Við vorum bara búnir að sprengja allt utan af okkur,“ segir Jón Viðar Arnþórsson formaður Mjölnis til útskýringar á því að ráðist var í stækun æfingahúsnæðis félagsins.

Um 375 manns æfa í húsnæði Mjölnis eins og stendur og hefur fjölgunin verið gríðarleg síðasta árið. „Við erum mjög ungt félag og þegar við fluttum í þetta húsnæði árið 2006 héldum við að það væri allt of stórt fyrir okkur,“ segir Jón Viðar, en raunin varð önnur. Fljótlega fjölgaði félagsmönnum og leyfi fékkst til að nýta lagerrými á hæðinni til að stækka æfingasalinn.

„Við brutum vegginn og fengum 200 fermetra í viðbót. Salurinn sem var áður 130 fermetrar er nú 330 fermetrar,“ útskýrir hann en öll vinnan við breytingarnar var unnin í sjálfboðastarfi. „Allir voru tilbúnir til að hjálpa enda erum við félag en ekki fyrirtæki,“ segir hann ánægður með félagasína. Mjöltnir bjó enda vel að því að hafa innan sinna vébanda ýmsa iðnaðarmenn á borð við pípara, rafvirkja og smiði. „Við gerum síðan ráð fyrir að stækka búnings-

klefana um næstu páska ef okkur gefst tími til,“ segir hann en þangað til sitja menn þröngt en sáttir í klefnum enda útrásina stutt að sækja út á æfingagólfid.

Í Mjölni er stundað brasilískt Jiu-Jitsu, kickbox, þrekæfingar í formi ketilbjalla og blandaðar bardagaíþróttir (Mixed Martial Arts, MMA) sem Jón Viðar segir eitt mest vaxandi sport í heiminum. Íþróttin er blanda af boxi, glímu og öðrum bardagaíþróttum og þar slást menn í búri.

Fyrsta búrið af þeirri tegund kom nýlega til landsins frá Bandaríkjunum og stendur nú í nýjum æfingasal Mjölnis. „Þetta er áttýrningur og í búrinu er æft MMA,“ segir hann og þegar blaðamaður spyr hvort búrið sé til þess gert að bardagamennirnir geti ekki flúið leiðréttir hann þann misskilning fljótt. „Nei, þetta hann en netið kemur í veg fyrir að menn meði sig, reki sig utan í vegg eða fólk. „Einnig er hægt að halda glímukeppni í búrinu og þannig þarf ekki alltaf að vera að stoppa glímunu þegar fólk er komið út í enda á dýnunum,“ segir

Jón Viðar og bætir við að búrið auki mjög fjölbreytni æfinga.

Jón Viðar, sem starfar sem lögregluamaður, var einn af stofnendum Mjölnis. Hann stundaði karate frá 1996 en í kringum 2003 vaknaði áhugi hans á MMA og fór hann að stunda það og kenna í litlum mæli. Árið 2005 var Mjöltnir svo formlega stofnað.

Hann hefur alla tíð bæði æft og þjálfað í Mjölni sem hann segir vissulega töluverða vinnu meðfram fullu starfi. Á nýju ári verða breytingar þar á. Þá munu tveir menn taka yfir allar æfingar félagsins. Það eru Bandaríkjamannurinn James Davis og svo Gunnar Nelson sem hefur vakið mikla athygli fyrir frábæra frammistöðu í MMA á heimsvísu.

Þeir sem vilja kynna sér starf Mjölnis nánar er bent á vefsíðuna www.mjolnir.is. Þess má geta að byrjendanámskeið hefjast 4. janúar en auk þess mun barnastarf Mjölnis hefjast í fyrsta sinn í upphafi árs. „Þar kennum við glímu í gegnum leik sem er bæði spennandi og skemmtilegt fyrir krakka,“ segir Jón Viðar.

solveig@frettabladid.is



**Glæsilegu
Vanity Fair haldararnir
komnir aftur. 7990 kr.**

Ynija
UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS
Útsöluastaðir: Snyrtivöruverslunin Nana Hólagarði 557-1644

GRILLADUR KJÚKLINGUR

...þú finnur muninn :-)



Létt Bylgjan kemur þér í jólaskap

Bragi Guðmundsson og Jóhann Örn Ólafsson
spila uppáhalds jólalögin þín, alla virka daga frá 8 - 18

**LÉTT
BYLGJAN**
967

- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

jólagjöfin hennar

ÞRIÐJUDAGUR 15. DESEMBER 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

Motorsportvörur í úrvali fyrir alla fjölskylduna á frábæru verði



Motocross
buxur
frá FLY



DAÐRAN herrajakki 24.999,-



DAÐRAN dömujakki 19.999,-



Öflugar og ódýrar brynjur
frá SIXSIXONE



Motocross hanskar í úrvali

ÓPIÐ TIL
22:00
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

ÚTIVIST & SPORT
GARÐABÆ
Ópið 10-22 til jóla

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga 150 ár



Verð frá 9.750 kr.

Nálastungudýnan

- Eykur orkuflæði og vellíðan
- Er slakandi og bætir svefn



Verð 7.950

Bakteygjubrettið

- Eykur sveigjanleika
- Línar bakverki



Stuðningshlífar

- Einstök hönnun og gæði
- Bak, úlnliðs, ökkla- og hnéhlífar



Verð 117.800 kr.

Swopper vinnustóllinn

- Góður fyrir bak og axlir
- Styrkir magavöðvana



Verð frá 29.990 kr.

Airfree lofthreinsitækið

- Betra loft - betri líðan!
- Eyðir örverum og ryki

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Opið virka daga frá kl. 9 - 18
og laugardaga til jóla kl. 11-16



• GEFÐU ÞAÐ SEM HANA LANGAR Í

Stundum getur reynst þrautin þyngri að finna gjöf handa konunni í lífi sínu. Sumar konur kaupa sér allt sjálfar sem þær langar í sama dag og það kemur í verslanir. Þetta á reyndar við um bæði konur og karla og alveg óþolandi að kaupa gjafir handa þessu fólki. Aðrar konur hafa afar skýra hugmynd um hvað þær vilja og svo nákvæmar á köflum að það er engin leið að finna þennan eina hárrétta lit eða nákvæmlega rétta sídd af eyrnalokkum. Handa svona fólki er í raun bara til ein fullkomin gjöf: gjafakort! Þau er bæði hægt að fá í uppáhaldsbúð viðkomandi eða í stórum verslunarkjörnnum, svo sem Krínglunni, Smáralind eða Miðborginni. Jafnvel bankarnir hafa tekið gjafakortin upp á arma sína og þá er hægt að fara hvert sem er með kortið. Gjafakortin er hægt að fá upp á mis háar upphæðir og fyrir þau er hægt að kaupa allt mögulegt, jafnvel hægt að fara út að borða eða í klippingu. Gjafakort í nudd eða dekur er líka góð gjöf og svo má líka gefa kort upp á klukkutíma knús eða þríf.



Gefðu henni tónlistarnámskeið fyrir byrjendur og sjáðu nýja Lay Low verða til.

Tónlistarkonur framtíðarinnar

Oft eru bestu jólagjafirnar þær sem skilja eitthvað eftir sig og gagnast viðtakendunum til langframa.

Þegar rætt er við fólk sem er á og upp úr miðjum aldri lýsir það oft yfir eftirsjá yfir að hafa aldrei lært almennilega á neitt hljóðfæri. Oft og tíðum er ástæðan sú að téðir einstaklingar „bara drifu sig aldrei í þetta“ eða eitthvað á þá leið.

Örlítil forræðishygga á vissulega rétt á sér í þessu tilfelli. Gefðu byrjendanámskeið í gítar-, píanó eða trommuleik (eða hvaða hljóðfæri sem er), í jólagjöf og fylgstu í návígi með nýrri Björk, Rögggu Gísla eða Lay Low verða til. Það borgar sig margfalt og er nærandi fyrir sálartetrið.



R2D2-kælibox og gítarbolur

Fréttablaðið spurði Íris Kristjánsdóttur vefstjóra, sem gengst fúslega við því að vera nörd, hvaða græjur væru efstar á jólaóskalistanum.

„Ég er gamaldags og guðsnáðar nörd,“ segir Íris Kristjánsdóttir vefstjóri. Hún segir mikinn mun á því að vera nörd og tækjafíkill. „Tækjafíkill kaupir allt nýtt sem kemur á markaðinn og spáir ekki í gæðum eða virkni, bara að eiga það nýjasta. Nörd spáir í af hverju hluturinn var hannaður, hvernig hugmyndin á bak við hlutinn kviknaði og hvort hægt sé að betrumbæta hann. Mér finnst mjög gaman að sjá hvað er alltaf að bætast við græjuflórana og hef ótrúlega gaman af hlutum sem eiga að léttja okkur lífið eða hjálpa okkur að sjá það í nýju ljósi. Ég á dálítið af gömlum græjum líka. Til dæmis tuttugu ára gamlan Pacman-tölvuleik og 23 ára gamalt Fischer Price-kassettutæki. Dásemd,“ segir Íris.

Spurð um þær græjur sem efstar eru á óskalistanum fyrir jólin nefnir hún fyrst fjarstýrt

kælibox. „Ég er ekki latur gestgjafi, en mér finnst þessi græja bara meiriháttar sniðug. Hún minnir mig á R2D2

úr Star Wars, og hver vill ekki fá kaldan drykk af-



Vefstjórnin Íris er með græjudellu og á meðal annars nokkuð af gömlum tækjum. Hér stillir hún sér upp með Fisher-Price kassettutæki og Pacman-tölvuleik frá því fyrir tveimur áratugum.



hentan af ekta vélmenni?“ Svokölluð Asus eeeTOP, sem er tölvu með snertiskjá, er Írisi einnig ofarlega í huga. „Ég slefaði þegar ég frétti fyrst af þessari vél. Asus er mitt uppahald, með öruggustu vélunum á markaðnum í dag og bilanatíðnin lág. Hönnun-

in er flott og hún er frábær fyrir fingralanga og fólk með snertipörf á háu stigi,“ segir Íris.

Loks hefur Íris augastað á klæðilegum rafmagnsgítar, eins og hún orðar það, en þar er um að ræða stuttermabol með innbyggðum gítar. Á gítarhálsinum eru takkar fyrir hvert grip, og því auðveldlega hægt að spila mörg af þekktustu rokklögum sögunnar á bolinn. Meðfylgjandi er svo lítill magnari sem hægt er að festa í

belti eða vasa. Íris segist afar spennt fyrir þessari græju. „Ekki meiri luftgítar fyrir mig. Loksins get ég spilað mína eigin þematónlist hvert sem ég fer, og allir fá að heyra! Ég þarf bara að drífa mig að læra gripin fyrst,“ segir Íris.

• FYRIR NÝBAKAÐA FORELDRA Börn halda áfram að fæðast hér á landi eins og annars staðar, hvað sem líður öllum kreppum og Icesave-reikningum. Ekki minnkar heldur mikilvægi þess að sjá eins vel um yngsta fólkið og kostur er. Jólagjafir til nýbakaðra foreldra geta þannig endurspeglad væntumþykju og hugulsemi.



Bókin Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða eftir Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur kemur nú út í nýrri og endurbættri útgáfu, en hún hefur notið mikilla vinsælda frá því hún birtist fyrst í bókahillum fyrir tveimur árum. Bókin býr yfir ráðleggingum og svörum við flestum spurningum foreldra sem langar að gefa barninu sínu frá byrjun næringarríkan og heilsusamlegan mat, og er einnig leiðarvísir fyrir þá sem langar að læra meira um hollt mataræði en vita ekki hvar þeir eiga að byrja. Þegar bætast við fjöldinn allur af girnilegum uppskriftum að barnamat og hollum mat fyrir alla fjölskylduna og barnaafmælin er ljóst að fundin er jólagjöf sem ætti að vekja lukku hjá mörgum.



EAU MEGA VIKTOR&ROLF

THE FRAGRANCE LARGER THAN LIFE



NÝR ILMUR FRÁ VIKTOR & ROLF.

Útsöluastaðir: Debenhams Smáralind, Hygea Kringlunni, Hygea Smáralind, Snyrtivöruverslunin Glæsibæ, Bjarg Akranesi, Jara Glerártorgi og Jara Hafnarstræti.

Eigum til á lager Slide Back rúm
tilbúin til afgreiðslu strax



Opið:

mán 10:00 – 18:00

fös 11:00 – 16:00

lau 11:00 – 16:00

www.lur.is



LÚR - BETRI HVÍLD

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100

WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

GLÆSILEG ÚTITRÉ

Margar gerðir trjáa með ljósum sem henta Íslenskum aðstæðum
Trén eru mjög eðlileg því þeim er stungið beint í jörð eða í pott



Sræðir
90 cm
150 cm
200 cm



Glæsileg skreyting fyrir börnin



18 ljósa Kóral með LED ljósum



Frábært fyrir eldhrædda

KONST SMIDE
Stærsti framleiðandi
jólaljósa í Evrópu


Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554-0400

Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is

Kerti úr vaxi með straumbreyti



GOSH Gjafakassi

Maskari, Augnblyantur og gerviaughár

Jóla tilboð
kr. 4.298,-

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



visir.is ...í jólaskapi



„Við göngum fallega frá gjöfnni, pökkum henni inn eða setjum í gjafaöskju,“ segir Birna í Selenu.



Lepel er merkið á þessu ítalska setti sem kostar 12.400 krónur í Selenu.

Herrarnir vanda valið

Undirföt eru eitt af því sem unnustar og eiginmenn virðast óhræddir við að kaupa á elskurnar sínar, ef marka má verslunarstjórana í Selenu í Hæðasmára 4 og Misty á Laugavegi 178, þær Birnu Magnúsdóttur og Rúnu Didriksen.

„Þetta er óskaplega skemmtilegur tími. Hér er mikið pískrað á Þorláksmessu og aðfangadag þegar verið er að gefa upp málin á dömunum og spá í númerin,“ segir Birna í Selenu brosandí. Rúna tekur undir það. „Það er þægilegt þegar herrarnir hafa hugmynd um hvaða stærðir þeir eru að kaupa. Þeir þyrftu að laumast til að kíkja á númerin áður en þeir koma. Sumir eru samt naskir að finna þetta út.“ „Já, margir eru búnir að vinna heimavinnuna sína en við bjóð-

um að sjálfsögðu upp á skipti eftir jól ef varan passar ekki,“ bætir Birna við. Rúna bendir líka á að gjafabréf séu góður kostur fyrir þá sem eigi erfitt með að velja.

Báðar segja þær Birna og Rúna vel tekið á móti herrunum en vita þeir alltaf hvað þeirra heitelskaða vill? „Já, þeim er að minnsta kosti umhugað um að gjöfin sé falleg og hafa skoðun á því hvernig hún eigi að vera,“ segir Birna. „Við í Selenu erum að ganga inn í fjórtándu jólin okkar og eigum orðið marga fastakúnna. Sumir gefa alltaf undirföt í skóinn. Það er þá pakki sem er ekkert endilega opnaður við jólatréð.“

Mikið er lagt upp úr frágangi á gjöfunum og innpökkun að sögn bæði Birnu og Rúnu. Það segja þær herrana kunna að meta. „Þetta er persónuleg gjöf og þeir vilja að hún sé falleg.“

-gun

Jólagrænt sett frá pólska framleiðandanum Krisline sem fæst í Misty. Push up-brjóstahaldari á 6.885 krónur og buxur á 2.990 krónur.



Vínrautt sett með merkinu Guy De France fæst í Misty. Brjóstahaldarinn á 3.950 krónur og buxurnar 1.950 krónur.



„Gefið þeim gjafakort ef þið eruð í vafa,“ ráðleggur Rúna í Misty. „Það verður tekið vel á móti dömunum þegar þær koma með bréfin.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

● FYRIR GOLFGELLUNA

Margar konur stunda golf af miklum áhuga og þær gætu alveg örugglega hugsað sér að fá námskeið í þeirri skemmtilegu grein í jólagjöf. Golfið er nefnilega ein þeirra íþróttar sem endalaust er hægt að auka færni sína í og bæta þannig árangurinn. Svo eru aðrar dömur sem langar að læra golf en hafa ekki látið af því verða, skortir sjálfstraust til að sýna sig á vellinum og hafa lítið á það sem fjarlægjan draum.

Golfklúbbarnir halda margir hverjir námskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna og auðvelt er finna þau á Google. Sum námskeiðin eru að vetrinum svo þátttakendur verði tilbúnir í slaginn þegar vorar, önnur eru haldin þegar sólin er komin hærra á loft og ljúf gola leikur um vanga.



Hvort sem daman er vön að spila golf eða áhugasamur byrjandi er námskeið í greininni kærkomin gjöf. Það gefur vonir um góðar útvistarstundir í sumar.

ÓDÝRU OG SKEMMTILEGU JÓLAGJAFIRNAR

sense center og Sony Center í Kringlunni

Canon PowerShot A480

Notendavæn myndavél fyrir byrjendur

PowerShot A480 er ódýr, sniðug og skemmtileg myndavél með Canon tækni þannig að allir geta tekið frábærar 10 megapíxla ljósmyndir. Fáanleg í fjórum litum. Nett og létt hönnun sem smellpassar í vasann.



- 10.0 megapíxlar
- 3.3x optical aðdráttur
- 2.5" LCD skjár
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- Vídeóupptaka

Verð: 25.900 kr.

Sony DVD spilari

DVP-SR100

Fjölhæfur og flottur DVD spilari sem spilar nær allar gerðir diska og skráa. Horfðu á það sem þú vilt horfa á.

- Spilar meðal annars MP3, JPEG, Video CD og DivX
- Spilar allar helstu gerðir skrifanlegra DVD diska
- TV Virtual Surround
- Scart með RGB tengi
- Spilar öll kerfi (region free)

Verð: 15.990 kr.



Bose heyrnartól

Around-ear, in-ear og on-ear

Öflug heyrnartól sem skila topp hljómgæðum.

Verð frá 14.900 kr.



- 5 stök blekhylki
- Sjálfvirk prentun báðum megin
- DVD/CD prentun
- Lágmarks rekstrarkostnaður með Canon
- Myndvinnsluhugbúnaður fylgir

Verð: 21.900 kr.

Canon Pixma IP4700

Hágæða Photo Paper Pro 2 ljósmyndapappír fylgir með

Pixma iP4700 er ofur A4 bleksprautuprentari sem skilar framúrskarandi ljósmyndagæðum og hraðvirkri skjalaprentun. Sá besti í ljósmynda- og skjalaprentun fyrir heimili.

Vivanco tölvuhátalarar

PRO SP60

Heyrðu í tölvunni þinni með þessum nettu tölvuhátölurum frá Vivanco.

Verð: 2.990 kr.



Sony Walkman

MP3 spilari

Frábær 2GB Walkman sem getur geymt allt að 500 lög. Þarf engan hugbúnað til að taka á móti tónlist.



- Geymir 500 lög
- Spilar MP3 og WMA skrár
- Rafhlaða endist í 16 klst í spílun

NW-ZB142B
Verð: 13.990 kr.

NW-ZB142FB (Innbygggt útvarp)
Verð: 14.990 kr.

Vivanco þráðlaus heyrnartól

FMH-6050



Sleppum snúrunum. Hlustaðu þráðlaust á tónlistina þína.

Verð: 8.990 kr.

Lítill minnislykill sem getur geymt heilmikið af gögnum.

Verð: 5.990 kr.



LEXAR 8GB minnislykill

Einnig fáanlegir allt að 64GB minnislyklar frá Lexar





Stór, vegleg og falleg taska frá Miss Sixty. Verð er 18.990 krónur.

Á fínum skóm og með fallett veski

Fyrir utan demanta eru skór einir bestu vinir kvenna. Með fallett veski í stíl eru svo allir vegir færir.

Fallegir skór og smekklegrar veski geta varla klikkað sem jólagjafir. Úrvalið er mikið og valkvíðinn

getur herjað á herra mennina en til þess er afgreiðslufólkið gert að leiðbeina með valið.

Vissulega getur smekkur kvenna verið misjafn en þá kemur skiptimiðinn sterkur inn. Einnig getur verið skynsamlegt að hlera hjá vinkonum konunnar hvað hugurinn gírnist.



Nettir hælaskór frá Steinari Waage á 29.995 krónur.



Glansandi leðurveski frá Steinari Waage, á 29.995 krónur.



Öklaskór með hæl frá Miss Sixty, á 26.990 krónur.



Smart veski frá Bianco. Verð er 8.200 krónur.



Göddum settir bandaskór frá Bianco á 18.500 krónur.

skovby
Excellent Dining Rooms

Afar vönduð
Borðstofuhúsgögn

Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber, tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk

Slökunarstólar
í miklu úrvali - Frábær jólagjöf

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri Margir litir

Tilboðsverð m/ákl kr. 85.000.-
Tilboðsverð m/leðri kr. 119.000.-

Vandaður slökunarstóll Með leðuráklæði og skemli. Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

Tilboðsverð kr. 119.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 Laugardag kl. 11-16 / Sunnudag kl. 13-16

Ávísun á góða líðan

Gjafabréf í heilsulind Mecca Spa er ávísun á góða líðan en þar er boðið upp á nudd og alls kyns snyrtingu.

Bæði er boðið upp á staðlaða gjafapakka og pakka að eigin vali en á meðal staðlaðra pakka má nefna litla dekurpakkann sem samanstendur af partanuddi, litun og pökkun, brot af því besta-pakkanum með andlitsbaði, fót-snyrtingu og partanuddi, Gulllið með phytomer-andlitsbaði, lúxus fót-snyrtingu og heilnuddi og Mecca Spa lúxus með lúxus Phytomer andlitsbaði, lúxus handsnyrtingu, lúxus fót-snyrtingu og Mecca Spa nuddi. Þá er boðið upp á dekur á meðgöngu, hjónadekur og ýmislegt fleira.

Í Mecca spa er einnig að finna heilsurækt og úrval leikfimi- og jógatíma en nánari upplýsingar eru að finna á www.meccaspa.is



Jólagjöfin í ár er upplifun og ætti dekurpakki að falla vel í kramið hjá önnum köfnu fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

● **FJÁRFEST Í AUKNUM SAMVISTUM** Gjafabréf í samkvæmis-dansa er gjöf sem gefur fyrirheit um auknar samvistir á komandi mánuðum og árum.

Í flestum dansskólum er boðið upp á námskeið fyrir hjón og pör á öllum aldri og er bæði hægt að velja um námskeið sem standa allan veturinn og styttri námskeið þar sem áhersla er lögð á einn tiltekinn dans. Á lengri námskeiðum lærir fólk yfirleitt dansa á borð við djæf, tja tja tja, tjútt og vals en á styttri námskeiðum er farið nánar í dansa eins og tangó eða salsa.

Að eiga tíma í dans einu sinni í viku getur verið endurnærandi bæði fyrir kroppinn og sambandið.

Með tíð og tíma síast spörin síðan inn og er gaman að geta tekið snúning með elskunni þegar við á. -ve





Fyrsta DVD sinnar tegundar á Íslandi

Jólagjöfin hennar er **sýnikennsla** í förðun með Karli Berndsen

...myndbandið fæst í öllum helstu verslunum landsins



Myndbandinu fylgir **vandað hefti** með ítarlegum leiðbeiningum um notkun förðunarvara ásamt ýmsum leyndarmálum förðunarmeistarans



DVD
VIDEO

Á kennslumyndbandinu sýnir
Karl og fræðir m.a. um:


- Öll stig förðunar og umhirðu húðarinnar
- Hvernig velja á rétta tegund og lit á farða
- Mismunandi augnfárðanir og eyeliner
- Notkun förðunarpensla
- Skyggingar andlitsins
- Að setja á gerviaughár
- Hver tilgangurinn er með "primer"

Hentar ÖLLUM konum, jafnt ungum sem heldri

Pensla og burstasett

Eitt af lykilatriðum í förðun er að nota réttu förðunarpenslana og burstana. **Gæði penslanna** og burstanna felast í hönnun þeirra. Förðunarpenslarnir og burstarnir frá **a-design** eru í hæsta gæðaflokki með bestu hárum sem völ er á.

a-design burstasettin og stakir burstar eru tilvalin jólagjöf



Nýtt á
Beauty Barnum
TÖSKUR OG
VESKI FRÁ PARÍS
og OXXO **skartgripir**



Gefðu góða gjöf...

GJAFABRÉF

á Beauty Barinn
Vörur og þjónusta við hennar hæfi



Beauty Bar ehf.
Hæðarsmára 4
201 Kópavogi
Sími 544 5959
www.beautybar.is
beautybar@beautybar.is

Beauty Bar
B E A U T Y B A R



Ekki þarf lengi að leita að fallegum áfangastöðum. Þingvellir eru í hálf tíma fjarlægð frá borginni. Tilvalið er að fara þar í góða göngu, henda pening í Peningagjá og skjótast að lokum í sumarbústað sem hægt er að taka á leigu í nálægum sveitum, skella sér í heitan pott og skála í kampavíni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gefðu góðar minningar

Rómantísk helgarferð er gjöf sem lifir í minningunni. Á Íslandi úir og grúir allt af fallegum áfangastöðum þar sem þör geta ræktað sambandið í stórbrotinni náttúru og látið sér líða vel á fallegu hóteli eða í sumarbústað.

Fátt styrkir samband þars betur en að komast í burtu frá öllu daglegu amstri. Því er ekki úr vegi að maðurinn gefi sinni heittelskuðu gjafabréf upp á helgarferð út á land. Slíkar ferðir geta verið með ýmsu sniði.

Bæði má panta herbergi á krúttlegu hóteli í kaupstað úti á landi eða í sveitasælu, eða jafnvel leigja sumar- bústað í fallegri náttúru.

Langir göngutúrar, ferskt loft, góðar samræður og samvera geta lífgað upp á sambandið auk þess sem slík helgarferð býr til minningar sem lifa lengi.

Þá er bara að velja sér einn af þeim fjölmörgu stöðum sem standa til boða. Látið hugmyndaflugið ráða eða fáíð ráð hjá góðum vinum og munið eftir myndavélinni til að festa minninguna á filmu.

-sg



Austurland að vetri til er ægípagurt þótt stundum sé það erfitt yfirferðar. Það ætti þó að verða fínasta ævintýraferð fyrir ástfangið par. Hér má sjá kirkjuna á Seyðisfirði sem er áfangastaður margra ferðamanna.



Mývetningar hafa notið þess að stunda heit jarðböð sér til heilsubótar allt frá landnámsöld enda eru þau sögð búa yfir lækningamætti. Útkeyrðir foreldrar verða að öllum líkindum úthvildir og slakir eftir eina helgi í slíkri slökun í fallegu umhverfi.



Helgarferð til Akureyrar, höfuðborgar Norðurlands, getur verið sannkölluð menningarreisa. Þar má skoða söfn, fara í leikhús og fínt út að borða. Þá er stutt út í ósnortna náttúruna þar sem þör geta farið í göngutúr, haldist í hendur og rifjað upp sokkabandsárin.

Jólagjöfin hennar



Frumleg og flott dagatalsbók með myndskreyttum hugleiðingum.

Góð fyrir skapið og skipulagið!

Við styrkjum



Snæfellsjökull laðar að fjölmarga gesti á ári hverju. Ekki að furða enda er jökullinn talinn búa yfir yfirnáttúrulegum krafti. Þá er heldur ekki nauðsynlegt að fara út fyrir borgarmörkin, helgardvöl á reykvísu gistiheimili með göngutúr niður Laugaveg getur verið ágætis tilbreyting fyrir hjónalifið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



● FALLEG GJÖF TIL STYRKAR GÓÐUM MÁLSTAÐ

Í Kirkjuhúsinu á Laugavegi er margt fallegt að finna, meðal annars skothylki frá Líberíu sem hefur verið átt við og þeim breytt í standandi krossa. Sagan á bakvið krossana er sú að Lútherska heimsambandið rekur í Líberíu endurhæfingarbúðir fyrir börn sem hafa verið send í stríðið og er tilgangur sambandsins að hjálpa börnunum að öðlast aftur eðlilegt líf. Eitt af þeim verkefnum sem börnin vinna í endurhæfingunni er að breyta skothylkjum í fyrrnefnda krossa. Hver kross kostar 1.000 krónur í Kirkjuhúsinu og renna peningarnir til starfsins í Líberíu.



● STÍLIÐ HEIMILISTÆKI Á KARLINN

Sumir vilja alls ekki gefa konum heimilistæki og eru þau oft talin ein versta gjöf sem hægt sé að gefa nútíma-konu. Þetta mun vera arfleifð frá því þegar konur sáu um heimilið og karlar unnu úti. Eftir að konur fóru út á vinnumarkaðinn þykir jafnsjálfsagt að karlar sjái um heimilisverkin og því ekkert sem segir að þau séu eingöngu í verkahring konunnar lengur.

Skortur á nauðsynlegum heimilistækjum gerir þó vart við sig á flestum heimilum og þykir mörgum upplagt að nota jólin til að bæta í skápana. Þá er ráð að stíla tækin á karlmanninn á heimilinu en þannig má jafna út hina aldagömlu ímynd af konunni við heimilisstörfin. Síðan er vitanlega mælst til þess að sambylislífið sameinist um að nota tækin í sátt og samlyndi eins og verkaskipting nútímans kveður á um.



● ÓMÓTSTÆÐILEGUR ILMUR Ein af þeim gjöfum sem er vís með að hitta í mark um jólin er gott ilmvatn. Hins vegar getur verið vandasamt verk að finna ilm sem fellur að smekk þinnar heitelskuðu og því skynsamlegast að leggja út í smá rannsóknarvinnu áður en gengið er frá kaupunum. Hikaðu ekki við að kíkja í baðskápinn eða þar sem frúin geymir safnið sitt og sjáðu hvort eitthvert glasið er að verða tóm, farðu því næst út í næstu snyrtivöruverslun og veldu sambærilega flösku. Eða reyndu að muna hvort konan þín nota þungan eða léttan ilm og nýttu þér þá vitneskju sem grunn að kaupum á góðu ilmvatni. Ef henni líkar alls ekki ilmurinn þá er yfirleitt lítið mál að fá honum skipt.



Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Merkja þarf hverja gjöf með merkimiða þar sem tekið er fram hvaða kyni hún hentar og hvaða aldri. Ef þú býrð úti á landi þá kemur Pósturinn gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús. Jólappír og merkimiða er að finna við þjónustuborð Smáralindar á annarri hæð.

Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN
989


Skapandi jólatilboð

Allt að 50% afsláttur af völdum vörum

Öðruvísi jólagjafir
Íslensk steinhönnun
Ódýrir skartgripir
Handunnir kertastjakar
Kristalljós, Steinljós
Mamaraljós
Styttur



Skeifunni 7 - Reykjavík (Bak við Elko-húsið) - Sí: 553 2882 - xelenta.com



Höfuðskraut frá Thelma Design. Selt í versluninni Fabelhaft á Laugavegi.

Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.



GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Íslenskt í öndvegi

Ein kenning innan næringarfræði segir að manningum sé hollt að nærast á mat sem kemur úr nærumhverfi hans, grösom og káli sem gróa í hans heimasveit og dýrum sem þar eru á vappi. Gæti hið sama ekki átt við um hluti sem við stillum upp í kringum okkur, klæðumst og skreytum okkur með? Íslensk hönnun gefur þeirri erlendu að minnsta kosti ekkert eftir, sérstaklega ekki þegar okkar helstu hráefni eins og ull og fiskroð koma við sögu. Hér gefur að líta nokkrar hugmyndir að gjöfum.

- nrg



Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Gefðu gjafakort

– gefðu vellíðan



Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf handa þeim sem þú vilt gleðja. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna. Hægt er að kaup gjafakort fyrir ákveðna upphæð í tiltekna nudd- eða snyrtimeðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða á hin ýmsu námskeið. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er NordicaSpa heimur út af fyrir sig.

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Opið
Mánud.-fimmt. 6:00–21:00
Föstudaga 6:00–20:00
Laugardaga 9:00–18:00
Sunnudaga 10:00–16:00

N O R D I C A S P A



● **GEFÐU NÝJAN HEIM**

Það getur verið erfitt að gefa einhverjum jólagjöf sem á allt og vantar, strangt til tekið, ekki neitt. Oft endar maður á því að gefa ömmu sinni kerti eða frænku ævisögu sem einhver annar er líka búinn að kaupa handa henni. Þá getur þú komið sterkt inn og gert eitthvað alveg nýtt.




Prófaðu til dæmis að gefa ömmu þinni disk með uppáhaldstónlistinni þinni, það er aldrei að vita nema henni finnist hún skemmtileg.



Eða fjárfestu í striga, málningu og penslum handa frænku þinni sem fær alltaf konfektakassa frá öllum.

Heimur tölvuleikjanna er oft lokaður eldri konum sem hafa tíma til að drepa og þær munu örugglega ekki bera sig eftir þeim sjálfar. Hvernig væri að opna víddir tölvuheima fyrir þeim?

Svo gætirðu líka gefið þeim mánaðarlega ferð með þér á safn eða sýningu og hádegismat á undan eða kaffi á eftir. Eða hádegistónleika?



Og þá geturðu farið að gefa henni listaverkabækur og diska með tónlistinni sem þið heyrðuð saman. Þannig geturðu gefið gjöf sem gagnast þér líka og hver veit nema þú komir af stað nýju áhugamáli sem síðan getur nýst þér í jólagjafir árum saman?



Ævisögur og endurminningar heilla Bryndísi, sem langar til að lesa um Snorra Sturluson og Auði djúpúðgu um jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppvakningar og Jane Austen

Sögur um mikilmenni, spæjara og uppvakninga bar á góma þegar þrjár úrvalskonur voru beðnar um að nefna þær bækur sem þær langar helst í jólagjöf í ár.



Marianna er mest gefin fyrir fagurbókmenntir en viðurkennir að hafa gaman af spennusögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Síðustu dagar móður minnar er efst á lista yfir þær bækur sem Elísabetu langar til að eignast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarmaður segist hafa gaman af alls kyns skáldskap og fyrir þessi jól langar hana einna helst í Síðustu daga móður minnar eftir Sölva Björn Sigurðsson. „Hún segir af mæðginum sem skella sér til Amsterdam. Móðirin er með krabbamein á lokastigi og ferðin er hugsuð sem síðasta ævintýraferð mæðginanna,“ útskýrir Elísabet og bætir við að hún hafi heyrt vel af bókinni látið. „Mér skilst að hún detti alls ekki ofan í einhverja dramatík, en mér finnst heillandi þegar höfundum tekst að fjalla um erfið málefni án þess að detta ofan í þá gryfju og jafnvel takast að gera þau svolítið skemmtileg.“

Þá langar Elísabetu til að komast yfir Horfðu á mig, fimmtu spennusögu Yrsu Sigurðardóttur rithöfundar. „Mér finnst sögurnar hennar Yrsu lipurlega skrifaðar og skemmtilegar. Oftast er þetta léttmeti í aðra rönd en á móti kemur að það er þægilegt að hafa eitthvað í þeim dúr til að lesa ef maður er kannski að drukkna í vinnu. Einmitt þess vegna hef ég almennt gaman af slungnum sakamálasögum.“

Bryndís Schram segist eiga erfitt með að gera upp við sig hvaða bækur hana langi helst í vegna þess hversu fjölbreytt úrvalið er í ár. Sagnfræði, ævisögur og endurminningar heilli þó yfirleitt mest og því kemur kannski ekki á óvart að hún

skuli nefna bækur þar sem mikilhæfir menn í Íslandssögunni gegna stórum hlutverkum. „Sögurnar um Snorra Sturluson og Auði djúpúðgu finnst mér mjög spennandi, en það er eins með þær og aðra sagnfræði að lestur þeirra opnar dyr inn í aðra veröld,“ segir hún.

Bryndís kveðst einnig gleypa í sig hvers kyns skáldskap og hana langar mikið til að blaða í nýjustu verkum Steinunnar Sigurðardóttur, Jóns Kalmans Stefánssonar og Gyrðis Elíassonar. „Þessir höfundar eru allir í eftirlæti hjá mér,“ útskýrir hún og bætir við að Fuglalíf á Framnesvegi eftir Ólaf Hauk Símonarson, Dóttir mæðra minna, eftir Sindra Freysson og Orrustan um Spán komist líka á listann í ár.

„Hið fullkomna landslag eftir Rögnu Sigurðardóttur er það fyrsta sem kemur upp í hugann,“ segir leikkonan Marianna Clara Lúthersdóttir og lýsir söguþræðinum á eftirfarandi máta: „Sagan fjallar um

konu á listasafni sem fær það verk að skera úr um hvort málverk sem hún fær í hendurnar er falsað eða ekki og það hrindir af stað spennandi atburðarás.“ Söguna segir hún falla í flokk spennusagna sem hún viðurkennir að hafa lúmskt gaman af, en þess utan séu þó fagurbókmenntir í mestu uppáhaldi. „Svo er ekki verra ef það tvennt fer saman, eins og til dæmis í sögum Kate Atkinson sem verið er að þýða yfir á íslensku,“ segir hún.

Þá segist Marianna biða í ofvæni eftir bókinni Jane Austen and Zombies þar sem verkum höfundarins Austen og uppvakningahrýllingi er blandað saman. „Ég er náttúrulega aðdáandi Austen númer eitt og hef lesið allt eftir hana og ýmislegt sem henni viðkemur. Margt af því er reyndar ekki gott en mér skilst að þessi vægast sagt óvenjulegi kokkteill sé mjög skemmtileg aflestrar.“

- rve

Þríkrossinn
Tákn heilagrar þrenningar til styrktar blíndum og sjónskertum

Fæst um land allt.
Dreifingaraðili Blindrafélagið,
Hamrahlíð 17, sími 525 0000.

Stuðningur til sjálfstæðis!

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAD 1939

70
Íslenskt handverk

Hið eina sanna Jólabrauð

Ekta Egils Malt og Appelsin blandað að hætti íslenskra heimila

Egils

● **HANDA HESTAKONUNNI** Hestamennska er dýrt sport. Allar gjafir sem snúa að íþróttinni ættu því að gleðja hestakonuna. Úrvalið er endalaust enda þarf alltaf að endurnýja bæði föt, skó og reiðtugi.

Sérstök tíska er ríkjandi í hestaheiminum og því ekki hægt að vera í hvaða tusku sem er. Hestaverslanir bjóða upp á fallegan og vandaðan fatnað sem bæði þykir töff á hestamannamótum en sinnir sínu hlutverki sem útivistarfatnaður á við bestu útivistarmerkin.

Höfuðleður, mál og tauma er gott að eiga nóg af og því ekki hægt að missa marks með slíkri gjöf. Hnakkar eru svo sér kapituli út af fyrir sig. Þeir eru dýrir og ekki á færi margra að gefa slíkt jólagjöf, en svo mætti líta á slíka gjöf sem innborgun inn á afmælis- og jólagjafir í framtíðinni.





Þó að það kosti sitt að láta sérsauma er nánast öruggt að útkoman verði góð.

Sérsaumað fyrir vandlátar

Sumar konur eru svo vandlátar að óráðlegt er að reyna að koma þeim á óvart. Sé vilji til að gefa slíkum konum fallega flík vilja þær yfirleitt fá að máta sjálfar og þarf flíkin helst að passa eins og flís við rass. Slíkum konum ætti helst að gefa gjafabréf hjá saumakonu. Þó að það kosti sitt að láta sérsauma kjól, svo dæmi séu tekin, þá er næsta víst að notagildi hans eykst til muna ef hann er sem steypdur á konuna.



Vilji menn sýna fyrirhyggju og hafa kjólinn tilbúinn fyrir jól er um að gera að teyma konuna inn til saumakonu nokkru fyrir jól, láta sníða kjólinn og sækja hann svo nokkrum dögum fyrir jól og þá getur konan spókað sig í honum yfir hátíðarnar. Svo er um að gera að lauma einhverju óvæntu með, eins og eyrnalokkum, geisladiski eða bók, en það kunna flestar konur að meta og jafnvel þær allra vandlátustu líka.

-ve

● SKRÍN UNDIR SKART-ÍÐ

Hirsla fyrir hálsfestar, hringa og annað fineri er góð og nýtsöm gjöf handa þeim sem eiga mikið af slíku góssi. Hirsland getur verið hvort sem er skrín eða standur. Hvorutveggja tekur sig vel út á borði. Til eru alls konar skrín í verslunum, sum láta lítið yfir sér og líkjast krukum. Önnur eru íburðarmeiri og minna á litlar kómmóður. Þau hafa yfir að ráða hinum ýmsu hölfum og skúffum sem eigendurnir geta ráðað í og látið fara vel um dýrgripina.



● **GJÖF SEM GLEÐUR BÆÐI** Gjafabréf fyrir tvo í leikhús eða óperuna er góð gjöf frá honum til hennar. Hún er fyrirheit um ánægjulega kvöldstund sem bæði geta notið, ekki síst ef búið er að tryggja barnapössun líka, þurfi hennar með.

Fjölmarginn áhugavert er í boði á fjölnum bæði sunnan og norðan heiða svo vandlítið ætti að vera fyrir þiggjandann að velja. Það fer eftir áhugasviðinu hvort hann vill hafa verkið létt eða þungt; gefa hlátrinum lausan tauminn eða láta snerta við tilfinningunum. Sum verk sameina þetta tvennt með mikilli þryði.

Gefandinn nýtur góðs af gjöfinni líka og getur bætt við huggulegheitin með því að bjóða upp á létt stauþ í hléinu.



21.DES
kl.19-21

904-1000 kr. 1.000

904-2000 kr. 2.000

904-3000 kr. 3.000

Frjáls framlög www.jolagjofin.is



JÓLAGJÖFIN rennur óskert í einn sjóð og skiptist jafnt á milli eftirtalinna félaga:
Mæðrastyrksnefndir
ABC-barnahjálp
Rauði krossinn
Stígamót
ENZA

STYRKARTÓNLEIKAR

ABC - MÆÐRASTYRKSNEFND - RAUÐI KROSSINN - STÍGAMÓT - ENZA

Draumur Stígamóta er að geta endurvakið verkefnið "Stígamót á staðinn". Verkefnið fólst í því að ráðgjafar okkar flugu/sigldu eða óku til fólksins okkar á sex stöðum utan höfuðborgarsvæðisins og snéru síðan aftur með leyndarmál þeirra. Starfsemi Stígamóta fór þannig fram á sjö stöðum á landinu. Mikil vinna var lögð í þetta kæra verkefni og alls staðar komust færri að en vildu.

Fjárhagsstaða Stígamóta versnaði mjög við kreppuna og þurfti m.a. að segja upp tveimur starfskonum og lækka laun, auk þess sem starfskonur skúruðu í vinnutímanum. Engin leið var til þess að halda úti svo dýrri og tímafrekri vinnu og verkefnið varð að leggja niður.

Sú ákvörðun var erfið, því það er vont að klippa á vinnuferli sem farin eru í gang.

Til þess að endurvekja megi starfið, þarf að safna a.m.k. 6 milljónum króna.



Stígamót

BEIN ÚTSENDING 21.DES. kl.18:55-19:25

ÍSLAND Í DAG
JÓLABORPINU
HAFNARFIRÐI

Jóla
gjöfin
jolagjofin.is

KOSTAÐ AF

Rio Tinto Alcan
ISAL-STRAMSVÍK



Svampar og grófir húðburstar hreinsa burtu dauðar húðfrumur og gera húðina silkimjúka. Á eftir er gott að eiga ilmandi krem. NORDICPHOTOS/GETTY



Ilmkjarnaolíur virkja skynfærin til hins ýtrasta en þær má bæði bera á húðina og anda að sér.



Láttu renna í freyðibað fyrir elskuna og kveiktu á kertum.

Endurnærandi heimadekur

Dekurgjafir gleðja og næra og þá sérstaklega ef þeim fylgir loforð um nudd og góða hvíld.

Góður dekurpakki getur innihaldið líkamsskrúbb, svampa, freyðibað, baðbombur, sápur, krem, nuddolíur, ilmkjarnaolíur, handklæði og naglasett svo dæmi séu tekin. Mælt er með því að kaupa pakkann í verslun sem selur mildar vörur sem fara vel með húðina en þannig má forðast ofnæmi og ertingu. Eins er ráð að halda sig við aðeins einn ilm við val á sápum og kremum.

Pakkanum ætti að fylgja loforð um dekurdag og er upplagt að taka

einn af hátíðisdögum frá, láta renna í freyðibað, kveikja á kertum og vera síðan tilbúinn með nuddolíurnar á eftir.

Margir kaupa gjafabréf í dekur sem er góðra gjalda vert og ávísun á fagmannleg vinnubrögð. Gjafir til heimadekurs eru þó óneitanlega persónulegri auk þess sem dekríð má endurtaka að vild og því um að ræða gjöf sem endist.

Með þessu tæki er hægt að veita fyrir-taks axlarnudd.



Góðar nuddolíur skipta sköpum og þá sérstaklega ef loforð um nudd fylgir með.

GEFÐU ÍSLENSKA HÖNNUN Í JÓLAGJÖF

ÞÚ VELUR UPPHÆÐINA OG VIÐ SENDUM ÞÉR GULLKORT E-LABEL HEIM AÐ DYRUM Í GJAFÖSKJU

HAFÐU SAMBAND Í SÍMA EÐA LÍTTU VIÐ Í VERSLUN OKKAR

WWW.E-LABEL.IS | LAUGAVEGUR 33 | 552-2260

● HRYLLINGUR HITTIR Í MARK

Í gegnum kvikmyndasöguna hafa hryllingsmyndir og asískar bardagamyndir verið þær tegundir kvikmynda sem gefið hafa kvensöguhetjum einna mest vægi. Eitthvað á þá leið hljómar að minnsta kosti ein af mörgum femínískum útlekkingum á þeirri umræðu. Sé tekið mið af því er margt vitlausara en að splæsa í eins og eina góða horrormynd handa konunum í lífi þínu í jólagjöf, sérstaklega þeim sem orðnar eru átján ára gamlar.



Úr Hitchcock-myndinni Psycho frá 1960.

Til dæmis er einhver rosalega notalegur sjarmi yfir gömlum hryllingsmyndum eins og Exorcist og Rosemary's Baby og Hitchcock-safninu eins og það leggur sig. Kvenfólk getur þá um leið skemmt sér yfir flottum klæðaburði nostalgíunnar, svo gripið sé til enn einnar steriótýpunnar. Hryllingurinn ætti að hitta hryllilega vel í mark.

● EFTIR BAÐIÐ

Gæðalegur sloppur kemur vel til greina þegar hugað er að gjöf handa henni. Hvort sem það er einn af þessum þykku og hlýlegu sem hún getur vafið utan um sig eða þynnri og léttari sem gott er að smeygja sér í eftir heita sturtu, henta vel að sumrinu og frábært er að taka með sér í ferðalögin.



Kæru Íslendingar!

Yfir jólahátíðina glíma margir við meltingarörðuleika!

Við breytt mataraæði á jólaaðventunni leyfum við okkur ýmislegt í mat og drykk sem getur valdið uppþembu, krampa og meltingarónotum

100%
náttúrulegt

Now with
Micro-Encapsulation
& Enteric-Coated!

100%
NATURAL

Nýjar
og enn betri fréttir
fyrir meltinguna!

Búið er að bæta í hvert hylki af Pro-Gastro 8 um 3 billjónir af vinveittum gerlum og er nú hvert hylki 9 billjónir sem þýðir að mörgum dugir 1. hylki á dag en þeir sem þjást af miklum meltingarvandamálum taka 1 hylki 2x á dag eftir máltíð. Auk Pro-Gastro 8 einnig FOS, trefjar og papaya extrakt sem er ríkt af meltingar-ensímum. Hylkið er sýruhjúpuð sem tryggir hámarks upptöku í góðgerlanna í smáþörmunum.

Pro-Gastro 8 er oft kallað franska leyndarmálið bak við flatan maga...
Drelling: Gengur vel ehl

40 Vegicaps
(500 mg capsule)

Mörgum hefur reynst það vel að taka inn Pro-Gastro 8 góðgerla sem er 100% náttúrulegt efni. Pro-Gastro 8 inniheldur 8 tegundir af heilnæmum gerlum (probiotics), ásamt papaya meltingarensími.

Gott er að byggja upp meltinguna, með því að taka inn 1 til 2 hylki á dag með máltíð, en þegar stórra hátíðarmáltíða er neytt, er æskilegt að taka inn 2 hylki.

Pro-gastro 8 hylkin eru sýruhjúpuð sem tryggir hámarksnýtingu góðgerlanna!

Til þess að viðhalda góðri meltingu er gott að drekka mikið vatn. Drekkja ekki vökva með máltíðum, heldur fyrir og eftir. Tyggja matinn vel því þá verða til verðmæt meltingar-ensím. Streita getur einnig haft mjög slæm áhrif á meltinguna og því er gott að takast á við streituna með því að tryggja góðan svefn og stunda hóflega hreyfingu. Margir af fremstu lífstílsráðgjöfum halda því fram, að ef meltingin er í lagi þá séu kvillar og veikindi víðsfjarri.

Þú færð Pro-Gastro8 í apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmannaeyjum og Þinni verslun Seljabraut





JÓLA GJÖFIN HENNAR



Exido 235027
HÁRSNYRTISETT með sléttu-
járni og 3 krullujárnum (19,
25 og 32mm), sléttujárni, 2
hitastillingum, 360° snúningi
á snúru (flækjulaus).

VERÐ
5.995

FRÁBÆRT VERÐ



Lenco
AUDIO-VISIO

Lenco Xemio 260
Einfaldur 4GB MP3 SPILARI
fánlegur í þremur litum.
Flottur spilarí fyrir krakkana.

VERÐ
6.995

FRÁBÆRT VERÐ

SanDisk
MP3



SanDisk CLIP+4
MP3 SPILARI með 4GB minni (ca. 2000 lög) OLED skjá,
útværpi með minnum, diktafóni, USB, 15 tíma rafhlöðu,
kortalesara ofl. Virkar með hljóðbókum, Podcast ofl.

VERÐ
14.995

FRÁBÆRT VERÐ

Fæst bleik
eða svört

OLYMPUS



Olympus FE26
Stafræn MYNDAVÉL með 12 millj. punkta uppl.,
Autofocus, Face- og Contrast Detection, DSP
hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital
Zoom, 19MB minni, tekur xD kort ofl.

TILBOÐ
19.995

FULLT VERÐ 22.995

Fæst bleik
eða silfur

CASIO



Casio EXZ33
MYNDAVÉL með 10.1 millj. punkta uppl., EXILIM
2.0, BESTSHOT, Face Detection, DSP hristivörn,
2.5" TFT LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom,
6.3 - 18.9mm linsu, You Tube, 11.4MB minni og
rauf fyrir SD/SDHC kort. Hleðslurafhl. 230 skot.

TILBOÐ
26.995

FULLT VERÐ 34.995



OLYMPUS

Olympus FE4000
12MP með 4x Optical Zoom, Intelligent
Auto, Advanced Face Detection, 2.7" LCD
skjá, hreyfimyndatöku, sjálfv. ISO 100-1600,
Lithium hleðslurafhlöðu, 19MB innb. minni
ofl. Stýður xD og microSD kort .

TILBOÐ
27.995

FULLT VERÐ 29.995

Fæst bleik
eða svört

Fæst appelsín-
gul eða svört



Panasonic

Panasonic DMCFS42S
Stafræn MYNDAVÉL með 10,1 millj. punkta uppl.,
Face Detection, LUMIX Vario linsu, 4x Optical og 4x
Digital Zoom, linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5"
LCD skjá, hreyfimyndatöku, Burst Shooting, 50MB
minni, kortarauf ofl. 410 mynda rafhlaða.

TILBOÐ
29.995

FULLT VERÐ 34.995

Fæst bleik
eða svört

CASIO



Casio EXZ90
12,1MP með EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hágæða
hristivörn, Face Detection, 3" Super Clear LCD
breiðskjár, 3x Optical og 4x Digital Zoom, HD
hreyfimyndataka, YouTube, 35.7MB minni,
kortarauf og 230 mynda hleðslurafhlaða.

TILBOÐ
32.995

FULLT VERÐ 39.995

Fæst bleik,
svört
eða blá

OLYMPUS



Olympus MJU5000
Stafræn MYNDAVÉL með 12 millj. punkta uppl.,
5x Optical Zoom, 2.7" LCD skjá, 1/2.33" CCD flögu,
TruePic III örgjörva, hreyfimyndatöku, hágæða
hristivörn, Face Detection, skuggastillingum, YouTube
CM, Intelligent Auto, stýður xD og microSD kort ofl.

TILBOÐ
40.995

FULLT VERÐ 44.995



MELISSA

Melissa 635074
Keramik húðað KRULLUJÁRN með
hitastilli. Ummál 33mm.

VERÐ
2.495

FRÁBÆRT VERÐ

exido



Exido 231015
Hitapúði með sjálfvirkum slökkvara,
3 stillingum, tvöfaldrí ofhitavörn.
Áklæði má þvo. 100w. 37x27x15m.

VERÐ
4.995

FRÁBÆRT VERÐ



Scholl DR1335BE1
Vandað NAGLASNYRTISETT með 7
fylgihlúum, hleðslurafhlöðu og tössku.

VERÐ
4.995

FRÁBÆRT VERÐ



Sassoon VS109
Ultra-slim SLÉTTU-
JÁRN með 25mm
keramik plötum og
stillanlegum hiti að
200°. Hitnar á 30 sek.
Fæst í 4 litum.

VIDAL SASSOON

VERÐ
6.495

FRÁBÆRT VERÐ

Dantax

FÆST RAUTT
EDA SVART



Dantax RR303
FERDATÆKI með
CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útværpi ofl.

VERÐ
7.995

FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS



Philips HP8295
Gjafapakki með HÁRBLÁSARA
og SLÉTTUJÁRNI. 1800w hárbلاسari
með mjóum haus, 6 stillingum, ION afráfrögnun og
Cool Shot. Sléttujárn með Tourmaline keramik plötum
sem ná 230°C. Hitnar á 30 sek.

VERÐ
11.995

FRÁBÆRT VERÐ

exido



Exido 231010
Shiatsu NUDDSÆTI
með 10 stillingum,
4 innb. nuddkúlum
fyrir bakíð. Hnacka-
púða má taka af.
12v. 70x46x75m.

TILBOÐ
24.995

FULLT VERÐ 29.995

elna



ELNA 2100
SAUMAVÉL með
15 sporgerðir,
sporatöflu, stilliskifu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl.
Ábreiða fylgir. Bútaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ
34.995

FULLT VERÐ 37.995



Intenso 3901810
Stafrænn 7" MYNDARAMMI með fjarstýringu. Stílhreinn og flottur.

VERÐ
12.995

FRÁBÆRT VERÐ

INTENSO



Heimilistæki ht.is

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA



Erla Gerður Sveinsdóttir læknir og Anna Borg sjúkraþjálfari, búnar að stinga Lyklaþjálfanum í æfingatækið. Hildur stundar æfingar í bakgrunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lyklaþjálfari fylgist með framvindunni

Í Heilsuborg starfa læknar með ýmiss konar sérfræðimenntun, hjúkrunarfræðingar, næringarfræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Þar er einnig líkamsræktarstöð sem býður upp á sérstaka nýjung sem heitir Lyklaþjálfun.

Tecnogym er nafn á líkamsræktartækjum sem notast við sérstakt tölvutengt þjálfunarkerfi. Sá eða sú sem lyftir í tækjasal Heilsuborgar hefur tölvukubb meðferðis, nokkurs konar USB-lykil, sem fylgist með framvindu líkamsræktarinnar. „Þegar ég byrjaði í þessu programmi þá fór þjálfari með mér í tækin og sá hve miklu ég lyfti og hvernig ætti að stilla sætin,“ segir Hildur Kristjánsdóttir, markaðsstjóri hjá Heilsuborg. „Þegar ég mæti og sting lyklinum í samband segir tækið mér hvar ég á að hita upp. Þegar ég er búin að fara í eitt tæki þá bendir lykhillinn mér á næsta tæki, hvernig á að stilla það og hve oft ég á að lyfta,“ segir Hildur og útskýrir að lykhillinn telji hve margar lyftur maður hefur framkvæmt. „Mér finnst ótrúlega hvetjandi að einhver skuli fylgjast með manni þó það sé í raun enginn að því. Ef ég

svindla þá kemur það fram, því í lok dags þegar ég stimpla mig út þá sýnir lykhillinn dagsplanid og hvernig ég stóð mig í að uppfylla það,“ segir Hildur um reynslu sína af einkaþjálfaranum sem býr í tölvuskjáum lyftingasalarins. Hún tekur sem dæmi þegar hún er að lyfta og telur sig ekki geta meir, segi tölvuskjáriinn henni að hún sé aðeins búin með til dæmis þrettán af fimmtán lyftum sem hún á að taka og það veiti henni innspýtingu til að taka tvær lyftur til viðbótar.

Í Heilsuborg er líka að finna lækna og sjúkraþjálfara sem huga að heilsu skjólstæðinga sinna. Anna Borg sjúkraþjálfari bætir við ræðu Hildar að hreyfi maður sig aukalega, eins og að fara í göngutúr, skokka eða ganga á fjall, þá sé hægt að skrá þá aukahreyfingu í gagnabanka rafræna einkaþjálfarans og nota þá hreyfingu til að ná settum markmiðum. „Í Heilsuborg gefst kostur á að fá heilsumat og í framhaldi af því býðst meðferð fagaðila, fræðsla og þjálfun sem hentar hverjum og einum. Þar er vönduð fræðsla þar sem gefin eru ráð um það hvað hægt er að gera til að lifa heilbrigðu lífi, líða vel andlega sem líkamlega og fyrirbyggja heilsubrest,“ segir Anna Borg. - nrg

Banna umskurð kvenna

STJÓRNVÖLD Í ÚGANDA Í AFRÍKU HAFA BANNAD UMSKURÐ KVENNA MED LÖGUM.

Tíu ára fangelsi bíður þess sem framkvæmir umskurð á stúlku svo og þeim sem þröngvar stúlku til þess að undirgangast þessa sársaukafullu aðgerð. Lög þess efnis voru einróma samþykkt á þingi í Úganda í síðustu viku.

Umskurður kvenna er algengur í Afríku. Aðgerðin er ekki mjög algeng í Úganda en hefur þó verið stunduð í nokkrum mæli í samfélögum í norðausturhluta landsins.

Árið 2007 lýstu Sameinuðu þjóðirnar því yfir að umskurður kvenna væri gróf áráð á réttindi kvenna. Þá þótti ljóst að umskurður yki hættu á HIV-smiti og aukinni dánartíðni mæðra og barna. Talið er að um 100 til 140 milljónir kvenna í heiminum hafi verið umskornar.



Stjórnvöld í Úganda hafa bannað umskurð kvenna með lögum.

Næg hvíld er nauðsynleg til að halda góðri heilsu. Enn fremur er góð hvíld mikilvæg svo unnt sé að ná auknum árangri í líkamsræktinni. Reyndu að forðast aðstæður sem hafa truflandi áhrif á svefninn.



500 hollráð

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

OUTLET

SKÓR

Stelpu Verð **3.900 kr.**
St. 31-35

Dömu Verð **6.900 kr.**
St. 36-41

Dömu Verð **4.900 kr.**
St. 36-41

Dömu Verð **7.900 kr.**
St. 36-41

Dömu Verð **8.900 kr.**
St. 36-41

OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16



Gjafabréf

Gefðu góða jólagjöf sem veitir vellíðan.

Þessi glæsilega gjöf fylgir öllum gjafakortum að upphæð 10.000 kr. eða meira.*



Hafnarstræti 5
Reykjavík
sími: 552 9070
snyrtistofanagusta.is

*Á meðan birgðir endast

Atvinna

Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast í dagvinnu í
söluturn í Kópavogi og Grafarholti.

Upplýsingar í síma: 864-4617

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.

Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jóla, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæluðyr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði, eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

130 fm 4 herb íbúð á Völlumum í Hfj til leigu, laus 1 jan, uppl. í síma 8203776.

ROOM FOR RENT W/FURNITURE 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 Herb íbúð til leigu í Hólum, ca 85 fm, góð geymsla, lítið fjölbyli. Uppl í 8251505

Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í byrjun janúar. Uppl í 899-1604

Rólegt og reglusamt par með Labrador hund óskar eftir 2ja herb. íbúð í Rvk. Verður að vera samþykkt. Greiðslugeta 80 þús. Uppl. í s. 867 4343 eða david-karl@btnet.is

Einstæður faðir óskar eftir íbúð í 112, 113 eða 270. Lágmark 60 fm. Get borgað 6 mán. fyrirfram. S. 699 3200.

Atvinnuhúsnæði

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Til leigu gott iðnaðarhúsnæði í Höfðahverfi. Hagstætt leiguverð. Sími 861-8011.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorkjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktad & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad.S: 564-6500

Gisting



GISTING Í
KAUPMANNAHÖFN
GÓÐ STAÐSETNING
GOTT VERÐ!

Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufærri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði



Öryggisfélagið

Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu við RÆSTINGAR. Skilyrði: Góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 25 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

Atvinna óskast

Maður með reynslu getur bætt við sig verkefnum í dreifingu og sölu í verslanir. Kæli/frysti bill. Uppl. Einar 899 4629.

Viðskiptataækifæri

Miklir tekjumöguleikar! Engin persónuleg sala né vörulager. betrifjarhagnuna.com

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símadömur 908 1616
Við erum til fyrir ykkur, hringdu,
við biðum!

Elskum að daðra.
908 1616

Auglýsingasími

512
5050



- Mest lesið

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

59%
Lesar bara
Fréttablaðið

8,8%
Lesar bara
Morgunblaðið

32,2%
Lesar bæði
Fréttablaðið og
Morgunblaðið

Auglýsing í
Fréttablaðinu
nær til yfir
91%
blaðalesenda

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



MJÓLKURVÖRUR Á LÆGRA VERÐI



FLJÓTLEGT
Í DESEMBER
ÞÆGILEGT

998
KR. 1 KG.

NF GRÆNMETISBUFF 1 KG.
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !



BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 10% & 18%



BÓNUS RJÓMI & MATARRJÓMI 400 ML



FLJÓTLEGT
Í DESEMBER
ÞÆGILEGT

398
KR. STK

GRÍMS PLOKKFISKUR 400g
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !



FLJÓTLEGT
Í DESEMBER
ÞÆGILEGT

298
KR. 900g

BÓNUS FORSODNAR
KARTÖLFUR 900G



279
KR. STK

BÓNUS FETAOSTUR 250g
FETI Í KRYDDOLÍU & FETI Í KRYDDOLÍU OG OLÍFUM



198
KR. STK

BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G



30%
AFSLÁTTUR

ISLANDSNAUT: FERSKT 100% UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG **1049 kr.kg**



FLJÓTLEGT
Í DESEMBER
ÞÆGILEGT

100%
NAUTAHAKK

30%
AFSLÁTTUR

ISLANDSNAUT: 4 STK. 100% UNGNAUTABORGARAR
M.BRAUÐI MERKT VERÐ 798 KR.PK **559 kr.pk**



698
KR. KG.

KS SALT FISKUR Í BITUM- ÚTVATNAÐUR



98
KR. DS.

E.S ORKUDRYKKUR 250ML ORKUSKOT Á FRÁBÆRU VERÐI

BONUS BÝÐUR BETUR



VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ ÞRIÐJUDEGI TIL SUNNUDAGS

WALT DISNEY LÉST Á ÞESSUM DEGI
ÁRIÐ 1966.

„Allir draumar geta ræst ef við
höfum hugrekki til að fylgja
þeim eftir.“

Walt Disney fæddist árið 1901 og
varð einn frægasti og vinsælasti
kvikmyndaframleiðandi sögunnar.
Fyrirtæki hans skapaði margar
þekktar teiknimyndapersónur,
þar á meðal Mikka mús og And-
rés önd.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. DESEMBER 1995

„Bosmann-dómurinn“ kveðinn upp

Á þessum degi árið 1995 dæmdi mannréttinda-
dómstóll Evrópu belgiska knattspyrnumanninum
Jean-Marc Bosman í hag í máli sem hann höfð-
aði gegn félagsliði sínu, knattspyrnusambandi
Belgiu og Evrópu (EUFA), varðandi rétt leik-
mannsins til atvinnufrelsis.

Bosman vildi komast frá Standard Liege til
franska liðs árið 1990, en samningur hans við
belgiska liðið var útrunninn og vildi félagið fá
upphæð fyrir leikmanninn sem franska félag-
ið var ekki tilbúið að greiða. Fimm árum síðar
var úrskurðað að Bosman hefði verið frjálst að
fara því það samrýmdist reglum um frjálst flæði
vinnuafns. Ípróttir voru skilgreindar eins og hver
önnur atvinnustarfsemi innan Evrópusambands-
ins.

Dómurinn hafði mikil áhrif á knattspyrnuheim-
inn. Félagin áttuðu sig á því að það borgaði sig
að gera lengri samninga við leikmenn og greiða



þeim hærri laun. Í kjölfarið kom launaskrið sem
enn sér ekki fyrir endann á.

MERKISATBURÐIR

- 1888 Glímufélagið Ármann er stofnað.
- 1953 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er tekið í notkun.
- 1953 Þverárvirkjun er fyrst gangsett.
- 1979 Davíð Scheving Thorsteinsson kaupir bjór í friðhöfninni við komu til landsins, en er mein-
að að hafa hann með sér
inn í landið. Þetta leið-
ir til rýmkunar á reglum
og lögleiðingar bjórs á Ís-
landi.
- 2004 Bobby Fischer fær land-
vistarleyfi á Íslandi.
- 2004 Íslenska ríkið kaupir tíu
þúsund skopteikning-
ar eftir Sigmund Johan-
son Baldvinsen sem áður
höfðu birst í Morgunblað-
inu.

AFMÆLI



**RAGN-
HEIÐUR
GRÖNDAL**
söngkona
er 25 ára í
dag.



**GÍSLI ÖRN
GARÐAR-
SON** leikari
er 36 ára í
dag.



**DON JOHN-
SON** leikari
er sextugur
í dag.



**HERBERT
GUÐ-
MUNDSSON**
tónlistar-
maður er
56 ára í
dag.



**ADAM
BRODY**
leikari er
þrítugur.



**STUART
TOWNSEND**
leikari er 37
ára.



SÖGUSTUND Ingi Garðar Magnússon sagði börnunum á leikskólanum Bakkaborg í Breiðholti sögur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SÖGUBÍLLINN ÆRINGI: FERÐAST UM LEIKSKÓLA BORGARINNAR

Afar segja börnunum sögur

„Þetta hefur gengið vonum fram-
ar. Börnin hafa mjög gaman af því
heyra þessar sögur, og öfunum þykir
að sama skapi verulega skemmtilegt
að hitta krakkana,“ segir Ólöf Sverris-
dóttir, verkefnastjóri Sögubílsins Ær-
ingja, sem keyrir milli leikskóla borg-
arinnar á vegum Borgarbókasafnsins
með ýmsa sögumenn innanborðs. Fyrir
þessi jól eru það nokkrir afar sem ferð-
ast um með bílnum og segja leikskóla-
börnunum sögur af því hvernig jólaund-
irbúningurinn gekk fyrir sig í þeirra
ungdæmi og fleiru skemmtilegu.

Sögubíllinn Æringi, sem er fagurlega
skreyttur að utan af myndlistarmann-
inum Brian Pilkington, var vígður í

febrúar 2008. Hann keyrir um allt árið
um kring, og fyrir utan að heimsækja
leikskóla tekur hann þátt í ýmsum há-
tíðum, hefur viðkomu í Fjölskyldu-
og húsdýragarðinum á sumrin og svo
mætti lengi telja. Fyrir síðustu jól voru
það ömmur sem ferðuðust með bílnum
á leikskóla, en nú er eins og áður sagði
komið að öfunum.

Sögurnar sem afarnir bjóða börn-
unum upp á eru af ýmsu tagi. Sumir
þeirra teikna myndir og segja sögur
af sjálfum sér og æsku sinni, á meðan
aðrir fara með Jólaveinavísir Jóhann-
esar úr Kötlu, sýna muni sem þeir
hafa tálgað út eða smíðað og margt
fleira.

Afarnir koma úr ýmsum áttum.
Nokkrir þeirra eru virkir í félagsstarfi
aldrára, og enn aðrir taka þátt í gegn-
um kunningsskap við verkefnisstjórn-
ann. „Flestir eru þeir nú reyndar orðnir
langafar, en eru þá auðvitað afar um
leið,“ segir Ólöf. „Viðtökurnar eru yf-
irleitt mjög góðar og afarnir ná vel til
barnanna. Það er mjög gaman að fylg-
ast með því skemmtilega sambandi sem
myndast þarna á milli.“

För afanna með Sögubílnum á leik-
skólana heldur áfram allt fram að Þor-
láksmessu, og því eiga margir af yngstu
kynslóðinni von á skemmtilegri sögu-
stund á næstu dögum.

kjartan@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför ástkærrar
móður okkar, tengdamóður, ömmu og
langömmu,

Eriku Önnu Einarssonar
Hraunvangi 1, Hafnarfirði.

Ingvar G. Snæbjörnsson
Einar F. Snæbjörnsson
Fannlaug S. Snæbjörnsdóttir
Guðjón S. Snæbjörnsson

Ingigerður Guðmundsdóttir
Ólafía Agnarsdóttir
Soffía Björnsdóttir



Faðir okkar, tengdafadur, afi og langafi,
Arnór Sigurðsson
frá Hnífsdal, síðast til heimilis á
Dvalarheimilinu Felli í Reykjavík,

lést sunnudaginn 13. desember.
Útförin verður auglýst síðar.

Guðmunda Arnórsdóttir
Málfríður Arnórsdóttir
Sigurður Arnórsson

Björn Ástmundsson
Sigríður Kristjánsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær stjúpmóðir mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma og
langalangamma,

**Ólafía Pálína
Magnúsdóttir**

frá Gilsfjarðarbrekku, síðast til heimilis
að Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést laugardaginn 12. desember. Jarðarförin auglýst
síðar.

Aðstandendur.



Faðir okkar, tengdafadur, afi, langafi og
langalangafi,

Vigfús Sigurðsson

húsasmiðameistari, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtu-
daginn 17. desember kl. 13.00.

Inga Sigrún Vigfúsdóttir
Guðfinna Vigfúsdóttir
og afabörnin.

Óli Rafn Sumarliðason
Aðalsteinn Valdimarsson

Kærleikskúlan slær í gegn í Færeyjum

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sendir frá sér Kærleikskúlu í sjöunda sinn fyrir þessi jól. Þar að auki hafa Færeyingar tekið verkefnið upp á sína arma og gefið út fyrstu færeysku Kærleikskúluna. Færeyingar fengu góðfúslegt leyfi félagsins til að framleiða sams konar vörur í Færeyjum og rennur ágóðinn af þeim til Dugni, sem er verndaður vinnustaður þar í landi. Hluti ágóðans kemur svo til með að renna í sérstakan Kærleikskúlusjóð sem ætlaður er fótluðum börnum í þróunarlöndunum.

Tróndur Patursson, einn þekktasti listamaður Færeyinga, skreytti færeysku kúluna. Á henni synda hvalir og innan í henni er vatn. Þess skal getið að sala á kúlunni hefur farið fram úr björtustu vonum og er hún nánast uppseld í Færeyjum.



VINSÆL Líkt og tíðkast hérlendis fengu Færeyingar þekktan listamann þar í landi til að skreyta kúluna.

Íslensk náttúra með augum Laurent Friob

Ljósmyndarinn Laurent Friob opnar sýningu á verkum sínum í Skotinu á fimmtudaginn næstkomandi. Á ljósmyndasýningunni sem ber yfirskriftina Stjörnur eitt augnablik sýnir Friob myndir sem hann tók á Íslandi, nánar tiltekið af Goðafossi sem hann heillaðist af meðan á dvöl hans stóð árið 2008.

Fribo sem er eðlisfræðingur og hljóðverkfræðingur að mennt, hefur lokið námið

í listum. Á móti hefur hann tekið þátt í sýningum víðs vegar um heim og var til að mynda fulltrúi heimalands síns Lúxemborg í European Month of Photography-ljósmyndahátíðinni árið 2006. Þá hafa myndir eftir Friob birst í virtum ljósmynda-tímaritum. Það skal tekið fram að ljósmyndasýningin Stjörnur eitt augnablik verður höfð opin alla virka daga frá klukkan 12 til 19 og frá 13 til 17 um helgar.



ÍSLAND Í NÆRMYND Á sýningunni gefur að líta myndaröð af Goðafossi sem Friob tók hér árið 2008.



Okkar yndislegi og ástkæri,
Karl Smári Guðmundsson,

lést af slysförum 8. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 15.

Berglind Ármannsdóttir
Guðmundur Þór Karlsson
Auður Eir Guðnadóttir
Guðni Þór Guðnason
Birgitta Líf Magnúsdóttir
Guðmundur Heiðmar Karlsson
Guðrún Halldórsdóttir systkini og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Pétur H. Ólafsson

Lindargötu 61,

sem lést laugardaginn 5. desember sl. á líknardeild Landspítala Landakoti, verður jarðsöngurinn miðvikudaginn 16. desember frá Hallgrímskirkju og hefst athöfnin kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Péturs er bent á Minningarsjóð Félags eldri borgara í Reykjavík og líknarstofnanir.

Hrefna Pétursdóttir
Hugrún Pétursdóttir
Pétur K. Pétursson
Ólína Björk Pétursdóttir
afabörnin öll og systkini hins látna.

Marteinn Elí Geirsson
Anna S. Einarsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðsteinn Magnússon
fyrrv. bifreiðarstjóri, Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést 4. desember á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ragnar Heiðar Guðsteinsson
Magnea Guðrún Guðsteinsdóttir
Henný Rós Guðsteinsdóttir
Svanur Fannar Guðsteinsson
Þórey S. Erlingsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Duftker elskulegrar eiginkonu minnar,
Lindu Wendel,

sem lést 28. júní sl. var jarðsett í duftgarðinum á Sóllandi við Fossvogskirkjugarð þriðjudaginn 8. desember 2009. Við viljum votta öllum þeim, sem sýndu okkur á einn eða annan hátt hlýhug og vinarþel við andlát Lindu, innlegustu þakkir.

Fyrir hönd vandamanna,
Agnar Ingólfsson



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanbjörg Eiríksdóttir
Hlíðargötu 28, Sandgerði,

lést fimmtudaginn 10. desember. Jarðarförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, fimmtudaginn 17. desember kl. 14.00.

Ása Sigríður Sveinsdóttir
Pétur Friðrik Sveinsson
Linda Ósk Sveinsdóttir
Steinþór Einarsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Elísabet Þórðardóttir

áður Heiðargerði 1, Reykjavík og Víðihóli, Mosfellsdal,

lést á Droplaugarstöðum 3. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 13.00.

Þórdís Árnadóttir
Þórður Árnason
Guðrún Ingvarsdóttir
Árný Ingvarsdóttir og Elísabet Þórðardóttir

Ingvar Birgir Friðleifsson
Vilborg Oddsdóttir
Hildur Ingvarsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Stefánsdóttir
frá Hofi í Öræfum,

lést á hjúkrunarheimili HSSA á Höfn, fimmtudaginn 10. desember. Hún verður jarðsöngin frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

Gunnar Páll Bjarnason
Sigurjón Arnar Bjarnason
Unnur Bjarnadóttir
Jón Sigurbergur Bjarnason
Stefán Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Ingimundardóttir
Áslauga Guðmundsdóttir
Margrét Guðbrandsdóttir



Ástkær eiginkona mín,
Erna Matthíasdóttir

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 10. desember. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. desember kl. 13.00.

Loftur Þorsteinsson
Þorsteinn Loftsson
Matthías Loftsson
Ingibjörg Loftsdóttir
Páll Loftsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hanna Lilja Guðleifsdóttir
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Trausti Sigurjónsson
Anna Pála Vignisdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, amma og systir,

Brynja Júlíusdóttir
Strandgötu 6, Ólafsfirði,

lést laugardaginn 12. desember á Hornbrekku, Ólafsfirði. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 19. desember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hornbrekku, Ólafsfirði.

Próstur Ólafsson

Lára Þórðardóttir
Sólveig Anna Brynjúsdóttir
Porfinna Ellen Prastardóttir
Júlíus G. Gunnlaugsson
Ólafur Vígundsson
dóttursynir og systkini.

Kristinn Axel Sigurðsson
Guðfinna Steinsdóttir

POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: **696 POPP (696 7677)** eða á **popp@frettabladid.is**

Við viljum tvífara fræga fólksins! Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.



vodafone



Partíið er alveg að verða búið

BAKÞANKAR
Önnu
Margrétar
Björnsson

Nú í miðjum jólaundirbúningnum stendur yfir mikilvæg ráðstefna í Kaupmannahöfn. Á meðan við stressum okkur yfir heimilisþrifum, jólagjafainnkaupum og of mikilli vinnu í aðdraganda hátíðahalda eru stærstu auðríki heims að reyna að komast að samkomulagi til þess að stöðva hlýnun jarðar. Við geispum yfir fyrsta kaffibolla morgunsins og flettum yfir fréttir af loftslagsráðstefnunni í dagblöðunum. „Hundrað þúsund mótmælendur gengu til bjargar loftslagi.“ „Tólf hundruð manns handteknir í mótmælum helgarinnar.“ Við geispum aftur. Mótmæli eru svo þreytandi.



Það er ólíklegt að viðræður helstu ráðamanna heims beri mikinn árangur. Áherslur eru lagðar á minni losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið en stórveldi eins og Bandaríkin og Kína munu ekki geta samið um slíkar tölur. Hinn geðþekki Barack Obama getur lítið gert utan þess að halda innblásnar ræður sem gætu vakið áhuga á málefnum. Þetta málefni ætti þó að eiga erindi við flesta. Við mannfólkið, sem höfum nefnilega lifað við ágætis jafnvægi í veðrum og vindum undanfarin tíu þúsund

ár, erum að uppgötva að partíið er alveg að verða búið.

FLÓKIN samfélög okkar byggja að svo miklu leyti á veðurfari og vissunni um að uppskera heppnist. Við viljum byggja upp borgir án þess að eiga óveður eða flóðbylgjur á hættu. „Ef loftslagið væri banki væri búið að bjarga því,“ stóð skrifað á spjöld mótmælenda í Kaupmannahöfn. Kreppan er nefnilega hlægileg í samanburði.

ÁRLEGA birtast fleiri og fleiri uggekjandi niðurstöður. Við eigum ekki eftir að sigla rólega inn í snarbilad veðurfar heldur gæti þetta gerst í einni stórrí og skelfilegri svipan. En það er auðvelt að hrista svona staðreyndir af sér eða benda á Obama eða Hu Jintao á meðan maður nennir ekki að flokka ruslið og setur bilinn snemma í gang fyrir utan á morgnana af því að það er svo kalt úti.

KANNSKI ætti að leggja meiri áherslu á að fræða fólk um hverju einstaklingar geta áorkað. Minnkum neyslu á kjöti og mjólkurvörum, hættum gosþambinu. Endurvinnum ruslið. Og lesum jafnvel litlu fréttina í blaðinu þegar forsætisráðherra Tuvalu biður þingfulltrúana í Kaupmannahöfn um gríð fyrir landið sitt svo að það sökkvi ekki í sæinn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hjá okkur finnast gjafirnar



NOKKUR VERÐDÆMI


22sm	PANNA	3.990
26sm	PANNA	4.990
28sm	PANNA	5.990
30sm	PANNA	6.490
16sm	POTTUR	1.990
18sm	POTTUR	2.490
20sm	POTTUR	3.490
24sm	POTTUR	4.990



Flottir pottar og pönnur sem passa á allar tegundir helluborða – Líka á spansuðu – Frábært verð!

SEVERIN

Frábær kaup í smátækjum



Severin KW3667
Eldhúsvog með törun í vigtunarglugga. Tekur allt að 5kg með 1gr nákvæmni. Slekkur sjálfvirk á sér eftir notkun.

VERÐ 3.990



Severin SM3807
200w TÖFRASPROTI með skál og 2 hraðastillingum. Veggfesting fylgir.

VERÐ 5.490



Severin HM3827
200w handpeytari með 5 hraðastillingum. Þeytarar og krókar fylgja.

VERÐ 3.790



Severin AT2514
Stál BRAUÐRIST með mörgum stillingum, mylsnubakka og bolluhitara. Tekur 2 sneiðar.

VERÐ 5.790



Severin PC3751
Poppkornsvél sem býr til poppkorn með heitu lofti á 2,5 mínútum.

VERÐ 5.990



Severin PW 7007
Glæsileg gler baðvog með 100g/150kg kvarða og LCD skjá. Fer í gang við snertingu. Svart og stál.

VERÐ 3.990



Severin PW7008
Vönduð stafræn gler baðvog með fitumælingu. Kveikir sjálf á sér. Tekur allt að 150kg með 100gr nákvæmni.

VERÐ 5.990



Severin WA2101
900W stál vöflujárn með viðloðunarfrírri húð, gaumljósi og stíglausum hitastilli.

VERÐ 6.790



Severin MW9713
700w og 17 lítra örbylgjuofn úr stáli með innbyggðu 1000w grilli.

VERÐ 14.990



Severin BM3983
1000g BRAUÐVÉL með LCD skjá, 12 stillingum fyrir brauð, kökur ofl. 3 skorpustillingar og tímastillir.

VERÐ 15.990

KitchenAid

Aðeins það besta í eldhúsið



JÓLATILBOÐ

Glæsileg 90 ára afmælis glerskál að andvirði kr. 17.900 fylgir öllum KitchenAid hrærivélum



Margir litir fáanlegir.



Einnig fylgir frábær KitchenAid matreiðslubók!



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Vandaðir olíufylltir Wösab rafmagnsöfnar í miklu úrvali

! **ath kl. 21 í Langholtskirkju** Kyrrðarstund með ljóðalestri og íhugunartónlist: Sigurbjörg Prastardóttir skáldkona og Björn Hlynur Haraldsson leikari lesa ljóð en Davíð Þór Jónsson og Tómas Guðni Eggertsson leika kafla úr Orgelbuc-hlein eftir Jóhann Sebastian Bach, aðventu- og jólasálmatorleiki.

menning

menning@frettabladid.is

Mozart við kertaljós

Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósátónleika rétt fyrir jólin og verða tónleikarnir nú í fjórum kirkjum, Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju, Garðakirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík. Verða tónleikarnir dagana 18.-21. desember en Garðakirkja á Álftanesi bættist við tónleikaröðina í fyrria en þetta er í sautjándan sinn sem þessir tónleikar eru haldnir og hafa aldrei fleiri kirkjur hýst þá en nú.

Í ár verða fluttar tvær af perlum W.A. Mozarts, það er kvöldlokkan „Eine Kleine Nachtmusik“ fyrir strengi og hinn glæsilegi klarinettkvintett K 581 en klarinettan var í miklu dálæti hjá Mozart og þessi kvintett frumfluttur á jólatónleikum árið 1789. Í lok tónleikanna er að venju



TÓNLIST Camerartica í Dómkirkjunni þar sem hópurinn endar tónleikaröð sína þann 21. desember. MYND CAMERARTICA

leikinn sálmurinn „Í dag er glatt í döprum hjörtum“ úr Tófraflautunni. Tónlistarflytjendur á Mozart við kertaljós í ár verða þau Ármann Helgason klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Tónleikarnir verða sem hér segir: Í Hafnarfjarðarkirkju föstudagskvöldið 18. desember, í Kópavogskirkju laugardagskvöldið 19. desember, í Garðakirkju Álftanesi sunnudagskvöldið 20. desember og loks í Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudagskvöldið 21. desember. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21.00. Allir eru velkomnir og miðar seldir eingöngu við innganginn.

> Ekki missa af ...

hinum árlegu jólatónleikum Borgardætra á Café Rosenberg sem verða dagana 15., 16., 17. og 18. desember. Með dætrunum leikur tríóið Þorpsbúar: Eypór Gunnarsson leikur á píanó, básúnu og klukkuspil, Birgir Bragason á kontrabassa, oud og ukulele og hinn margverðlaunaði Magnús Tryggvason Elíassen leikur á trommur. Á efnisskrá eru jólaög úr ýmsum áttum, gamanmál og ýmsar óvæntar uppákomur sem of langt mál væri að skýra frá hér. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 öll kvöldin.

Drengirnir og Diddú

Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt bláasarasextett, í daglegu tali Diddú og drengirnir, heldur sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju í kvöld kl. 20.30. Efnisskrá er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jóla-ög. Þar verður söngkonan mætt með sitt glaða fas og mun blanda saman hátíðleika og hispursleysi og bláasarsveitin þarf að leika bæði milt og blítt en vísast þuðra vel í hornin sér til svölnar og gestum til hressingar. Miðasala er í Þjónustuveri Mosfellsbæjar.



TÓNLIST Diddú og drengirnir leika í kirkjunni frægu á Mosfelli í kvöld.

Frumlegasti krimminn

Bókmenntir ★★★★★

Pegar kóngur kom

Helgi Ingólfsson

Kápan á nýrri skáldsögu eftir Helga Ingólfsson er líklega sú eina þar sem söguþráður er kynntur í nokkru máli, hann er lagður ofan í fornlegt skjál en í baksýn er mynd af Reykjavík á síðari hluta níttjándu aldar: þar er tekið fram að sagan greini frá örlögum ungrar stúlku og nýfædds barns daginn þegar Kristján níundi kemur til Íslands sumarið 1874. Kápan er einhver sú lakasta sem hefur sést á þessu hausti og gerir því miður ekki mikið fyrir kynningu verksins. Saga Helga er býnsa löng, 367 síður og er tvímæla-laust athyglisverðasta og vandaðasta sakamálasagan sem kemur á íslenskan markað fyrir þessi jól og teygir sig jafnframt inni í aðra geira með markverðum hætti. Það væri því synd ef hún færi fram hjá lesendum.

Nú er það vel kunnugt að fjöldi höfunda leitar til liðinna tíma í leit að spennandi umfjöllunar-efni, Helgi hóf feril sinn 1994 með tveimur tengdum sögum sem gerðust á tímum Rómaveldis. Hann er sagnfræðimenntaður og Þegar kóngur kom... ber öll þess merki að hann hefur sókkt sér ofan í persónusögu og aldarfarslýsingu í heimildum af öllu tagi þegar hann setti saman söguna. Rannsókn hans nær ekki aðeins til einstaklinga innan embættis-mannastéttarinnar á þessum tíma í Reykjavík, heldur líka til smælingjana, vatnsberanna, kotafólksins, strákanna í Lærða skólanum, hárra og lágrá. Skapar skáldið óhemju fjörlega og lifandi mynd af Reykjavík vorið og sumarið 1874.

Meginatburðarás sögunnar hverfist aftur um Sigríði, unga konu sem uppnefnd er Sígga tölf, sem er ófrísk og vill ekki segja hver faðirinn er og örlög þeirra



HELGI INGÓLFSSON

mæðgina, skólastrákinn Mórítz Halldórsson, son Halldórs Friðrikssonar sem er fyrirferðarmikill í liði Jóns Sigurðssonar um þær mundir, og Hjaltalín lækni. Þá koma einnig við sögu Gestur Pálsson skáld sem þá er enn þá í skóla, Matthías Jochumsson, sem er nýbúinn að kaupa Þjóðólíf, lög-regluþjófninn Jón Borgfirðingur og fleiri og fleiri. Sagan er galopin gluggi inn í smábæinn Reykjavík þetta ár. Helga tekst með miklum ágætum að sýna okkur þörpið, byggðina í kvosinni og kotbýlin í kring, bæði við Kirkjugarðsstíg (Suðurgötu) og ruðningana suður í Þingholtsverfið. Sagan gerir vel að koma lesanda fyrir í þessum bæ á annasöfum tíma en jafnframt vinnur Helgi af festu við að keyra söguna fram í samtölum sem mörg eru listavel unnin, t.d. bæði það sem lagt er í munn Hjaltalín lækni og eins Gestis Pálsyni. Hér er líka brugðið upp lifandi myndum af nafnkunnnum fátæklingum eins og Sæfinni á

séxtán skóm og hirðusemi hans ofin snyrtilega inn í plottið, en hann safnaði öllu sem varð á vegi hans.

Í sögunni er svo svipt hulunni af ýmsum fyrirbærum í bæjarlífinu, drykkjuskap ungra manna, lauslæti ungra kvenna af lægra standi, kostulegum atburðum við framkvæmd konungsheimsóknarinnar, sláðinu í bænum, uppreisnaranandanum í skólanum, háttum heldri borgara, t.d. við skotæfingar í Skothúsinu, framgangi við krufningar, þetta er haganlega ofin saga og hvik af hugmynda-fjöri sem hleypir lífi í sögulegar staðreyndir og nýtir þær til að skapa alíslenska og spennandi sakamálasögu.

Lesendur getur ekki grunað fyrir en nánast undir lok sögunnar hver hinn seki er, og eru þeir raunar tveir, annar hátt settur en hinn lágt settur, og báðir gera sig seka um svik sem leiða til dauða saklausra. Getur hugsast að hinn óvænta játning í lok sögunnar lögd í munn merkispersónu sé svo mikið feimnismál að útgeandi skirrist við að gefa verkinu það þúst á markaði að það fái almenna athygli?

Rithöfundum hefur gengið misvel, flestum illa, að endurskapa heim síðari hluta níttjándu aldar, ekki síst ef þeir hafa freistast til að leggja orð í munn sögufrægu fólki. Helga tekst það mikið vel og þótt sagan taki nokkuð langan krók á kringum konungsdagskrána sjálfa, með mörgum skemmtilegum smærri atriðum, þá er snöggur endirinn óvæntur. Þegar kóngur kom er vel saminn og vel undirbyggð sakamálasaga sem bregður leiftrandi ljósi á Reykjavík og bæjarbúa þessa tíma.

Páll Baldvín Baldvinsson

Niðurstaða: Frumlegasta plottið á þessu glæpahausti, frábærlega undirbyggð saga með merkilegri mannlífslýsingu.



DOGMA
bolir fyrir þá sem er erfitt að gefa jólagjafir

www.dogma.is

Oliver Messiaen
